

Ellen G. White Estate

KRISTUR FRELSÆI VOR

ELLEN G. WHITE

Kristur Frelsaei Vor

Ellen G. White

1914

**Copyright © 2015
Ellen G. White Estate, Inc.**

Information about this Book

Overview

This eBook is provided by the [Ellen G. White Estate](#). It is included in the larger free [Online Books](#) collection on the Ellen G. White Estate Web site.

About the Author

Ellen G. White (1827-1915) is considered the most widely translated American author, her works having been published in more than 160 languages. She wrote more than 100,000 pages on a wide variety of spiritual and practical topics. Guided by the Holy Spirit, she exalted Jesus and pointed to the Scriptures as the basis of one's faith.

Further Links

[A Brief Biography of Ellen G. White](#)
[About the Ellen G. White Estate](#)

End User License Agreement

The viewing, printing or downloading of this book grants you only a limited, nonexclusive and nontransferable license for use solely by you for your own personal use. This license does not permit republication, distribution, assignment, sublicense, sale, preparation of derivative works, or other use. Any unauthorized use of this book terminates the license granted hereby.

Further Information

For more information about the author, publishers, or how you can support this service, please contact the Ellen G. White Estate at mail@whiteestate.org. We are thankful for your interest and feedback and wish you God's blessing as you read.

Formáli.

B E S T verður, frásögnin um líf frelsara vors, á jörðunni, sögð á barnslegu máli; þessi bók er riluð án þess að minst sé á alla viðburði þess. Vér getum aldrei til fulls, skilið hve djúp og víðtæk þau áhrif eru, sem koma af lífi Jesú frá Nazaret. Sérhver blessun veitist oss, gegnum það samband, er kom milli himins og jarðar, þá er herra dýrðarinnar tók að sér að frelsa syndugan heim. Þessi áhrifamikla frásaga, hefir fyllt andagift, bæði munn mælskumanna og penna hinna lærðu. Hinir undraverðu viðburðir, þurfa ekki vorra skýringa eða viðbóta við. Fegurð þeirra, tekur fram öllum mannlegum listum. Þeir skína skærast í sínum eigin ljóma.

Höfundurinn hefir ekki lagt áherslu á að nota neilt háfleygt mál. Frásögnin er einföld og greinileg, rituð með nákvæmri tilfinningu fyrir hinu óendanlega mikilvægi efnisins. Framsetningin er þannig, að ekki einungis börnin geta skilið efnið, heldur uppfyllist einnig sú ósk vor allra, er stendur í versinu:

»Seg mér hinn eiufalda sannleika eins og litlu barni.«

Vér óskum, að hann verði meðtekinn, með hinni sömu einlægni og hreinu trú.

G. C. T.

* * * * *

Efnisyfirlit

Information about this Book	i
Formáli.	iii
Kafli 1—Fæðing Jesú.	6
Kafli 2—Jesus er færður guði i musterinu	9
Kafli 3—Heimsókn vitringanna.	12
Kafli 4—Flóttinn til Egyptalands.	14
Kafli 5—Barnæska Jesú.	16
Kafli 6—Baráttu tími.	21
Kafli 7—Skirnin.	25
Kafli 8—Freistingin.	27
Kafli 9—Hin fyrsta opinbera starfsemi Jesú	31
Kafli 10—Kenning Jesú	36
Kafli 11—Hvildardagshelgihald.	41
Kafli 12—Hinn góði hirðir.	46
Kafli 13—Týndur og fundinn.	50
Kafli 14—Jesús ríður inn i Jerúsalem	52
Kafli 15—»Farið með þetta héðan«.	56
Kafli 16—Lofgjörö	58
Kafli 17—Yið páskakYeldmáltíðina.	59
Kafli 18—í Getsemane	64
Kafli 19—Jesus er svikinn og tekinn höndum.	69
Kafli 20—Jesús fyrir Annasi, Kaífasi og öldungaráðinu.	72
Kafli 21—Júdas.	76
Kafli 22—Jesús fyrir Pílatusi	79
Kafli 23—Jesús fyrir Heródesi.	83
Kafli 24—Pílatus dæmir Jesúm	85
Kafli 25—Golgata.	90
Kafli 26—Dauði Krists.	93
Kafli 27—I gröf Jósefs.	96
Kafli 28—»Hann er upprisinn«.	99
Kafli 29—»Farið, og segið lærisveinum mínum það«.	101
Kafli 30—Vitnin	104
Kafli 31—Himnaför Jesú.	108
Kafli 32—Endurkoma Krists.	112

Kafli 33—Dómsdagur	115
Kafli 34—Dómsdagur	118
Kafli 35—Heimkynni hinna frelsuðu.	119

Kaffi 1—Fæðing Jesú.

[vi] Í Nasaret, smábæ einum, sem stendur á hæðum í Galileu, bjuggu þau Jósef, og María, er síðar urðu alkunn sem hinir jarðnesku foreldrar Jesú.

Jósef var af húsi og kynþætli Davíðs, og þegar það boð kom, að taka skyldi manntal, varð hann að fara til Betlehem, borgar Davíðs, til þess að skrásetjast þar.

Þetta var mjög erfið ferð vegna samgöngufæra þeirra tíma, og María, sem fylgdi manni sínum, var orðin mjög þreytt, þegar þau náðu hæðinni, sem Betlehem stendur á.

Hún þráði mjög að fá þægilegan hvílastað. En herbergin voru þegar öll orðin full. Og meðan hinum ríku og drambsömu var veittur beini, urðu þessir fátæklingar að leita hælís í lélegu húsi, er fénaðurinn var hafður í.

Jósef og María áttu ekki mikið af þessa heims auðæfum, en þau áttu kærleika guðs í hjartanu, og það gjörði þau glöð og ánægð. Þau voru börn hins himneska konungs, sem nú vildi sýna þeim meiri heiður en öllum öðrum.

[2] Englarnir höfðu vakað yfir þeim á ferð þeirra, og þegar kvöld
[3] var komið og þau gengu til hvílu, voru þau ekki ein; englarnir voru hjá þeim.

Þarna í þessu lítilfjörlega fjárhúsi fæddist Jesús, frelsari vor, og var lagður í jötu. Í þessari auðvirðilegu vöggju lá sonur hins hæsta — hann, sem hafði búið í dýrð í sölum himinsins.

Áður en Jesús kom til jarðarinnar, var hann fyrirliði hins mikla englaskara. Hinir æðstu og veglegustu synir morgunroðans kunn-gjörðu dýrð hans við sköpunina. Þeir fólu ásjónur sínar fyrir honum, þegar hann sat í hásetinu. Þeir köstuðu kórónum sínum fyrir fætur hans og vegsömuðu hátign hans og veldi.

Þessi dýrðlega vera elskaði þrátt fyrir það, hina aumu syndara og tók á sig þjóns mynd, til þess að geta liðið og dáíð fyrir oss.

[4] Jesús hefði getað verið hjá föður sínum og borið kórónu og konunglegan skróða, en vor vegna yfirgaf hann auðæfi himinsins og

[5]

kom í fátækt hingað niður til jarðarinnar.

Hann yfirgaf sína háu stöðu í himninum og englana, sem elskuðu hann. Hann afsalaði sér tilbeiðslu englanna og kom hingað til þess að verða hæddur og vanvirtur af óguðlegum mönnum. Vegna kærleika sin til vor, var hann fús til að þola þrautir og mótlæti og líða smánarlegan dauða.

Alt þetta gjörði Kristur til þess að sýna oss, hve heitt guð elskar oss. Hann lifði hér á jörðinni til þess, að sýna oss hvernig vér getum vegsamað guð með því að hlýðnast vilja hans. Hann gjörði þetta, svo að vér með því að fylgja dæmi bans, að síðastu getum fengið bústað hjá honum í hans himneska heimkynni.

Prestarnir og höfðingjar Gyðinga, voru ekki við því búnir að bjóða Jesúm velkominn. Þeir vissu, að frelsarinn mundi brátt koma, en þeir héldu, að hann mundi verða völdugur konungur, sem mundi gjöra þá ríka og völduga. Þeir voru of drambsamir til þess, að hugsa sér Messías sem ósjálfbjarga barn.

Þess vegna opinberaði guð það ekki fyrir þeim, þegar Jesús fæddist. Hann sendi hinn gleðilega boðskap til nokkurra fjárhirðara, sem gættu hjarða sinna á graslendi Betlehems.

Þegar þessir guðhræddu menn vöktu yfir fjárhjörðunum á nóttinni, töluðu þeir saman um hinn fyrirheitna frelsara og báðu svo innilega um, að hann kæmi, að guð sendi skínandi sendiboða frá básæti ljóssins til þess að leiðbeina þeim.

Og engill drottins stóð hjá þeim, og dýrð drottins ljómaði í kringum þá, og urðu þeir mjög hræddir.

Og engillinn sagði við þá: »Óttist ekki, því sjá, eg flyt yður gleðiboðskap mikinn, sem verða mun til fagnaðar fyrir allan lýðinn; því að í dag er yður frelsari fæddur, sem er Kristur drottinn í borg Davíðs. Og þetta sé merkið fyrir yður: Þér munuð finna ungbarn reifað og liggjandi í jötu«.

Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita, [6] ssm lofuðu guð og sögðu:

«Dýrð sé guði í upphæðum og á jörðu friður meðal manna, sem velþóknun er á«.

Og það varð, þá er englarnir voru farnir frá þeim til himins, að hirðarnir sögðu hver við annan: »Förum þá til Betlehem og sjáum þenna atburð, sem orðinn er og drottinn hefir kunngjört oss«.

Og þeir fóru með skyndi og fundu bæði Maríu og Jósef og ungbarnið liggjandi í jötunni. En þegar þeir sáu það, skýrðu þeir frá því orði, er talað hafði verið við þá um barn þetta.

Og allir sem heyrðu, undruðust það, sem hirðarnir höfðu við þá talað. En María geymdi öll þessi orð og hugleiddi þau í hjarta sínu. (Lúk. 2, 9—19).

* * * * *

Kaflí 2—Jesus er færður guði í musterinu

J O S E F og María voru Gyðingar og fylgdu síðum sinnar þjóðar. — Þegar Jesus var sex vikna gamall, færðu þau hann drotni í musterinu í Jerusalem. [7]

Þetta var samkvæmt því lögmáli, sem guð hafði gefið Ísrael og Jesús átti að vera hlýðinn í öllu.

Þa nnig kennir guðs sonur, höfðingi himinsins, oss með dæmi sinu, að vér eigum að vera hlýðnir.

Einungis frumburður hverrar fjölskyldu átti aðfærast guði í musterinu. Þessi helgi síður var til minningar um viðburð, sem fyrir löngu hafði átt sér stað.

Þegar Ísraels börn voru í þrældómi á Egyptalandi, sendi drottinn Móse til þess að frelsa þá úr ánauðinni. Hann bauð Móse að fara til Faraó, konungsins yfir Egyptalandi, og segja við hann:

»Svo segir Drottinn: Ísraelslýður er minn frumgetinn sonur. Eg segi þér: Lát son minn fara, að hann megí þjóna mér; en viljir þú hann eigi lausan láta, sjá, þá skal eg deyða frumgetinn son þinn«. (2. Mós. 4, 22. 23).

Móse fór með þessi boð til konungsins, en hann svaraði: »Hver er sá drottinn, að eg skuli gegna honum til þess aðlsleppa Ísraelsmönnum; eg þekki ekki þann drottinn, og Ísrael sleppi eg ekki«. (2. Mós. 5, 2). [8] [9]

Þá lét drottinn miklar plágur koma yfir Egyptaland. Síðasta plágan var sú, að allir frumburðir í landinu dóu, frá binum frumgetna syni konungsins og til frumburðar ambáltarinnar.

Drottinn sagði við Móse, að í sérhverju húsi Ísraelsmanna skyldi vera slátrað lambi og nokkru af blóðinu rjóðrað á dyrustaíi hússins.

Þetta átti að vera merki, svo dauðaengillinn gæti gengið fram hjá öllum beimilum Ísraelsranna og deyddi ekki aðra en hina dramb-sömu og grimmu Egyptalandsmenn.

Þetta páskaþlód táknaði hjá Gyðirigum þlód Krists. Því í fyllingu tímans ætlaði guð að senda son sinn hingað, svo honum yrði slátr- að eins og páskaþlóbinnu var slátrað, til þess að allir þeir, sem vildu trúá [10]

á hann, gætu frelsast frá eilífum dauða. Kristur er kallaður páskalamb vort. (1. Kor. 5, 7). Og fyrir trúna höfum vér endurlausnina hlotið fyrir hans blóð. (Ef. 1, 7).

Þegar þannig sérhver fjölskylda í Israel færði frumgetna syni sína inn í musterið, áttu foreldrarnir að minnast þess, hvernig börnin voru frelsuð frá plágunni, og hvernig að allir geta frelsast frá synd og eilífum dauða.

Þegar barn var fært til mustersins, tók presturinn það í arma sína og hélt á því fyrir framan altarið.

Þannig var það hátiðlega helgað guði. Síðan var móðrinni aftur fengið það og nafn þess skrifað í bók, sem innihélt nöfn allra frumburða í Ísrael. Þannig eiga líka allir þeir, sem frelsast fyrir blóð Kristis, að fá nöfn sín skrifuð í lífsins bók.

Jósef og María fóru með Jesúm til prestsins samkvæmt lög-málinu. A hverjum degi komu feður og mæður með börn sín, og presturinn sá ekki neitt frábært við Jósef og Maríu fremur en aðra. Þau voru blátt áfram erfiðisfólk.

I barninu Jesú, sá hann ekki annað en litla, ósjálfbjarga veru; honum kom ekki til hugar, að hann hefði í höndum sér frelsara heimsins, æðsta prestinn í hinu himneska musteri. En hann hefði getað vitað það; því ef hann hefði sýnt blýðni við guðs orð, mundi drottinn hafa opinberað þessa hluti fyrir honum.

Um sama leyti, voru í musterinu tveir af hinum trúlyndu þjónum drottins, þau Simeon og Anna. Þau höfðu bæði lengi þjónað drotni, og hann hafði birt þeim það, sem hann varð að dylja fyrir hinum drambsömu og eigingjörnu prestum.

Simeon bafði verið heitið því, að hann skyldi ekki deyja, fyr en hann hefði séð frelsarann. Strax og hann sá Jesúm í musterinu, vissi hann, að þetta var hinn fyrirheitni Messias.

[11] Af andliti Jesú skein hlmnesk birta, og þegar Simeon tók barnið í fang sér, lofaði hann guð og sagði:

»Nú lætur þú, herra, eftir orði þínu, þjón þinn í friði fara. Þar eð augu mín hafa séð hjálpræði þitt, sem þú hefir fyrirbúið fyrir augliti allra lýða, ljós til opinberunar heiðingjum og vegsemd lýðs þíns Ísrael«. (Lúk. 2, 29—32).

Anna spákona kom þar og á sömu stundu og lofaði guð og talaði um hann við alla, sem væntu lausnar Jerusalem. (Lúk. 2, 38).

Þannig velur guð hina auðmjúku sér til vitnisburðar; oft gengur hann fram hjá þeim, sem heimurinn kallar mikilmenni. Margir eru eins og prestar og höfðingjar Gyðinganna.

Margir eru fúsir til þess að upphefja sjálfa sig, en hugsa lítið um að þjóna guði og vegsama hann. Þess vegna getur hann ekki valið þá til þess að segja öðrum frá kærleika sínum og náð.

María, móðir Jesú, íhugaði alvarlega hin þýðingarmiklu orð Símeonar, og þegar hún virti fyrir sér barnið í fangi sér og mintist þess, er hirðarnir höfðu sagt, fylltist hjarta hennar af þakklátri gleði og bjartri von.

Orð Símeonar leiddu huga hennar að spádómum Esajasar. Hún vissi, að þessi undraverðu orð voru töluð um Jesúm:

»Sú þjóð, sem í myrkrinu gengur, sér mikið ljós; vfir þeim, sem búa i landi náttmyrkranna, skin ljós.

Pví að barn er oss fætt, sonur er oss gefinn; á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvila; nafn hans skal kallað: undraráðgjafi, guðhetja, eilífðarfaðir, friðarhöfðingi«. (Es. 9, 2—6).

* * * * *

Kafli 3—Heimsókn vitringanna.

[12] TILGANGUR guðs var að mennirnir vissu um komu Krists til jarðarinnar. Prestarnir hefdu átt að kenna folkinu að vænta frelsarans; en sjálfir vissu þeir ekki um komu hans.

Þess vegna sendi guð engla til hirdanna til þess að segja þeim, að Kristur væri fæddur, og hvar þeir gætu fundid hann.

Þannig var það einnig þegar Jesús var færdur til musterisins, að nokkrir tóku móti honum sem frelsara; það gerdu þau Simeon og Anna. Gud hafði lofad þeim að lifa, svo að þau fengju þetta dýrmæta tækifæri til að vitna um, að Jesús væri hinn fyrirheitni Messias.

Gud ætladist til þess að adrir menn, engu síður en Gydingarnir vissu um komu Krists. Í Austurlöndum voru vitringar, sem höfdu lesid spádómana um Messias, og sem einnig trúðu því, að hans væri brátt von.

Gydingar kölludu þessa menn heidingja, en þeir voru ekki hjágu-dadýrkendur. Þeir voru einlægir menn, sem höfdu vilja til að læra að þekkja sannleikann og gjöra guds vilja.

[13] Gud litur á hjartalagid, og hann vissi, að hann gat reitt sig á þessa menn. Þeir voru móttækilegri fyrir himneskt ljós, heldur en prestar Gyðinga, er voru fullir ofmetnadar og eigingirni.

Þessir vitringar voru heimsspekingar, þeir höfðu virt fyrir sér verk guðs í náttúrunni, og af því lært að elska hann. Þeir höfðu tekið eftir stjörnunum og þektu göngu þeirra, og glöddust yfir því, að horfa á hreifíngar þeirra á nóttunni. Ef ný stjarna kom í ljós, fanst þeim það eins og stór viðburður.

Menn þessir höfðu tekið eftir einkennilegri birtu á himninum þá sömu nótt, sem englarnir komu til hirðanna í Betlehem. Þetta var sá dýrðlegi ljómi, sem umkringdi englana.

Þegar þessi birta hvarf, höfðu þeir komið auga á eitthvað, sem liktist stjörnu, á himninum. Óðara kom þeim í hug spádómurinn, sem segir: »Stjarna upp rennur af Jakob, veldissproti rís af Ísrael«. (4. Mós. 24, 17). Var þessi stjarna merki þess, að Messias væri kominn?

[14] Þeir ákváðu að fara af stað og hafa hana fyrir leiðarvísi Stjarnan

vísaði þeim leið til Júdeu, en þegar þeir komu í nánd við Jerusalem, varð hún svo óskýr að þeir gátu ekki fylgt henni lengur.

I þeirri von, að Gyðingarnir gætu strax sagt þeim, hvar frelsarinn ætti að fæðast, gengu vitringarnir inn í Jerusalem og sögðu; »Hvar er hann, sem borinn er, konungur Gyðinganna? Því að vér höfum séð stjörnu hans í austrinu og erum komnir, til þess að veita honum lotningu«.

En er Heródes konungnr heyrði þetta, varð hann felmtsfullur og oil Jerusalem með honum; og er hann hafði safnað saman öllum æðstu prestunum og fræðimönnum lýðsins, spurði hann þá hvar Kristur ætti að fæðast. Og þeir svöruðu honum: »í Betlehem í Júdeu; því þannig. var ritað af spámanninum«.

Heródes féll illa að heyra talað um konung, er með tímanum, ef til vill, kynni að setjast í hásæti hans. Hann kallaði því vitringana til sín á laun og fékk hjá þeim glögga grein fyrir því, hvenær sijarnan hefði birst; lét hann þá síðan fara til Betlehem og sagði: »Farið og haldið vandlega spurnum fyrir um barnið, og er þér hafið fundið það, þá látið mig vita, til þess að eg geti einnig komið og auðsýnt því lotningu«.

En er þeir höfðu hlýtt á konunginn, fóru þeir leiðar sinnar. Og sjá, stjarnan, sem þeir höfðu séð í austrinu, fór fyrir þeim, þar til hana bar þar yfir, sem barnið var.

Og þeir gengu inn í húsið og sáu barnið ásamt Mariu, móður þess, og féllu fram og veitlu því lotningu. Opnuðu fjárhirzalur sínar og færðu því gjafir: gull, reykelsi og myrru. (Matt. 2, 2—11).

Vitringarnir fóru með það bezta, sem þeir áttu, til þess að gefa Jesú, og með því hafa þeir gefið oss eftirdæmi. Margir gefa hinum jarðnesku vinum sínum gjafir en hafa ekkert til þess að gefa vorum himneska vini, sem vér höfum þegið svo margar velgjörðir af. Þannig eigum vér ekki að breyta. Vér eigum að færa Kristi alt það bezta af

[15]

tíma vorum, fjármunum, kærleika vorum og lotningu. Vér getum fært honum gjafir með því, að gefa hinum fátæku, bæta úr þörfum þeirra, og kenna mönnum að þekkja frelsarann. Á þann hátt getum vér hjálpað til þess að frelsa þá, er hann dó fyrir. Slíkar gjafir mun Jesú rikulega blessa.

Kaffi 4—Flóttinn til Egyptalands.

[16] H E R Ó D E S var ekki hreinskilinn, þegar hann sagði, að hann
[17] vildi fara til þess, að véita Jesú lotningu. Hann óttaðist, að þegar frelsarinn yrði fulltíða maður, mundi hann verða konungur og taka ríkið frá honum.

Hann vildi vita, hvar barnið var.svo að hann gæti fundið það og líflátið það. Vitringarnir bjuggust til að fara aftur til Heródesar og segja honum frá barninu. En engill drottins birtist þeim í draumi, og sendi þá aðra leið heim.

En er þeir voru burt farnir, sjá, þá vitrast engill drottins Jósef í draumi og segir: »Ris upp, tak barnið og móður þess með þér og flý til Egyptalands, og ver þar þangað til eg segi þér; því að Heródes mun leita barnsins, til þess að fyrirfara því«. (Matt. 2, 13).

Jósef beið ekki morguns, en reis þegar í stað upp, og um nóttina lagði hann af stað í hina löngu ferð, með Maríu og barnið.

Vitringarnir höfðu gefið Jesú dýrmætar gjafir, og á þann hátt sá guð fyrir ferðakostnaðinum og veru þeirra í Egyptalandi, þangað til þau gátu aftur farið heitm í sitt land.

[18] Þegar Heródes vissi, að vitringarnir höfðu farið aðra leið heim, varð hann afarreiður. Hann vissi, hvað guð í spádómunum hafði sagt um komu Krists.

Hann vissi, að stjarnan var send vitringunum til leiðbeiningar, og þó var hann ákveðinn í því, að fyrirfara Jesú. Í reiði sinni sendi hann út hermenn sína og lét myrða öll sveinbörn, sem » voru í Betlehem, og í öllum nálægum héruðum, tvævetur og þau er yngri voru.

Hversu undarlegt virðist það ekki, að maðurinn vill berjast móti guði! Hversu hræðileg sjón hlýtur ekki morð þessara saklausu barna að hafa verið! Heródes hafði gjört mörg grimdarverk; en hið óguðlega líf hans fékk skjótan enda; hann fékk hræðilegan dauðdaga.

Jósef og María dvöldu á Egyptalandi, þar til Heródes var dáinn. Þá vitraðist engill drottins Jósef og sagði: »Rís upp, og tak barnið og móður þess raeð þér og far til Ísraelslands, því að þeir eru dánir, er sátu um líf barnsins«. (Matt. 2, 16. 20).

Jósef hafði vonast eftir því, að geta búsett sig í Betlehem, þar sem Jesús fæddist; en þá er hann kom í nánd við Júdeu, fréttli hann, að sonur Heródesar væri tekinn við ríkisstjórn í stað föður síns.

Jósef varð því hræddur við að fara þangað og vissi svo ekki hvað gera skyldi, en þá sendi guð engil til þess að leiðbeina honum. Jósef fylgdi leiðsögu engilsins og hélt til hins gamla heimilis síns í Nazaret.

* * * * *

Kaflí 5—Barnæska Jesú.

[19] JESÚS ólst upp í litlum bæ til fjalla. Hann, sem var guðs son, hefði þó getað verið hvar sem vera skal á jörðunni.

Hann mundi hafa verið prýði sérhverrar borgar. En hann kom ekki á heimili hinna ríku né í hallir konunganna. Hann valdi sér bústað meðal hinna fátæku í Nazaret.

Hann vill, að hinir fátæku viti, að hann þekkir reynslu þeirra, hann hefir þolað alt, sem þeir verða að þola. Hann getur haft með-aumkvun með þeim og hjálpað þeim.

Biblían segir nm Jesúm á bernskuárum hans: »Barnið óx og styrktist, fult vizku, og náð guðs var yfir því«. »Og Jesús þroskaðist að vizku og vexti og náð hjá guði og mönnum« (Lúk. 2, 40. 52).

Hann var mjög námfús og iðinn, hafði glöggan skilning og var sérlega hugsanaríkur og vel viti borinn eftir aldri. Þó var hann mjög náttúrlegur og börnum líkur í framkomu og hann óx bæði líkamlega og andlega, eins og önnur börn.

En Jesús var ekki í öllu líkur öðrum börnum; hann sýndi ávalt ósérplægið og vingjarnlegt hugarfar. Hann var ætíð fús til að hjálpa öðrum.

[20] Hann stóð fastur eins og bjarg á því, sem rétt var, en jafnframt var hann vingjarnlegur og ástúðlegur í viðmóti og umgengni við alia, bæði á heimili sinu og annarstaðar.

Gamalmönnum og fátæklingum veitti hann athygli og sýndi þeim vinsemd sina, og einnig við hin mállausu dýr var hann vingjarnlegur. Þó ekki væri nema særður fugl, sem varð á vegi hans, græddi hann hann og annaðist með mikilli nákvæmni, og alt lifandi farm til velliðunar í nærveru hans.

Á dögum Krists báru Gyðingar mikla umbyggju fyrir uppeldi barna sinna. Þeir höfðu skóla í félagi með fræðimönnum og söfn-uðust saman með þeim til guðsdýrkunar, kennararnir voru kallaðir lærifeður; þeir voru álitnir að vera mjög lærðir.

Jesús gekk ekki í þessa skóla; því þar var margt kent, sem ekki var sannleikur. Þar voru kendir mannalærdómar í stað guðs orða, og

þeir komu oft í bága við það, sem guð hafði sagt í spádómunum. Guð lét sinn heilaga anda kenna Maríu hvernig hún ætti að uppala son hans, hún kendi honum úr heiiagri ritningu, og svo lærði hann að lesa og skilja hana sjálfur.

Jesús hafði einnig löngun til að rannsaka hin dásamlegu handaverk guðs bæði á himni og jörðu. Í þessari bók náttúrunnar, sá hann tré, jurtir og dýr, sólina óg stjörnurnar.

Hann gaf gætur að þessurn hlutum dag eftir dag og leitaðist við að læra eitthvað af þeim og finna hinar réttu orsakir til alls. [21]

Hinir heilögu englar voru hjá honum og hjálpuðu honum til þess að skilja þessi guðdómlegu verk. Jafnframt því, sem hann óx og styrktist líkamlega, tók hann einnig framförum í vizku og þekkingu.

Sérhvert barn getur aflað sér þekkingar á sama hátt og Jesús gjörði. Vér eigum að kappkosta að læra einnigis það, sem er satt og gott, það sem er þvaður og villa, er oss til engra nota.

Einungis sannleikurinn hefir fullkomið gildi, og hann getum vér lært að þekkja af orði guðs og verkum hans. Þegar vér hugsum um þetta, munu englarnir hjálpa oss til þess að skilja alt.

Vér munum fá skilning á vísdómi og gæzku vors himneska föður. Sálu vorri mun veitast styrkur, hjarla vort hreinsast, og vér verða líkir Jesú.

A hverju ári fóru Jósef og Maria til Jerusalem til þess að vera þar við páskahátíðina. Þegar Jesús var orðinn tólf ára gamall tóku þau hann með sér.

Þetta var ánægjuleg ferð, fólkið gekk eða reið á uxum eða ösnum. Vegalengdin milli Nazaret og Jerusalem var hér um bil sjötíu mílur (enskar).

Af öllu landinu, og einnig frá öðrum löndum kom fólk á þessa hátíð; og þeir, sem voru frá sama stað urðu samferða og mynduðu stóran hóp á veginum.

Þessi hátíð var haldin í marz eða fyrst í apríl. Þá var vor á Gyðingalandi, og þar var gnægð blóma, og unaðslegur fuglasöngur fylti loftið.

Á leiðinni sögðu foreldrarnir börnunum frá því, hversu dásamlega guð hefði stjórnað öllu í Israel á liðnum tíma. Og oft sungu þeir saman nokkra af hinum fögru sálmum Davids.

A dögum Krists, var fólkið orðið hálfvolgt i guðrækni sinni, það hugsaði meir um sina eigin ánægju en um gæsku guðs.

[22] En þannig var það ekki fyrir Jesús; hann hugsaði mikið um guð.
 [23] Þegar hann stóð ívrhusterinu, tók hann nákvæmlega eftir prestunum, og því, sem þeir gjörðu. Þegar fólkið kraup niður til þess að biðja, gjörði Jesús það einnig, og hann söng með því lofsöngva þess.

A hverjum morgni og hverju kvöldi var fórnað lambi á altarinu, og átti það að tákna dauða frelsarans. Þegar barnið Jesu virti fyrir sér hið saklausa fórnardýr, þá veitti heilagur andi honum skilning á því, hvað þetta þýddi. Hann vissi, að hann sjálfur, sem guðs lamb, átti að deyja fyrir syndir manna.

Jesús vildi helst vera í einrúmi með slíkar hugsanir; hann var því ekki kyr hjá foreldrum sínum í musterinu; og þegar þau fóru af stað heimleiðis, var hann ekki með þeim.

Í herbergi, sem áfast var við musterið, var skóli, og þar kendu lærifeðurnir; þangað kom barnið Jesús inn eftir lítinn tíma. Hann sat með öðrum ungmennum við fætur hinna frægu lærifeðra og hlýddi á orð þeirra.

Gyðingar höfðu margar rangar hugmyndir um Messías. Þetta vissi Jesús, en hann mótmælti ekki þessum lærðu mönnum. Eins og sá, sem beiðist upplýsinga, bar hann upp spurningar um, hvað spámennirnir hefðu skrifað.

Í flmtugasta og þriðja kapitula í spádómsbók Esajasar, er talað um dauða frelsarans. Jesús lærði þenna kapitula og spurði hvað hann þýddi.

Lærifeðurnir gátu ekki gefið neitt svar upp á það. Þeir byrjuðu að spyrja Jesúm og undruðust þekkingu hans á ritningunni.

Þeir sáu, að hann skildi betur biblíuna, en þeir gjörðu. Þeir urðu að kannast við það fyrir sjálfum sér, að kenningar þeirra væru rangar, en þeir vildu ógjarna trú á öðru.

Jesús var svo ljúfur og kurteis, að þeir gátu ekki reiðst honum. Þá langaði til að fá að bafa hann hjá sér sem lærisvein, og kenna honum að útskýra biblíuna á sama hátt og þeir gjörðu.

[24] Þegar Jósef og María lögðu af stað frá Jerusalem, tóku þau ekki eftir því, að Jesús varð eftir. Þau ætluðu að hann væri með vinum þeirra, meðal samferðafólksins.

En er þau fóru að reisa næturtjöld sín, söknuðu þau hans, því hann var ætíð svo duglegur að hjálpa þeim. Þau leituðu að honum meðal samferðafólksins, en árangurslaust.

Jósef og María urðu þá mjög hrædd, þau mundu eftir því, hvernig Heródes hafði reynt að lífláta Jesúm þegar hann var lítið barn, og nú voru þau hrædd um að einhver óhamingja hefði hent hann.

Hrygg í huga sneru þau aftur til Jerusalem, en ekki fundu þau hann fyr en á þriðja degi.

Þau urðu óumræðilega glöð, er þau sáu hann aftur; þó fanst Maríu að sök lægi á honum fyrir að hafa yfirgefið þau. Hún sagði:

»Barn, því breyttir þú svo við okkur? Sjá, faðir þinn og eg leit-uðum þin harmþrungin«. Og hann sagði:

»Hvers vegna voruð þið að leita að mér? Vissuð þið ekki, að mér ber að vera í því, sem míns föður er?« (Lúk. 2, 48. 49). Meðan Jesús mælti þessi orð, benti hann til himins, og af andliti hans ljómaði undraverð birta.

Jesús vissi, að hann var guðs. sonur og að hann hafði gjört það, sem faðirinn hafði sent hann til að framkvæma á jörðunni.

María gleymdi aldrei þessum orðum. Síðar meir skildi hún betur hina réttu þýðingu þeirra.

Jósef og María elskuðu Jesúm og þó sýndu þau skeytingarleysi gagnvart honum. Þau gleymdu því verki, sem guð hafði trúað þeim fyrir. Fyrir eins dags vanrækslu mistu þau af honum.

Nú á dögum hafna margir á sama hátt nærveru Jesú. Þegar vér hirðum ekki um að lyfta huga vorum til bans eða gleymum að biðja hann, þegar vér tölum gálauslega, óvingjarnlega eða ljót orð, svo skiljum vér oss frá Jesú. An hans erum vér hryggir og einmana.

En ef vér sannarlega æskjum eftir að vera í samfélagi við hann, þá mun hann ávalt vera hjá oss. Frelsara vorn langar til að vera hjá þeim, sem þrá nærveru hans. Hann getur upplýst hið fátæka heimili og glatt hið auðmjúka hjarla.

Þótt Jesús vissi að hann væri guðs sonur, for hann með Jóseí og Maríu til Nazaret, og þar til hann var þrjátíu ára gamall var hann þeim undirgefinn.

Hann, sem á himnum hafði verið fyrirliði englanna, var her á jörðunni hlýðinn og ástríkur sonur.

Hinar alvarlegu hugsanir, sem höfðu þrengt sér inn í huga hans við guðsþjónustuna í musterinu, þær geymdi hann í hjarta sinu.

Hann béið, þar til sá timi kom, er guð hafði ákveðið að hann skyldi byrja á því verki, sem honum var fáið á hendur að vinna.

Jesús ólst upp á fátæku bóndaheimili. Trúlyndur og iðinn, hjálpaði hann til þess að standa straum af fjölskyldunni.

En jafnskjótt er hann hafði aldur til, lærði hann handiðn og vann sem trésmiður með Jósef.

I óbrotnum erfiðismannaklæðnaði gekk hann gegnum götur bæjarins til vinnu sinnar. Hann notaði ekki guðdómskraft sinn, til þess að létta sér byrði lífsins.

[26] Við erfiðið á æskuárunum óx Jesús og varð hraustur til likama og sálar. Hann leitaðist við að nota krafta sína þannig, að hann gæti viðhaldið heilbrigði sinni, unnið sérhvert verk heiðarlega.

Alt, sem hann gjörði, gjörði hann vel, hann vildi vera fullkominn í öllu, einnig í því að nola verkfæri. Með dæmi: sinu i hefir hann kent oss, að vér eigum að vera iðjúsamir og gjöra sérhvert verk vel og trúlega, hann hefir sýnt oss, að slík vinna er heiðarleg. Allir eiga að hafa eitthvert starf, sem getur orðið sjálfum þeim og öðrum til gagns.

Guð gaf oss vinnuna, oss til blessunar, og hann hefir velþóknun á þeim börnum, sem eru fús til að gjöra sinn hluta af heimilisverkunum, og létta byrðar föður og móður. Slík börn munu verða öðrum til blessunar, þá er þau koma út í heiminn.

Þeir unglingar, sem leitast við að þóknast guði í öllu, sem þeir taka sér fyrir hendur, sem gjöra ætíð það, sem rétt.er, þeir munu verða nytsamir í mannfélaginu, þá er þeir eldast. Með því að véra trúir yfir litlu verða þeir settir yfir meira.

* * * * *

Kaflí 6—Baráttu tími.

TIL voru hjá Gyðingum, margar reglur, sem fræðimenn höfðu sett fólkinu, en guð hafði aldrei fyrirskipað. Jafnvel börnin urðu að læra að breyta eftir þessum reglum. En Jesús reyndi ekkert til að læra það, sem lærifeðurnir kendu. Hann forðaðist að tala óvirðuglega um þá, en hann rannsakaði ritninguna, og hlýddi fyrirskipunum guðs. [27]

Menn ávítuðu hann oft fyrir það, að hann gjörði ekki eins og aðrir gjörðu. Þá sýndi hann þeim með biblíunni hvað rétt væri.

Jesús leitaðist ætíð við að gjöra aðra ánægða.

Af því að hann var svo vingjarnlegur og alúðlegur, vonuðu lærifeðurnir, að þeir gætu fengið hann á sitt mál, En það gátu þeir ekki. Þegar þeir hvottu hann til þess, að breyta eftir siðum þeirra, spurði hann um, hvað biblían kenti. Það sem stóð í henni, það vildi hann gjöra.

Af þessu urðu lærifeðurnir mjög reiðir. Þeir vissu, að reglur þeirra voru á móti biblíunni; en þó var þeim illa við Jesú, af því hann vildi ekki blýða ,þeim.

Þeir kvörtuðu undan honum við foreldra hans. Jósef og María álitu, að þeir væru guðhræddir menn, og Jesús varð að þola harðar ávítanir.

Bræður hans fyltu flokk lærifeðranna. Þeir sögðu, að þeirra orðum bæri að hlýða eins og guðs orðum. Þeir báru Jesú það á brýn, að hann vildi hefja sig yfir leiðtoga þjóðarinnar. [28]

Lærifeðurnir álitu sjálfa sig betri en aðra menn, og þeir vildu ekki umgangast hina lítilmótlegu. Þeir fyrirlitu fátæklingana og þá ólærðu. Jafnvel hina sjúku og þjáðu létu þeir frá sér fara huggunar og vonlausa.

Jesús sýndi öllum mönnum kærleiksfulla umönnun. Hann reyndi að hjálpa sérhverjum þjáðum manni, er varð á vegi hans. Hann hafði ekki mikla peninga til þess að útbýta, en oft neitaði hann sér um mat til þess að geta hjálpað öðrum.

Þegar bræður hans töluðu hörðum orðum til vesalings fátæklinganna, gekk Jesús til þessa fólks og hughreysti það með vingjarnlegum orðum.

Sæi hann einhverja hungraða eða þyrsta, gaf hann þeim ætið svaladrykk, og oft gaf hann þeim þann mat, sem honum sjálfum var ætlaður. Alt þetta mislikaði bræðrum hans. Þeir reyndu að ógna honum og hræða hann, en hann hélt samt sem áður áfram að gjöra það, sem guð hafði boðið.

Jesús varð fyrir mörgum freistingum og ýmislegri reynslu. Satan reyndi stöðugt við hvert tækifæri að yfirvinna hann.

Hefði verið hægt að fá Jesús til að gjöra eitt einasta syndsamlegt verk, eða tala eitt óvingjarnlegt orð, þá hefði hann ekki getað verið frelsari vor, og allur heimurinn hefði þá verið glataður. Þetta vissi Satan vel, og því var það, að hann reyndi svo ákaft að koma honum til að syndga.

Hinir heilögu englar voru ávalt með frelsaranum til að gæta hans, og þó var alt líf hans barátta við vald myrkranna. Enginn af oss mun nokkurntíma verða fyrir jafn miklum freistingum og hann varð fyrir.

[29] En í sérhverri freistingu gaf hann þetta svar: »Ritað er«. Hann ávitaði bræður sína ekki oft fyrir hina illu breytni þeirri, en hann sagði þeim frá því, hvað guð hefði sagt.

Nazaret var óguðlegur bær, og börnin og unglíngarnir reyndu að fá Jesúm til að taka þátt í hinu illa með sér. Hann var námfús, kátur og skemtílegur, og þeim þótti gaman að vera með honum.

En hið guðrækilega hjartalag hans vakti reiði þeirra.

Oft var hann kallaður huglaus aumingi, af því að hann vildi ekki taka þátt í neinu, sem ' , var óleyfilegt, og stundum var hann hæddur fyrir það, að hann var svo nákvæmur í smámunum. Undir öllum því líkum kringumstæðum var þetta svar hans: »Ritað er: Sjá, að óttast drottinn — það er speki, og að forðast ilt, - það er vizka«. (Job. 28, 28). Að elska hið illa, er að elska dauðann, því »laun syndarinnar er dauðinn«.

Jesús barðist ekki fyrir rétti sínum. Þegar illa var við hann breytt, bar hann það með þolinmæði. Af því hann var svo starfsamur og kvartaði aldrei, varð vinna hans oft þyngri en nauðsynlegt var.

En hann lét ekki hugfallast, því hann vissi, að guð leit á hann með velþóknun.

Það voru hinar mestu ánægjustundir hans, þegar hann var einn með guði úti í náttúrufegurðinni. Eftir að hann hafði lokið við vinnu sína, gekk hann að öllum jafnaði út á víðavang, til að gefa sig þar við guðrækilegum hugleiðingum í hinum grænu dölum og til að biðja guð í brekkum og fögrum lundum.

Hann hlustaði á hina unaðsfögru tóna lævirkjans, þegar hann syngur um dýrð skapara síns, og tók hann þá undir með lofgjörðar og þakklætissöng.

Með gleðisöng bauð hann morguninn velkominn. Í dögun mátti oft sjá hann á afviknum stað, var hann þá í samfélagi við föðurinn, við biblíulestur eða á bæn.

Eftir þessar þögulu stundir, gekk hann heim að heimili sínu til þess að gegna skyldum sínum, og með því að vinna sérhvert verk með þolinmæði, hefir hann gefið oss fagurt eftirdæmi.

Hvar helzt sem hann var, var eins og hann kæmi með englana með sér. Allar stéttir mannfélagsins urðu fyrir áhrifum af hinu hreina og heilaga líferni hans. [30]

Saklaus og óflekkaður umgekt hann hina hugsunarlausu, hina siðlausu og ókurteisu, hina óbilgjörnu tollheimtumenn, andvaraláusa syndara, óréttláta samverja, heiðna hermenn og fátæka bændur.

Ávalt talaði hann miskunnar orð til mannanna, til hinna þreyttu er báru hita og þunga dagsins.

Hann tók þátt í sorgum lífsins með þeim og endurtók fyrir þeim þann lærdóm, sem hann hafði fengið af sköpunarverkinu, um kærleika guðs, mildi og gæsku.

Hann kendi þeim að skilja, að þeir hefðu dýrmætar gáfur, sem gætu fært þeim eilíf auðæfi, ef þær væru notaðar á réttan hátt. Með dæmi sínu sýndi hann fram á, að sérhvert augnablik er dýrmætt og ætti að vera notað á sem allra beztan hátt.

Hann gekk aldrei fram hjá neinum sem óverðugum, en leitaðist við að uppörfa jafnvel hina dýpst íöllnu syndara. Hann sagði þeim frá því, hvernig guð elskaði þá sem sin börn, og að þeir gætu orðið honum líkir í hug og hjarta.

Þannig starfaði Jesús í kyrþey fyrir aðra, alt frá barnæsku. Þessu starfi gátu hvorki bræður hans, né hinir lærðu kennarar, fengið hann til að hætta. Með föstum ásetningi framkvæmdi hann áform lífs síns; því hann átti að vera heimsins Ijós.

* * * * *

Kafli 7—Skirnin.

V A R nú komið að þeim tíma, er Kristur skyldi byrja á kennarastarfi sínu; fór hann því fyrst til árinna Jordan og þar skýrði Johannes skírari hann. [31]

Jóhannes hafði verið sendur til að greiða frelsaranum veg. Hann hafði prédikað í eyðimörkinni og sagt:

»Tíminn er fullnaður og guðs ríki er nálægt, gjörið iðrun og trúið fagnaðarboðskapnum« (Mark. 1, 15).

Mikill mannfjöldi safnaðist kringum hann. Margir játuðu syndir sínar og voru skírðir af honum í Jordan.

Guð hafði opinberað Jóhannesi, að Messías mundi einhvern tíma koma til hans og beiðast skírna af honum. Hann hafði heitið að gefa honum merki, svo að hann gæti vitað hver Jesús væri.

Pegar Jesús kom, sá Johannes á ásjónu hans svo glögt merki hins heilaga líferniss, að hann neitaði honum um skírni og sagði: »Mér er þörf að skírast af þér, og þú kemur til mín«!

En Jesús svaraði og sagði við hann: »Lát það nu cftir, því að þannig ber okkur að fullnægja öllu réttlæti«. (Matt. 3, 14. 15).

Þá er hann sagði þetta, sást í ásjónu hans, hin sama himneska birta sem Simeon hafði séð.

Johannes lét þá Jesúm stíga niður í hina fögru Jordan, og skírði hann í augsýn alls lýðsins. [32]

Jesús var ekki skírður til þess, að hann iðraðist syndanna, því að hann hafði aldrei syndgað. Hann gjörði það oss til eftirbreytni. Jafnskjótt og hann var stiginn upp úr vatninu, kraup hann niður á árbakkanum og bað. Aldrei höfðu englarnir heyrt slíka bæn. Þeir þráðu að mega flytja íyrirliða sínum boðskap um velþóknun föðursins. En svo fór ekki, heldur svaraði faðirinn sjálfur bænum sonarins. [33]

Beint frá hásetinu skein dýrðarljóminn. Himnarnir opnuðust, »og hann sá guðs anda ofan stíga eins og dúfu og koma yfir hann«.

Guðs dýrðarljómi umkringdi hann, og sjá rödd beyrðist af himnum, er sagði:

»Pessi er sonur minn, hinn elskaði, sem eg hefi velþóknun á«. (Matt. 3, 16. 17).

Þegar dýrð guðs umkringdi Jesúm og röddin af himnum heyrðist, þá vissi Jóhannes, að hann hafði skírt frelsara heimsins. Heilagur andi hvíldi yfir honum og hann benti á Jesúm og hrópaði: »Sjá, lambið guðs, sem ber synd heimsins!« (Jóh. 1, 29).

Pessi dýrð, sem ljómaði kring um Krist, er merki um kærleika guðs til vor.

Frelsarinn kom oss til fyrirmýndar; og eins og það er víst, að guð heyrði bæn hans, svo er það líka víst að hann heyrir vorar bætur, Hinir stærstu syndarar, þeir sem bágstaddastir eru, þeir sem allir fyrirlíta, geta fengið aðgang til föðursins.

Þegar vér komum til hans í nafni Jesú, þá mun röddin, sem hljómaði til Jesú, einnig hljóma til vor, segjandi: »Þetta er barn mitt hið elskaða, sem eg hefi velþóknun á«.

Kaflí 8—Freistingin.

J E S Ú S var af andanum, eflir skirnina, leiddur út á eyðimörkina, til þess að hans skyldi verða freistað af djöflinum. [34]

Kristur var leiddur af guðs anda, þá er hann gekk út á eyðimörkina. Hann fór ekki til þess, að láta freista sin. Hann langaði til að vera einn, svo að hann gæti hugsad um köllun sína og það starf, sem hann nú átti að byrja.

Með föstu og bæn, átti hann að búa sig undir þann blóðuga veg, sem hann átti fyrir höndum að ganga. En Satan vissi, hvert frelsarinn fór; og hann kom þangað til þess að freista hans.

Þegar Kristur fór burt frá Jordan, ljómaði dýrð guðs af ásjónu hans, en eftir að hann var kominn út á eyðimörkina, hvarf hún.

Synd heimsins var lögð á hann; ásjóna hans bar vott um slíka sorg og angist, að þvílíka hefir enginn maður fundið. Hann leið fyrir syndarana.

Í Eden höfðu Adam og Efa sýnt óhlýðni við guð, með því að eta af hinum forboðna ávexti. Það var óhlýðni þeirra, sem flutti synd, sorg og dauða í heiminn.

Kristur kom til þess, að gefa oss eftirdæmi með hlýðni sinni. Eftir að hann hafði fastað fjörutíu daga úti á eyðimörkinni vildi hann þó ekki afla sér fæðu með því að óhlýðnast föðurnum. [35]

Það var fæðan, sem freistaði vorra fyrstu foreldra og varð orsök í falli þeirra. Með þessari löngu föstu átti Kristur að sýna, að það er hægt að stjórna hinum líkamlegu nauðnum.

Satan freistar mannanna, til að láta undan syndsamlegum tilhneigingum, því þær veikja líkamann og sljófga skynsemina, og þá veit hann, að hann á hægra með að tæla og spilla þeim.

En dæmi Krists sýnir, að sérhver syndsamleg ástríða verður að yfirvinnast. Vér eigum að hafa yfirhönd yfir tilhneigingum vorum, en þær ekki yfir oss.

Fyrst þegar Satan kom til Krists, var hann í ljósengils mynd. Hann lézt vera sendiboði frá himnum.

Hann sagði, að það væri ekki vilji föðursins, að Jesús liði svo [36]

mikið; hann ætti einungis að sýna, hve fús hann væri til þess.

Þegar Jesús leið hinar verstu kvalir af hungri, sagði Satan við hann:

»Ef þú ert guðs sonur, þá seg, að steinar þessir skuli verða að brauðum«.

En af því að frelsarinn kom hingað til þess að lifa oss til eftirbreytni, varð hann að þjást eins og mennirnir þjást; bann mátti ekki gera kraftaverk sjálfum sér til gagns. Öll kraftaverkin átti hann að gjöra fyrir aðra. Hann svaraði og sagði: »Ritað er: Maðurinn lifir ekki af brauði einu saman, heldur af sérhverju orði, sem fram gengur af guðs munni.«

Þannig sýndi hann, að oss ríður ekki eins mikið á, að sjá oss fyrir fæðu, eins og að hlýða guðs orði. Þeir sem hlýðnast guðs orði, hafa fyrirheit um alt, sem þarf til viðurhalds þessu lífi, og þar með fyrirheit um eilíft líf.

Satan tókst ekki að sigra Krist með þessari fyrstu stóru freistingu. Þá tók hann hann með sér til Jerúsalem og fór með hann upp á þakbrún musteirisins og sagði:

»Ef þú ert guðs sonur, þá kasta þér hér niður; því að ritað er: Guð mun bjóða englum sínum um þig, og þeir munu bera þig á höndum sér, til þess að þú steytir ekki fót þinn við steini«.

Hér fylgdi Satan dæmi Jesú og tilfærði ritningarstað. En þeir, sem viljandi og að þarflausu stofna lífi sínu í hættu, geta ekki tileinkað sér þetta loforð. Guð hafði ekki sagt, að Jesús skyldi kasta sér niður af musteirinu.

Jesus vildi ekki gjöra þetta, til þess að þóknast Satan. Hann sagði: »Aftur stendur ritað: Ekki skaltu freista drottins guðs þíns«.

Vér eigum að fela oss umhyggju vors himneska föður; en vér megum ekki fara þangað, sem hann sendir oss ekki. Vér megum ekki gjöra það, sem hann hefir bannað.

[37] Af því að guð er miskunsamur og fús til að fyrirgefa, segja sumir, að óhætt sé að óhlýðnast honum. En þetta er ofdirfska. Guð vill fyrirgefa öllum, sem biðja hann um fyrirgefningu og láta af syndum sínum. En hann getur ekki blessað þá, sem sýna honum óhlýðni.

Nú birtist Satan, eins og hann í raun og veru var — höfðingi myrkranna. Hann tók Jesúm með sér upp á ofurhátt fjall og sýndi honum öll ríki heimsins og dýrð þeirra.

Sólin kastaði geislum sínum á skrautlegar borgir, marmarahallir, frjósama akra og víngarða. Satan sagði:

»Alt þetta mun eg gefa þér, ef þú fellur fram og tilbiður mig«.

Eilt augnablik virti Kristur þessa sjón fyrir sér; síðan sneri hann burt. Satan hafði sýnt honum hina björtustu hlið heimsins, það af honum, sem var mest aðlaðandi, en frelsarinn sá meira en þessa útvortis fegurð.

Hann sá heiminn í synd og volæði án guðs. Öll þessi eynd var afleiðing þess, að mennirnir höfðu snúið sér frá guði og tilbeðið Satan.

Kristur var gagntekinn af þrá eftir að frelsa það, sem gíatad var. Hann þráði, að heimurinn gæti aftur iklæðst Edensfegurð sinni og að mennirnir tækju hina réttu afstöðu gagnvart guði.

Hann sigraði freistinguna í stað syndugra manna. Hann varð að vera sigurvegarinn, svo að þeir gætu sigrað, svo að þeir gætu orðið líkir englum og verðskuldað að verða börn guðs.

Upp á þessa tilbeiðsluhón Satans svaraði Jesús:

»Vik burt, Satan! Því ritað er: Drottin guð þinn átt þú að tilbiðja og þjóna honum einum«. (Matt. 4, 3—10).

Heimselska, valdaog metorðagirnd, dramb og hroki —alt það, sem dregur mennina frá guði, var falið í þessari miklu freistingu Krist.

Satan bauð Kristi heiminn og öll auðæfi hans, ef hann vildi sýna hinu vonda valdi lotningu sína. Á sama hátt heldur Satan fram þeim hagsmunum, sem vér getum orðið fyrir, með því að breyta illa.

Hann hvislar að oss: »Til þess að komast áfram í þessum heimi, verður þú að þjóna mér. Láttu þér ekki svona ant um sóma þinn og sannleiksást. Fylg ráði mínu, og eg mun gefa þér auðæfi, heiður og hamingju«.

[38]

Með því að fylgja slíku ráði, tilbiðjum vér Satan í stað guðs. Þetta mun verða til falls og volæðis fyrir oss.

Kristur heflr sýnt oss, hvað vér eigum að gjöra, þegar vor er freistað. Þegar hann sagði við Satan: »Vík burt«, gat freistarinn ekki staðist skipun hans. Hann hlaut að fara.

Með sviknum vonum og skjálfandi af reiði og hatrí yfirgaf upp-reisnarforinginn frelsara heimsins.

Baráttunni var lokið í þetta sinn. Sigur Krists var álíka fullger og fall Adams.

Þannig getum vér staðið á móti freistingunum og yfirunnið Satan. Drottin segir við oss: »Standið gegn djöflinum, og þá mun hann flýja frá yður. Nálægið yður guði, og þá mun hann nálgast yður«. (Jak. 4, 7. 8).

* * * * *

Kafli 9—Hin fyrsta opinbera starfsemi Jesú

T I L Jordan, þess staðar, sem Johannes skírari prédikaði, sneri [39]
Jesus aftur frá eyðimörkinni. Um þær mundir sendu Gyðingar presta
og Levita til Jóhannesar, til þess að spyrja hann ad, hvaða rétt hann
hefði til þess að kenna fólkinu og skira það.

Þeir spurðu hann, hvort hann væri Messías eða Elías eða spá-
maður. Öll-

um þessum spurningum svaraði hann þannig:

»Ekki er eg það«.

Þá spurðu þeir hann; »Hver ert þú? til þess vér getum geflð þeim
svar er oss sendu«.

Hann sagði: »Eg er rödd manns, er hrópar í óbygðinni. Gjöríð
beinau veg drottins eins og Esajas spámaður hefir sagt«. (Jóh. 1, 22.
23).

I fornöld var það siður, þegar konungur ferðaðist um landið, að
senda menn á undan vagni hans, til þess að greiða veginn.

Þeir urðu að fella tré, ryðja burt grjóti og jafna mishæðir, svo að
vegurinn væri fær fyrir konunginn.

Þegar Jesús, hinn himneski konungur átti að koma, var Johannes
skírari sendur til þess að greiða honum veg með því að segja fólkinu [40]
frá honum og áminna það um að snúa sér frá syndinni. [41]

Þá er Johannes var að svara sendimönnunum frá Jerusalem, sá
hann Jesúm standa á árbakkanum, það kom gleðiblær á andlit hans,
og hann hóf upp hendur sínar og mælti:

»Mitt á meðal yðar stendur sá, sem þér þekkið ekki, hann, sem
kemur eftir mig, og skóþvengi hans er eg ekki verður að leysa«. (Jóh.
1, 26. 27).

Þetta vakti mikla undrun meðal fólksins. Messias stóð mitt á
meðal þess. Það leit með ákafa í kringum sig, til þess að koma
auga á þann, sem Johannes talaði um. En Jesús hafði horfið inn í
mannþröngina og sást ekki.

Daginn eftir, sá Johannes aftur Jesúm, benti á hann og sagði:
»Sjá, lambið guðs, er ber synd heimsins!«

Síðan sagði hann frá þeim táknum, er sáust, þegar Jesús var skírður, og bætti svo við: »Eg hefi séð það, og eg hefi vitnað, að þessi er guðssonurinn«. (Jóh. 1,29. 34).

Með undrun og lotningu horfðu áheyrendurnir á Jesúm og spurðu sín á milli: »Er þetta Kristur?«

Þeir sáu, að Jesús bar ekki vott um veraldleg auðæfi né völd. Klæði hans voru óbrotin, eins og fátæka fólksins. En það var eitthvað í svip þessa föla og þreytulega andlits, sem hrærði hvert hjarta.

Þessi svipur lýsti staðfestu og mannúð, og hvert tillit og hver dráttur í andliti hans bar vott um guðdómlega meðaumkvun og ósegjanlegan kærleika.

En sendimennirnir frá Jerusalem aðhlytust ekki Jesúm. Jóhannes hafði ekki sagt það, sem þeir vildu heyra. Þeir vonuðu að Messias kæmi sem glæsilegur sigurvegari; þeir sáu nú, að þetta var ekki köllun Jesú, og með vonbrigðum sneru þeir sér frá honum.

[42] Daginn eftir sá Jóhannes Jesúm enn og sagði: »Sjá lambið guðs!«
 [43] Tveir af lærisveinum Jóhannesar voru þar viðstaddir og þeir fylgdust með Jesú. Þeir hlustuðu á kenningu hans og gjörðust lærisveinar hans. Annar þeirra var Andrés, hinn Johannes.

Andrés kom skjótt með Simon bróður sinn með sér; Jesús kallaði hann Pétur.

Daginn eftir, þegar Jesús var á ferðinni til Galileu, valdi hann Filippus fyrir lærisvein. Jafnskjótt og Filippus fann frelsarann, kom hann með Nathanael vin sinn til hans.

Á þennan hátt byrjaði hin mikla starfsemi Jesú á jörðunni. Hann valdi þannig einn og einn lærisvein í einu og sumir komu með bræður sína með sér og aðrir með vini sína. Þetta er það, sem sérhver lærisveinn Krists á að gjöra. Jafnskjótt og hann sjálfur þekkir Jesúm, á hann að segja öðrum frá því, hve dýrmætan vin hann hafi fundið.

Þetta er verk, sem allir geta gjört, hvort sem þeir eru ungir eða gamlir.

Jesús var ásamt lærisveinum sinum boðinn til brúðkaups í Kana í Galileu. Til gleði fyrir þá, sem viðstaddir voru við þetta tækifæri, opinberaðist hér almættiskraftur Jesú.

Það var síður í landinu að nota vin við slík tækifæri, en áður en veizlunni var lokið, þraut vínið. Ef vín vanlaði í veizlu, þótti það bera volt um vöntun á gestrisni og var álitið hin mesta skömm.

Kristur var látinn vita, hvað komið hafði fyrir, og hann had þjónana að fylla sex stór vatnsker með vatni. Síðan sagði hann: »Ausið nú upp og færið kæmeistararum« (Jóh. 2, 8).

I stað vatns var það vín, sem þeir jusu upp. Þetta vín var mikið betra en það, sem þeir höfðu borið á borð fyrst, og það var nóg handa öllum.

Eftir að Jesús hafði gjört þetta kraftaverk, fór hann burt i kyrþey. Það var ekki fyr en eftir að hann var farinn burt, að gestirnir fengu að vita að hann hafði gjört þetta.

Gjöf Krists í brúðkaupinu var tákmynd. Vatnið táknaði skírnina, en vínið blóð hans, sem hann átti að úthella fyrir heiminn.

[44]

Þetta vín, sem Jesús framleiddi, var ekki áfengur drykkur, ekki þesskonar vín, sem orsakar ölæði og svo marga og mikla ógæfu og guð heflr bannað að neyta. Hann segir:

[45]

»Vínið er spottari, sterkur drykkur glaumsamur, og hver sá, er drukkinn reikar, er óvitur«. »Að síðustu bítur það sem höggormur, og spýtir eitri sem naðra«. (Orðskv. 20, 1; 23, 32).

Það vín, sem var notað í veizlunni, var hreinn og ósúr vinberjavökvi. Hann er líkur því, sem Esajas spámaður nefnir »lög i vínberinu«, og hann segir: »Blessun er í því«. (Es. 65, 8).

Með því að fara í brúðkaupsveizluna sýndi Kristur* að það er rétt að koma saman á siðsamlegan og ánægjulegan hátt. Honum þótti vænt um að sjá fólkið gleðja sig. Oft kom hann heim á heimili þess, og reyndi að fá það til að gleyma þrautum og erfiðleikum lífsins, og hugsa um gæzku og kærleika guðs. Hvar sem Kristur var, reyndi hann ætíð að gjöra þetta.

Hvar, sem nokkur vildi hugsa um hinn guðdómlega boðskap, þar sýndi hann mönnum veg hjálpræðisins.

Einu sinni, þegar Jesús var á leið um Samaríu, settist hann niður við brunn til að hvíla sig. Þá kom þangað kona til þess að sækja vatn, hann bað hana að gefa sér að drekka.

Konan undraðist þetta, því hún vissi hvernig Gyðingar hötuðu Samverja. En Kristur sagði henni, að ef hún bæði hann að gefa sér að drekka, þá mundi hann gefa henni lifandi vatn. Á þessu furðaði hana enn meir. Þá sagði Jesús við hana:

»Hver, sem drekkur af þessu vatni, hann mun þyrsta aftur, en hver sem drekkur af því vatni, sem eg mun gefa honum, hann mun að eilifu ekki þyrsta, heldur mun það vatn, sem eg mun gefa honum,

[46] verða i honum að lind, er sprettur upp til eilífs lífs«. (Jóh. 4, 13. 14).
 Hið lif- andi vatn, er hann gefur, táknar heilagan anda. Eins og hinn vegmóði þarfnast vatns til drykkjar, eins þörfnumst vér og guðs anda í hjörtu vor.

Hver, sem drekkur af þessu vatni, hann mun aldrei þyrsta.

Heilagur andi úthellir kærleika guðs í hjörtu vor. Hann uppfyllir þrá vora, svo að auðæfi, heiður og skemtanir heimsins laða oss ekki né ginna.

Og hann veitir oss slíka gleði og ánægju, að vér óskum að aðrir einnig fái hlutdeild í henni. Hann mun verða í oss eins og vatnslind, sem sprettur upp til blessunar þeim, sem í kringum oss eru. Og sérhver, sem Krists andi býr í, mun að eilífu lifa með Kristi í ríki bans. Það er byrjun hins eilífa lífs þegar vér fyrir trúna meðtökum andann í hjörtu vor. Jesús sagði konunni, að hann mundi veita henni þessa dýrmætu gjöf, ef hún bæði hann um það; þannig mun hann einnig gefa oss hana.

Þessi kona hafði brotið boðorð guðs, og Kristur sýndi henni, að hann þekti hið synduga líf hennar.

En hann sýndi henni einnig, að hann var vinur hennar, og að hann elskaði og aumkvaðist yfir hana, og að guð mundi verða henni náðugur og taka hana að sér sem sitt barn, ef hún væri fús til að iðrast synda sinna og forðast þær.

Mikill var fögnuður hennar er hún heyrði þetta. Hún flýlti sér af stað til næstu borgar og bad fólkið að koma og sjá Jesúm.

Það kom til brunnsins og bað Jesúm að vera hjá sér. Hann var þar í tvo daga og kendi því, og margir hlustuðu á orð hans, iðruðust synda sinna og trúðu á hann sem frelsara sinn.

Á þeim árum, sem Jesús kendi, kom hann tvisvar á hið gamla heimili sitt í Nazaret. Hið fyrra sinn er hann kom þangað gekk hann inn í samkunduhúsið á hvíldardegi.

[47] Þar las hann spádóma Esajasar um verk Messíasar — að hann ætti að boða fátækum fagnaðarerindið, hugga syrgjendur, gefa blindum sýn og lækna hina sjúku. Hann sagði lýðnum að þetta væri alt að koma fram, einmitt á þeim tíma. Þetta var það verk, sem hann gjörði sjálfur.

Við þessi orð fylltust hjörtu áheyrendanna gleði. Þeir trúðu því, að Jesús væri hinn fyrirheitni írelsari. Heilag-ur andi halði áhrif á

hjórtu þeirra, og þeir létu í ljósi tilfinningar sínar með lofgjörð og þakklæti til drottins.

En svo datt þeim í hug, hvernig Jesús hafði starfað meðal þeirra sem trésmiður. Þeir höfðu svo oft séð hann vinna á vinnustofunni með Jósef. Þrátt fyrir það þótt hann alt sitt líf hefði sýnt öðrum einungis miskunn og kærleika, vildi fólkið nu ekki trúa því, að hann væri Messías.

Með þessum hugsunum gaf það Satan tækifæri til þess að fá yfirráð yfir hjörtum sínum. Og þannig fylltist það reiði gegn frelsaranum, mótmælti honum og ákvað að ráða hann af dögum.

Lýðurinn tók Jesúm með sér og hafði í hyggju að hrinda honum niður af fjallsbrúninni. En hinir heilögu englar voru í kringum hann, til þess að vernda hann. Öhultur gekk hann gegnum mannþröngina og enginn gat fundið hann.

Annað sinn er Jesúm kom til Nazaret, var honum þar jafn óvin-

[48]

samlega tekið. Svo fór hann burt þaðan og kom þangað aldrei framar. Jesús starfaði hjá þeim, sem tóku feginsamlega móti hjálp hans, og fólkið kom í stórum hópum alstaðar utan úr landsbygðunum og flyktist í kringum hann. Þegar hann læknaði og kendi því, þá var gleðin mikil. Því fanst himininn vera kominn niður á jörðina, og það fagnaði yfir náð hins miskunsama frelsara.

* * * * *

Kaffi 10—Kenning Jesú

[49] Á þeim tímum voru trúarbrögð Gyðinganna lítið annað en fjöldi af siðareglum. Með því að þeir smásaman höfðu mist sjónar á hinni sönnu guðsdýrkun og hinum andlega krafti guðs orða, þá innleiddu þeir sína eigin helgisiði og erfikenningar í staðinn.

Einungis blóð Krists getur hreinsað frá synd. Einungis kraftur bans getur verndað mennina frá því að syndga. En Gyðingar voru óttalausir og þeir þóttust þess fullvissir, að þeir mundu verða hólpnir vegna verkanna og fyrir guðspjónustukreddur sínar. ‘Sökum kostgæfni þeirra og vandlætis, viðvikjandi þessum siðareglum, álitu þeir sjálfir, að þeir verðskulduðu bústað í guðsríki.

En þeir bygðu von sína á veraldlegri tign. Þeir sóttust eftir völdum og auðæfum, og það hnoss vonuðust þeir eftir að fá, sem endurgjald fyrir guðhræðslu sína og ráðvendni.

Þeir væntu þess, að Messías mundi stofnsetja ríki silt hér á jörðunni og ríkja sem völdugur höfðingi meðal mannanna.

Alla veraldlega blessun vonuðust þeir að öðlast við komu hans.

[50] Jesús vissi, að þeir mundu verða fyrir vonbrigðum. Hann var kominn til þess að fræða þá um það, sem var mikið betra en það, er þeir leituðu að.

[51] Hann var kominn til þess að hefja að nýju hina sönnu guðsdýrkun. Hann vildi innleiða hreina, hjartanlega trú, sem lýsti sér í hreinu hugarfari og heilögu liferni.

I hinni fögru fjallræðu lýsir Jesús því, sem er dýrmætast fyrir guði og veitir sanna hamingju.

Lærisveinar frelsarans höfðu orðið fyrir áhrifum af kenningum lærifeðranna, og Jesús framsetti kenningu sína fyrst og fremst þeirra vegna. En það, sem hann kendi þeim, er einnig handa oss. Vér þörfnumst hinnar sömu fræðslu.

»Sælir eru þeir, sem fátækir eru í andanum«, segir Kristur. Þeir fátæku í andanum eru þeir, sem að sjá syndir sínar og þarfnast guðs. Þeir vita, að þeir geta ekkert gott gjört af eigin mætti, þeir þrá hjálp guðs, og hann veitir þeim blessun sína.

»Því að svo segir hinn hái og háleiti, hann sem rikir eilíflega og heitir Heilagur: Eg bý á háum og helgum stað, en einnig hjá þeim, sem hafa sundurkraminn og auðmjúkan anda, til þess að lífga anda hinna auðmjúku og til þess að lífga hjörtu hinna sundurkrömdu«. (Es. 57, 15).

»Sælir eru syrgjendur«;. Þetta á ekki við þá, sem kveina og kvarta, eru með óglöðu yfirbragði og sjá ekki nema hinar dökku hliðar lífsins. Það á við þá, sem í sannleika syrgja yfir syndum sínum og biðja guð um fyrirgefningu á þeim.

Ollum slikum, mun hann óverðskuldað fyrirgefa. Hann segir: »Eg mun breyta sorg þeirra í gleði, og hugga þá og gleðja eftir harma þeirra«. (Jer. 31, 13). j

»Sælir eru hógværir«. Kristur segir: »Lærið af mér, því að egerhógvær og litillátur í hjarta«. (Matt. 11, 29).

Þegar honum var gjörður óréttur, launaði hann ilt með góðu. Þar með hefir hann gefið oss eftirdæmi, svo að vér skulum breyta eins og hann breytti.

»Sælir eru þeir, sem hungrar og þyrstir eftir réttlæt- inu«;. Réttlætið er fólgið í, því að gjöra rétt. Það er fólgið í því að hlýða boðorðum guðs; því að í þessum boðorðum felast grundvallarreglur réttlælisins.

Biblían segir: »Öll boðorð þín eru réttlæti«. (Dav. sálm. 119, 172).

Með dæmi sínu kendi Kristur mönnura að hlýða þessum boðorðum. Réttlæti lögmálsins sést í lífi bans.

Oss hungrar og þyrstir eftir réttlætinu, þegar vér þráum að líkjast Kristi í hugsunum vorum, orðum og gjörðum. Og vér getum orðið líkir Kristi, ef það er vor hjartanleg ósk.

Heilagur andi mun úthella kærleika guðs í hjörtu vor, svo að það verði vor heitasta löngun að gjöra vilja hans.

Guð er fúsari til að gefa oss anda sinn, en foreldrarnir eru til að gefa börnura sínum góðar gjafir. Þetta er fyrirheiti hans: »Biðjið, og yður mun gefast«. (Lúk. 11, 9; Matt. 7, 7). »Allir þeir, sem hungrar og þyrstir eftir réttlætinu, munu saddir verða«.

»Sælir eru miskunnsamir«;. Að vera miskunnsamur, er að breyta betur við aðra, en þeir eiga skilið. Þannig liefir guð breytt við oss, því að hann hefir unun af að vera miskunnsamur. Hann er góður hinum vondu og vanþakklátu.

Hann kennir oss, að þannig eigum vér að breyta hver við annan. Hann segir: »Verið góðir bver við annan, meðaumkvunarsamir, fúsir að fyrirgefa hver öðrum, eins og einnig guð hefir í Kristi fyrirgefið yður«. (Ef. 4, 32).

»Sælir eru hjartahreindir«. Guð tekur meira tillit til þess, hvað vér í raun og veru erum, en hvað vér segjumst vera. Hann hirðir ekki um, þótt að vér séum fagrir ásýndum, en hann vill að vér höfum hreint hjarta. Þá munu öll orð vor og gjörðir verða réttar.

[53] David konungur bað: »Skapa í mér hreint hjarta, ó guð. O, að orðin af munni minum yrðu þér þóknanleg, og hugsanir hjarta míns kæmu fram fyrir auglit þitt, þú Drottinn, hellubjarg mitt og frelsaril« (Dav. sálm. 51,12; 19, 15). Þelta á einnig að vera bæn vor.

»Sælir eru friðsemjendur«. Þeir, sem hafa auðmýkt og hógværð Krists, munu vera friðsamir. Slikt hugarfar vekur enga þrætu, gefur ekkert reiðisvar. Það gjörir heimilið hamingjusamt og flytur með sér þögulan frið öllum til blessunar.

»Sælir eru þeir, sem ofsóttir verða, fyrir réttlætis sakir«. (Matt. 5, 3—10). Kristur vissi, að fyrir hans sakir mundu margir verða settir í fangelsi og margir yerða líflátnir. En hann sagði, að þeir skyldu ekki hryggjast yfir því.

Ekkert getur orðið þeim að meini, sem elska Krist og fylgja honum; því hann er alstaðar með þeim. Þeir geta orðið líflátnir, en hann mun gefa þeim líf, sem aldrei tekur enda, og hinn óvisnanlega heiðurssveig. Og aðrir munu læra af þeim, um hinn kæra frelsara. Kristur sagði við lærisveina sína:

»Þér eruð ljós heimsins«. (Matt 5, 14). Jesús átti skjótt að fara frá jörðunni, til hins hitneska heimkynnis síns. En lærisveinarnir áttu að kenna íólkinu að þekkja kærleika hans. Þeir áttu að vera eins og ljós á meðal mannanna.

Eins og ljósið í vitanum lýsir í myrkrinu og vísar skipunum veg inn í örugga höfn, þannig eiga lærisveinar Krists að lýsa mönnum í þessum dimma heimi — vera það ljós, sem vísar þeim veginn til Krists og hins himneska heimkynnis.

Þelta er það, sem allir eftirbreytendur Krists eiga að gjöra. Hann vill, að þeir skuli vinna ásamt honum að því að frelsa aðra.

Tilheyrendum Krists var nýtt um að heyra slíkar kenningar, og hann endurtók þær oft.

Einu sinni kom lögvitringur til hans og spurði: »Meistari, hvað á eg að gjöra, til þess að eignast eilíft líf?« En Jesús sagði við hann: »Hvað er skrifað í lögmálinu? Hvernig les þu?«. En hinn svaraði og sagði: »Elska skalt þú drottinn guð þinn. af öllu bjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllum mætti þínum og af öllum huga þínum og náunga þinn eins og sjálfan þig«.

[54]

»Þú svaraðir rétt«, sagði Kristur: »gjör þú þetta, og þá muntu lífa«. Lögvitringurinn hafði ekki gjört þetta. Hann vissi, að hann hafði ekki elskað aðra eins og sjálfan sig, og í stað þess að gjöra yfirbót vildi hann réttlæta sjálfan sig og sagði við Jesúm: »Hver er þá náungi minn«. (Lúk. 10, 25—29).

Prestarnir og lærifeðurnir ræddu oft þessa spurningu. Hina fátæku og ólærðu álitu þeir ekki vera náunga sinn og vildu ekkert fyrir þá gjöra. Jesús tók ekki þátt í þessu með þeim; hann svaraði spurningunni með því, að segja frá nokkru, sem hafði komið fyrir skömmu áður. Hann sagði:

»Maður nokkur ferðaðist frá Jerúsalem niður til Jeríkó, vegurinn var brattur og ósléttur og lá um óbygðir. Hann féll á meðal ræningja, sem bæði flettu hann klæðum og börðu hann og fóru síðan burt og létu hann eftir hálfdaudan.

Og er hann lá þarna, kom prestur nokkur og síðan Levíti; þeir komu frá musterinu í Jerusalem og fóru þenna sama veg. En í stað þess að líjalpa vesalings mannum gengu þeir fram hjá og skiftu sér ekkert af honum.

Þessir menn voru kjörnir til að þjóna í musteri guðs, og þeir hefðu átt að vera líkir honum — fullir miskunsemi. En hjörtu þeirra voru köld og tilfinningalaus.

Að lítilli stundu liðinni, bar þar að Samverja. Gyðingar hötuðu og fyrirlitu þá og vildu ekki gefa þeim svo mikið sem kaldan vatnsdrykk eða brauðmola. En Samverjinn hugsaði ekkert um þetta. Hann gaf sér einu sinni ekki tíma til að hugsa um ræningjana, sem ef til vill sátu uin hann.

Þarna lá hinn ókenni, særður og nær dauða en lífi. Samverjinn fór úr yfirhöfninni og vafði henni utan um hann.

Hann gaf honum vin að drekka og helti olíu í sár hans, og hann setti hann upp á sinn eigin eyk, flutti hann til gistihúss og stundaði hann alia nóttina.

[55]

Og daginn eftir, er hann skyldi fara af stað, bað hann gestgjafann að annast hann, borgaði fyrir hann og sagði: »Al þú önn fyrir honum! og hvað, sem þú kostar meiru til, skal eg borga þér, er eg kem aftur«.

Þessa sögu sagði Jesús; síðan sneri hann sér að Iögvitringnum og mælti: »Hver af þessum þremur sýnist þér hafa verið náungi mannsins, sem féll í hendur ræningjanna?«

En hann mælti: »Sá, sem miskunnarverkið gjörði á honum«.

Og Jesús sagði við hann: »Far þú og gjör þú slíkt hið sama!« (Lúk. 10, 35—37). Þannig er spurningunni: »Hver er náungi minn?«; gefið ævarandi svar. Kristur hefir sýnt, að náungi vor er ekki einungis sá, sem tilheyrir sömu kirkju eða hefir sömu trú og vér. Mismunurinn á þjóðkyni, lit, stétt og stöðu kemur þessn ekkert við. Sérhver maður, sem þarfnast hjálpar vorrar, sérhver sál, sem freistað er af Satan, sérhver, sem er eign guðs, er náungi vor.

Í frásögninni um miskunnsama Samverjann, sýndi Jesús sjálf-an sig og sínar gjörðir. Satan hefir ráðist á mennina, rænt þá öllu, barið þá og sært og skilið þá eftir dauðvona; en frelsarinn hafði meðaumkvun með oss í þessu bága ástandi voru. Hann yfirgaf dýrð sína á himnum, til þess að koma oss til hjálpar. Hann sá, að vér vorum komnir að dauða, en hann tók það að sér að bjarga oss. Hann læknaði sár vor. Hann skýldi oss með réttlætisklæðum sinum. Hann sá oss fyrir öruggum samastað og undirbjó alt fvrir oss á sinn eigin kostnað. Hann dó til þess að frelsa oss.

Prestarnir og Levítarnir þóttust halda boðorð guðs, en það var Samverjinn, sem í sannleika hélt þau. Hann hafði kærleiksríkt og meðaumkvunarsamt hjarta.

[56] Þegar hann annaðist þenna ókunna, særða mann, sýndi hann kærleika sinn til guðs, jafnframt og til mann- anna, því guði er það þóknanlegt, að vér gjörum öðrum gott. Vér sýnttm elsku vora til guðs, með þvíáðvera kærleiksríkir við þá, sem með oss eru.

Jesús segir við alla lærisveina sína: »Þetta er mitt boðorð, að þér elskið hver annan«.

Kærleiksríkt og elskandi hjarta er meira virði en öll anðæfi heimsins. Þeir, sem lifa til þessað gjöra gott, sýna, að þeir eru guðs börn. Það eru þeir, sem munu fá bústað hjá Kristi í ríki hans.

Kaflí 11—Hvildardagshelgíhald.

J E S Ú S hélt hvíldardaginn heilagan og kenti einnig lærisveinum sínum að halda hann heilagan. Hann vissi, hvernig átti að halda hann heilagan, því hann hafði sjálfur helgað hann. [57]

Biblían segir: »Minstu þess, að halda hvíldardaginn heilagan«. »En sjöundi dagurinn er hvíldardagur, helgaður Drottni guði þínum«. Því á sex dögum gjörði Drottinn himin og jörð, hafð og alt, sem í þeim er, og hvíldist sjöunda daginn; fyrir því blessaði Drottinn hvíldardaginn og helgaði hann«. (2. Mós. 20, 8. 10. 11; 31, 16. 17).

Kristur var í verki með föður sínum, þegar heimurinn var skapaður, og fyrir hann var hvíldardagurinn orðinn til. Biblían segir, að »allir hlutir séu gjörðir fyrir hann«. (Jóh. 1, 13).

Þegar vér virðum fyrir oss sólina og stjörnurnar, trén og hin fögru blóm, þá eigum vér að minnast þess, að Kristur hefir skapað það alt. Og hann innsetti hvíldardaginn til þess að minna á almætti sitt og kærleika.

Kennarar Gyðinganna höfðu fyrirskipað margvíslegar reglur, sem hvíldardagurinn átti að haldast eftir, og þeir

* * * * *

vildu láta alla hlýða þeim. Þeir gáfu því gætur að frelsaranum til þess að sjá hvað hann gjörði. [58]

Það bar við, einn hvíldardag, þegar Jesús gekk með lærisveinum heim frá samkunduhúsinu, að þeir fóru yfir kornakur. [59]

Það var áliðið dagsins og lærisveinarnir voru orðnir hungraðir. Þeir týndu nokkur öx, néru þau milli handanna og átu kornið.

Það var leyfilegt sérhverjuni, sem fór yfir akur eða sáðlönd, að taka svo mikið sem hann vildi eta; einungis á hvíldardegi mátti það ekki. Óvinir Krists sáu hvað lærisveinarnir gjörðu, og þeir sögðu við frelsarann:

»Sjá, lærisveinar þínir gjöra það, sem ekki er leyfilegt að gjöra á hvíldardegi«. (Matt. 12, 2).

En Jesús afsakaði lærisveina sína. Hann minti sakberendur sína á það, að þegar Davíð var hungraður fór hann inn í helgidóminn og át þar af skoðunarbrauðunum og gaf mönnum sínum með sér.

Ef það var rétt af Davíð að eta skoðunarbrauðin, þegar hann var hungraður, var það þá ekki rétt af lærisveinunum, þegar þeir voru hungraðir, að tína kornöx á hinum heilögu stundum hvíldardagsins?

Hvíldardagurinn er ekki orðinn til, til þess að vera mönnum til byrðar og erfiðleika. Tilgangurinn var, að hann veitti þeim hvíld og frið, og yrði þeim þannig til gagns og ánægju. Því sagði Drottinn: »Hvíldardagurinn varð til mannsins vegna, og eigi maðurinn vegna hvíldardagsins«. (Mark. 2, 27).

»En á öðrum hvíldardegi bar svo til, að Jesús kom inn i samkunduna og kendi; og þar var inadur nokkur, og var hægri hönd hans visin.

En fiæðimennirnir og Farísearnir höfðu gætur á honum, hvort hann mundi lækna á hvíldardegi, til þess að þeir gætu fundið eitthvað til að kæra hann fyrir.

En hann vissi hugsanir þeirra, og hann sagði við manninn, sem hafði visnu höndina: »Ris upp, og kom hér fram«. Og hann reis upp og kom.

[60] Jesús sagði við þá: »Eg spyr yður, hvort er leyfilegt á hvíldardegi að gjöra gott eða gjöra ilt, bjarga lífi eða fyrirfara því?«

Og er hann hafði litið í kring á þá alla, sagði hann við manninn: »Rétt þú fram hönd þína«. Hann gjörði svo og hönd hans varð aftur heil.

En þeir fylltust æði. og töluðu hver við annan um hvað þeir gætu gjört við Jesúm«. (Lúk. 6, 6—11).

Frelsarinn vildi sýna þeim fram á, hvað þeir væru ósanngjarnir, og hann sagði við þá: »Hver mundi sá maður vera meðal yðar, er á eina sauðkind, og ekki tekur í hana og dregur hana upp, hafi hún á hvíldardegi fallið í gryfju?«

En þeir gátu ekki svarað þessu, og hann sagði við þá: »Hve miklu er nú maðurinn meira verður en sauðkind. Fyrir því er leyfilegt að vinna góðverk á hvíldardegi«. (Matt. 12, 11. 12). Það er leyfilegt; það er að segja, það er samkvæmt lögmálinu.

Kristur álasaði aldrei Gyðingunum fyrir það, að halda lögmál guðs, eða heiðra hvíldardaginn. Miklu fremur réttlætti hann ætíð lögmálið í allri fyllingu þess.

Esajas spáði um Krist: »Fyrir sakir réttlætis síns hefir Drottni þóknast að gjöra kenninguna háleita og vegsamlega«. (Es. 42, 21).

Kristur vildi gjöra lögmálskenninguna stóra og veglega, og hann gjörði það, með því að sýna fram á, hve undursamlega víðtæk hún væri. Hann sýndi oss, að ekki einungis verkin, sem mennirnir sjá, eiga að vera samkvæmt lögmálinu, heldur líka hugsanirnar, sem guð einn sér.

Jesús sagði við þá, sem fullyrtu, að hann væri kominn til þess að afnema lögmálið: »Ætíð þið ekki, að eg sé kominn til þess að niðurbjóta lögmálið eða spámennina, eg er ekki kominn til þess að niðurbjóta, heldur til þess að uppfylla«. (Matt. 5, 17).

Að uppfylla lögmálið, er sama sem að halda það. (Jak. 2, 8).

Því sagði Kristur, þegar hann kom til að skírast af Jóhannesi skírara: Þannig ber okkur að fullnægja öllu réttlaeti«. [61] (Matl. 3, 15).

Lögmál guðs getur aldrei breyst; því Kristur sagði: »Þangað til himinn og jörð liða undir lok, mun ekki einn bókstafur eða eitt stafstrik lögmálsins undir lok líða uns það alt er komið fram«. (Matt. 5, 18).

Þegar Jesús spurði: »Hvort er leyfilegt á hvildardegi, að gjöra gott eða ilt, að bjarga lífi eða fyrirfara því?« þá sýndi hann, að hann þekti hin óguðlegu hjörtu Faríseanna, sem ákærðu hann.

Meðan Jesús reyndi að bjarga lífi, með því að lækna hina sjúku, reyndu þeir að fyrirfara lífi, með því að ráða hann af dögum. Hvort var betra að sitja um annara líf á hvildardegi eins og þeir gjörðu, eða lækna sjúka og hjálpa nauðstöddum, eins og Jesús gjörði?

Hvort var betra, að hafa morð í huga á hinum heilaga hvildardegi guðs, eða að bera í hjarta kærleika til allra manna — kærleika, sem lýsir sér í miskunnarverkum og vingjarnlegri framkomu?

Oft báru Gyðingar Jesús það á brýn, að hann vanhelgaði hvildardaginn. Oft reyndu þeir til að lifláta hann af því hann hélt hann ekki eftir þeirra fyrirskipunum. En hann skifti sér ekkert af því. Hann hélt hvildardaginn eftir því, sem guð vildi að hann væri haldinn.

Í Jerúsalem var stór laug, sem hét Betesda. Á vissum tímum hrærðist vatnið; fólkið hafði þá trú, að engill drottins færi niður í það og hrærði það upp, og að hver, sem fyrstur færi niður í það, þegar það var þannig, mundi lækna af kvaða sjúkdómi sem hann hefði.

Fjöldi folks kom til laugarinnar í þeirri von að fá bót meina sinna; en vonir flestra brugðust. Þegar vatnið hrærðist, var mannþrönginn svo mikil, að margir komust ekki einu sinni nálægt laugarbarminum.

Einn hvíldardag kom Jesús til Betesda. Hjarta hans fylltist með-aumkvun, þegar hann virti fyrir sér hina þjáðu vesalinga, sem þar voru.

[62] Þar var maður nokkur, sem leit aumlegar út en allir aðrir. Í þrjátíu
[63] og átta ár hafði hann verið ósjálfbjarga aumingi, enginn lækni gat læknað hann. Oft hafði hann verið fluttur til Betesda; en þegar vatnið hrærðist, fór ætíð annar ofan í á undan honum.

Pennan hvíldardag, hafði hann enn einu sinni reynt að komast niður í laugina, en það varð árangurslaust. Jesús kom auga á hann, þá er hann skreið aftur að sæng þeirri, sem hann var borinn í. Kraftar hans voru að þrotum komnir. Fengi hann ekki skjóta hjálp, hlaut hann að deyjja. Meðan hann lá þarna, rendi hann við og við auga til laugarinnar; varð hann þá var við að meðaumkunarfult andlit laut niður að honum, og hann heyrði röddu, er sagði: »Viltu verða heill?«

Maðurinn svaraði hryggur: »Herra, eg hefi engan mann til þess að láta mig í laugina, þegar vatnið hrærist; en meðan eg er á leiðinni, fer annar ofan í á undan mér«.

Hann vissi ekki, að sá, sem stóð við hlið hans, gat læknað, ekki einungis einn, heldur alia, sem vildu til hans koma. Kristur sagði við hann: »Rís upp, tak sæng þína og gakk!«

Maðurinn hlýddi óðara, og nýr kraftur færðist um hann. Hann stökk á fætur, og varð þess þá vis, að hann gat slaðið og gengið.

Hvílíkur fögnuður! Hann tók sæng sína, og flýtti sér af stað og lofaði guð. Þá mætti hann nokkrum Faríseum og sagði þeim frá þessari undraverðu lækningu. Þeir glöddust ekki yfir því, en ávituðu hann fyrir það að bera sængina á hvíldardegi. En hann svaraði þeim: »Sá sem gjörði mig heilan, hann sagði mér: Tak þú sæng þína og gakk!« (Jóh. 5, 1—11).

Þá afsökuðu þeir hann, en skeltu skuldinni á þann, sem hafði sagt honum að bera sængina á hvíldardegi.

[64] Í Jerusalem, þar sem frelsarinn var nú, bjuggu margir af hinu in lærðu fræðimönnum. Þar fékk fólkið fræðslu í hinu ranga hvíldardagshelgihaldi, það kom í hópum til að tilbiðja í musterinu, og þannig útbreiddist kenning læri- feðranna og varð kunn um alt. Kristur vildi leiðrétta þessar villur, og þess vegna læknaði hann manninn

á hvildardegi og bauð honum að bera sæng sína. Hann vissi, að þetta mundi vekja eftirtekt fræðimannanna, og þannig gefa honum tækifæri til að fræða þá. Það varð einnig. Farísearnir kölluðu Jesúm fyrir Gyðingaráðið, svo að hann gæti svarað ákærum þeirra um hvildardagsbrot hans.

Frelsarinn vitnaði, að breytni hans væri samkvæmt hvíldardagsboðorðinu, samkvæmt guðsvilja og verkum. »Faðir minn starfar alt til þessa, eg starfa einnig«. (Jóh. 5, 17).

Guð starfar stöðugt að því, að viðhalda öllum lifandi skepnum. Skyldi starf hans eiga að hætta á hvíldardeginum? Skyldi hann eiga að banna sólunni að framkvæma ætlunarverk sitt þá, banna henni að senda geisla sína yflr jörðina, til að veita henni líf, ljós og yl? [65]

Skyldi Iækurinn eiga að stöðvast og hætta að vökva engin, og bylgjur hafsins hætta að framkalla flóð og fjöru?

Skyldi hveiti og maís eiga að hætta að vaxa, og tré og runnar hætta að springa út og bera blóm á hvildardegi?

Þá mundum vér missa af frjósemi jarðarinnar, og því, sem guð hefir veitt oss til viðurhalds lífínu. Starfsemi náttúrunnar verður að halda áfram hindrunarlaust, annars hljótum vér að deyja. Mennirnir hafa einnig starf, sem verður að gjörast á hvildardegi. Vér verðum að sjá fyrir nauðsynjum lífsins, hinir sjúku þurfa umönnun, hinir nauðstöddu hjálp. Guð vill ekki að neitt af því, sem hann hefir skapað, líði hinn minsta sársauka eða þjáningu, sem hægt er að lina á hvildardögunum eða nokkrum öðrum dögum. Starfsemin á himnum stöðvast ekki, og vér ættum aldrei að hætta að gjöra gott. Lögmálið bannar oss að vinna í vorar eigin þarfir á hvildardegi drottins. Vér eigum að leggja niður erfiðið fyrir hinu daglega brauði; ekkert erfiði fyrir veraldlegar skemtanir eða fyrir ávinningssakir er leyfilegt á þeim degi. En vér eigum ekki að eyða hvíldardeginum í ónytsömu aðgjörðarleysi. Eins og guð hætti sköpunarverki sinu og hvíldist á hvíldardeginum, þannig eigum vér einnig að hvilast.

* * * * *

Kaffi 12—Hinn góði hirðir.

[66] F R E L S A R I vor, kallaði sjálfan sig hirði, og lærisveioa sina
[67] kallaði hann hjörð sina. Hann sagði: »Eg er góði hirðirinn, og eg þekki mina, og mínir þekkja mig«. (Jóh. 10, 14).

Jesús átti innan skamms að yfirgefa lærisveina sina, og hann sagði þetta til þess að hughreysta þá. Hann vissi, að þegar hann væri farinn frá þeim, þá mundu þeir minnst orða hans.

Hvar sem þeir sæu hirði gæta hjarðar sinnar, þá hlytu þeir að hugsa til hinnar kærleiksfullu umönnunar, sem frelsarinn bar fyrir þeim.

Það var siður þar í landi, að hirðirinn væri yfir hjörð sinni bæði nótt og dag. Á daginn fór hann með hana yfir klungur og kletta og gegnum skógana, alt til hinna yndislegu beitolanda á árbakkanum. Á nóttunni hélt hann vörð yfir henni og verndaði hana fyrir villidýrum og ræningjum, sem oft voru þar í grend.

Hann annaðist með mikilli nákvæmni, það sem var sjúkt og veikburða í hjörð hans. Hann tók litlu lömbin í fang sér og bar þau við brjóst sér.

[68] Hvað stór sem hjörðin var, þekti þó hirðirinn hvern einasta sauð. Hann gaf sérhverjum þeirra nafn, svo að hann gæti kallað á þá með því nafni.

Þannig ber Kristur, hinn himneski hirðir, umhyggju fyrir hjörð sinni, sem er dreifð út um allan heiminn. Hann þekkir nöfn vor allra. Hann þekkir húsið, sem vér búum í. Hann ber slíka umhyggju fyrir hverjum einstakling, eins og það væri enginn annar til í heiminum.

Hirðirinn gekk á undan hjörðinni og bægði frá allri hættu. Hann varð að berjast við villidýr og ræningja, og stundum var hann drepinn, meðan hann var að verja hjörð sína.

Þannig verndar frelsarinn lærisveinahjörð sina. Hann hefir gengið á undan oss. Hann hefir lifað á jörðunni eins og vér. Hann var barn, ungmenni og fulltíða maður. Hann yfirvann Satan og allar freistingar hans, svo að vér gætum einnig unnið sigur yfir honum.

Hann dó til þess að frelsa oss. Þott hann sé á himnum, gleymir hann oss ekki eitt augnablik. Hann mun trúlega gæta hvers einasta sauðs. Ovinurinn getur ekki tekið einn einasta af þeim, sera fylgja honum eftir.

Einn hirðir gat haft hundruð sauða, en ef einn þeirra vantaði, varð hann ekki eftir hjá þeim, er vísir voru, Hann fór að leita að því, sem tapað var.

Hann fór út í náttmyrkrið, í regn og storm, yfir fjöll og dali. Hann hafði enga ró, fyr en sauðkindin var fundin.

Og þá er hann hafði fundið hana, tók hann hana sér í fang og bar hana til hjarðarinnar. Hann kvartaði ekki yfir hinni erfiðu leit, en sagði glaður: »Samgleðjist mér! Því að eg hefi fundið sauðinn minn, sem var týndur«. (Lúk. 15, 4—7).

Þannig ber frelsis-hirðirinn ekki einungis umhyggju fyrir þeim, sem visir eru. Hann sagði: »Mannsins sonur er kominn til að leita að hinu týnda og frelsa það«. (Matt. 18, 11).

»Eg segi yður, þannig mun verða gleði á himnum yfir einum syndara, sem gerir iðrun, fremur en yfir níutiu og niu réttlátum, er ekki þurfa iðrunar við.« (Lúk. 15, 7).

Vér höfum syndgað og ráfað burt frá guði. Kristur segir, að vér séum eins og villuráfandi sauðir. Hann kom til að hjálpa oss til að lifa án syndar, og það kallar hann að leiða oss á hinn rétta veg. [69]

Þegar vér snúum við með hirðinum og höldum oss frá syndinni, þá segir Kristur við englana á himnum: »Samgleðjist mér! Því að eg hefi fundið sauðinn minn, sem var týndur«.

Og fagnaðarríkur lofsöngur heyrir frá englasönglókknum, sem fyllir allan himinn með unaðsfögnum hljómi.

Kristur talar ekki um hryggan hirði, sem kemur aftur án þess, að hafa fundið sauðinn. Vér getum því verið vissir um, að ekki einn einasti villuráfandi sauður af hjörð guðs er gleymdur, enginn er hjálparlaus, sérhvern þann, sem vil frelsast, mun frelsarinn losa úr fjötrum syndarinnar.

Látum því alla villuráfandi fá nýtt hugrekki. Góði hirðirinn leitar að þér. Mundu, að verk hans er að »frelsa það týnda«. Og það ert þú.

Að efast um, að mögulegt sé að frelsa þig, er að efast um, að sá haíi mátt til að frelsa, sem hefir keypt oss svo dýru verði. Látum trú koma í stað vantrúar. Littu á þær hendur, sem voru særðar þin vegna, og gleðstu yfir því, að þær hafa mátt til að frelsa.

Mundu, að guð og Krislur láta sér ant um þig, og að allir herskarar liiminsins vinna ávall að því, að frelsa syndara.

Meðan Kristur var hér á jörðunni, sýndi hann með kraftaverkum sínum, að hann hefir fullkominn mátt til að frelsa. Með því að lækna líkamlegan veikleika, sýndi hann, að hann gat hreinsað hjartað frá synd.

Hann lét hina höltu ganga, hina daufu heyra og hina blindu sjá. Hann hreinsaði hina líkþráu vesalinga, og alls konar sjúkdóma læknaði hann.

[70] Fyrir orð hans, varð sjálfur djöfulinn að fara út af þeim, sem bann hafði náð valdi yfir. Þeir sem sáu þessi kraftaverk, sögðu með mikilli undrun: »Hvað er þetta? Jafnvel ílium öndum skipar hann með myndugleika og valdi að fara, og þeir hlýða honum«.

Eftir skipun Jesú, gat Pétur gengið á sjónum. En hann varð að hafa augun á frelsaranum, því strax og hann leit af honum, byrjaði hann að efast og að sökkva.

Þá kallaði hann: »Herra, frelsa þú mig!« Og frelsarinn rétti út hönd sína og tók í hann. (Matt. 14, 28—31).

Hvenær sem einhver ákallar Jesú um hjálp, er hönd hans útrétt til að frelsa þann.

[71] Frelsarinn uppvakti fólk frá dauðum. Einn þeirra var sonur ekkjunnar frá Nain. Þegar verið var að bera hann til grafar, mætti fólkið Jesú. Hann tók í hönd hins unga manns, reisti hann upp og gaf móðurinni hann aftur lifandi. Syrgjendurnir sneru síðan heim með lofgjörð Og þakklæti til guðs.

Þannig uppvakti hann einnig dóttur Jairusar. Og Lazarus, sem hafði legið dauður í fjóra daga, blýddi skipun Jesú og kom fram úr gröf sinni.

Þannig mun það verða, þegar Kristur kemur aftur til jarðarinnar. Raust hans mun þrengja sér niður í grafirnar, og »þeir, sem í Kristi eru dánir, munu upp rísa í dýrð til eilífs lífs; og síðan munu þeir vera með drotni alla tíma«. (1. Þess. 4, 16. 17).

Það voru undraverð verk, sem frelsarinn gjörði, meðan hann var hér á jörðunni. Hann talar um það í svari, sem hann sendi til Jóhannesar skírara. Johannes sat í fangelsi og var farinn að láta hugfallast og mæddist af efasemdum um, hvort Jesús væri í raun og veru Messias. Hann sendi því nokkra af lærisveinum sínum til Jesú með þessa spurningu:

»Ert þú sá, sem koma á, eða eigum vér að vænta annars?«

Þegar sendimennirnir komu til Jesú, var hann umkringdur af bágstöddu og sjúku fólki, sem hann læknaði og bjálpaði. Þeir urðu að biða allan daginn, meðan hann án afláts vann að því að hjálpa hinum bágstöddu. Að síðustu sagði hann:

»Farið og kunngjörið Jóhannesi það, sem þér heyrið og sjáið: Blindir fá sýn og haltir ganga, líkþráir hreinsast og daufir heyra og dauðir upprisa og fátækum er boðað fagnaðarerindi«. (Matt. 11, 3—5).

Í hálf fjórða ár, gekk Jesús þannig »um kring og gjörði got«. Svo kom sá timi, er hann skyldi hætta að starfa hér á jörðinni. Hann átti að fara með lærisveinum sínum til Jerusalem til þess að verða svikinn, dæmdur og krossfestur. Þannig áttu hans eigin orð að uppfyllast: »Góði hirðirinn gefur líf sitt út fyrir sauðina«. (Jóh. 10,11).

* * * * *

Kaflí 13—Týndur og fundinn

[72]

[73]

* * * * *

Pað vantaði einn af hundraðshjörð,
sem við húsinn undi kát;
bara' einn, sem veðrin velktu hörð
og varga fyrirsát.
Svo fjærri var hirðir, hjálp og ráð,
hann hlaut að verða dauðans bráð.

»Þú enn átt ní'tíu og níu til,
þó nú sé horfinn einn«.
En hirðirinn sagði: »Eg víst ei vil,
að villist frá mér neinn.
þó bíði mín frost og fár og nauð,
eg fer að heimta minn týnda sauð«.

O, hver fær sagt, þó að heimtist heim,
hvaðirinn góði leið,
í villumyrkrum, um voðans geim,
yfir vötn og klungrin breið!
Hann heyrði kallað á hjálp í nauð,
hann heyrði gjörla sinn týnda sauð.

Hvað þýða þeir dropar, sú dreyruga slóð
ó, Drottinn, þá köldu leið?
»Fyrir sauðkind mína eg sel mitt blóð
hún var sokkin í dauðans neyð«.
»Hví er hönd og fótur með svöðu sár?«
»Þar særði mig þyrnanna hvassi ljár«

Pá flaug um jörðina fegins-óp,
þó full sé með sorg og naud,

í fjöllum gullu við gleði-hróp:

»Ó, gleðjist, eg fann minn sauð«
og ljóssins englar við æri sól
það endurtóku við Drottins stól.

Kaflí 14—Jesús ríður inn í Jerúsalem

[74] J E S Ú S fór til Jerusalem, til að taka þátt í páskahátíðinni.
[75] Hann var umkringdur af fólksfjölda, sem einnig var að fara á þessa árshátíð.

Hann bað tvo af lærisveinum sínum að fara og sækja ösnu og fola hennar svo hann gæti ríðið inn í Jerusalem. Þeir gjörðu svo og lögðu klæði sín á þau og meistarinn sté á bak.

Í sama bili heyrðist siguróp frá mannfjöldanum, sem heilsaði honum sem Messiasi, konungi sinum. Fyrir meir en fimm liundrud árum hafði spámaðurinn ritað um þenna atburð:

»Fagna þú mjög, dóttirin Zíon! ... sjá, konungur þinn kemur til þin; réttlátur er hann og sigursæll; litillátur, og ríður á asna, ungum ösnufola«. (Sak. 9, 9).

Allir í þessum mikla mannfjölda, sem stöðugt fór vaxandi, voru glaðir og fullir eldlegum áhuga. Þeir gátu ekki gefið Jesú neinar dýrmætar gjaír, en þeir breiddu klæði sín á veg hans, og hjuggu greinar af hinum fögru oliutrjám og pálmum og stráðu þeim á veginn. Fólkið fylgdi Jesú eftir í þeirri von, að nú mundi hann setjast í hásæti Davíðs í Jerusalem.

[76] Frelsarinn hafði aldrei fyr leyft því að hylla hann eins og konung. En í þetta sinn, vildi hann á sérstakan hátt birtast heiminum sem frelsari.

Guðs sonur átti innan skamms að fórnfærast fyrir syndir manna. Á komandi tímum átti söfnuður bans að gjöra dauða hans -að tilefni til alvarlegrar yfirvegunar og rannsókna. Það var því nauðsynlegt að allra augu veittu honum athygli í þetta sinn.

Eftir slíkan viðburð sem þenna, gat krossfesting hans og dauði ekki dulist heiminum. Guð ætlaðist til að sérhver viðburður, er skeði hina síðustu daga af lífi frelsarans, væri svo greinilegur, að hann gæti ómögulega gleymst.

Í þessum mikla mannfjölda, sem var í kringum Jesúm, var margt af því fólki, sem hann hafði gjört kraftaverk sín á.

Hinir blindn, sem hann gaf sjónina gengu í broddi fylkingar.

Hinir mállausu, sem hann gaf málið, hrópuðu allra hæst hósíanna.

Og aumingjarnir, sem hann hafði læknað af alls konar sjúkdómum, hlupu nú af gleði og voru hinir áköfustu í því að höggva pálmagreinarnar af og strá þeim á veginn.

Ekkjur og munaðarleysingar vegsömuðu nafn hans, fyrir þau miskunarverk, sem hann hafði gjört á þeim.

Hinir vesælu íkþrársjúklingar, sem hann hafði hreinsað, breiddu nú klæði sín á veginn, og þeir dauðu, sem hann hafði uppvakið, voru einnig viðstaddir.

Lazarus, sem hafði verið farinn að rotna í gröfinni, var nú glaður og í fullu fjöri og var einn af þeim, sem fylgdu Jesúm inn í Jerúsalem.

Eftir því, sem fleiri bættust við þenna mikla mannfjölda, óx ákafi fólksins og það tók að hrópa svo hátt að bergmálið barst yfir fjöll og dali:

»Hósíanna syni Davids! Blessaður sé sá, er kemur í nafni drottins! Hósíanna í hæstum hæðum!« (Matt. 21,9).

Margir af Faríseunum sáu þenna viðburð, og þeim mislíkaði það mjög. Þeir fundu að þeir voru að hætta að hafa áhrif á fólkið. Þeir reyndu af öllum mætti að þagga niður í mannfjöldanum; en það varð einungis til þess að auka ákafann.

Þegar þeir sáu, að þeir gátu ekki stjórnað fólkinu, þrengdu þeir sér gegnum hópinn og þangað sem Jesús var og sögðu við hann:

»Meistari, hasta þú á lærisveina þína«.

Þeir sögðu að slíkur hávaði væri ekki leyfilegur og yfirvöldin mundu ekki líða hann.

Jesús svaraði og sagði: »Eg segi yður, að ef þessir þegðu, mundu steinarnir hrópa«;. (Lúk. 19, 39. 40).

Þessi sigurfylking var eftir guðs ráðstöfun; spámennirnir höfðu sagt fyrir þennan viðburð, og enginn veraldlegur máttur gat afstýrt því, að hann kæmi fram.

Guðs verk og málefni mun ætíð hafa sinn framgang, þrátt fyrir alt það, sem mennirnir gjöra til þess að hindra það eða kollvarpa því.

Mannfjöldinn fór yfir hæð nokkura, þaðan var fögur útsjón yfir Jerúsalem, borgin blasti þar við í öllu sínu skrauti. Allra augu litu á frelsarann; fólkið vonaðist eftir að sjá hina sömu aðdáun í ásjónu hans og þá, er lýsti sér hjá því sjálfu.

Jesús staðnæmdest, sorgarský sveif yfir ásjónu hans, og öllum til mikillar undrunar grét hann.

[77]

[78]

[79]

[80]

Þeir, sem sáu þetta, gátu ekki skilið af hverju hann hrygðist; en þessi fagra borg var dæmd til að eyðileggjast, og hann grét yfir óhamingju hennar. Hann hafði borið svo mikla umhyggju fyrir henni, og nú særði það hjarta hans að hugsa til þess, að hún innan skamms ætti að verða eyðilögð.

Með harmþrunginni röddu hrópaði hann: »Ef einnig þú, hefðir á þessum degi vitað það, sem til þíns friðar heyrir! en nú er það hulið fyrir augutn þínum.

[81] Því að þeir dagar munu koma yfir þig, að óvinir þínir munu gjöra
[82] hervirki um þig og setjast ura þig og þröngva þér á alla vegu; og þeir munu leggja þig að velli og börn þín, sem í þér eru, og ekki skilja eftir stein yfir steini í þér, vegna þess þu þektir ekki tíma vitjunar þinnar«. (Lúk. 19, 42—44).

Ef íbúarnir hefðu gefið gaum að kenningu Krists, þá mundi Jerusalem hafa staðið að eilífu.

Hún hefði getað verið orðin drottning heimsríkjanna, frelsi og styrkur hefði henni hlotnast frá guði.

Þá hefðu ekki vopnaðir hermenn gjört umsát um hana, þá hefðu heldur ekki hin rómversku merki blaktað yfir borgarmúrum hennar.

En þá mundi friðarboðskapurinn hafa hljómað frá Jerusalem til allra þjóða. Hún mundi hafa verið orðin kóróna heimsins — orðin hans fegursta þryði.

En Gyðingarnir höfðu útskúfað frelsara sínum; þeir voru rétt komnir að því að krossfesta konung sinn. Og um sólarlag það sama kvöld, mundu forlög Jerúsalemsborgar að eilífu vera ákveðin.

(Hér um bil 40 árum síðar var Jerusalem algjörlega eyðilögð; hinn rómverski her brendi hana til kaldra kola).

[83] Þá er Gyðingarnir fréttu, að Jesús nálgaðist borgina með fjölda fylgismanna, gengu þeir á móti honum og reyndu að tvístra flokknunum. Þeir vildu nú sýna vald sitt og skörulega framkomu. Þeir spurðu: »Hver er þessi?« (Matt. 21, 10).

Lærisveinarnir, sem voru fylltir guðs anda, svöruðu: »Adam getur sagt yður það, hann segir: Hann er sseði konunnar, sem mun merja höfuð höggormsins«.

»Spyrjið Abraham, hann getur sagt yður það, hann segir: Hann er Melkisedek, Salem-konungur, friðar-konungur«.

»Jakob getur sagt yður það, hann segir: Hann er Silo af Júða upprunninn«.

»Esajas getur sagt yður það, hann segir: Hann er Immanúel, undraráðgjafi, guðhetja, eilífðarfaðir, friðarhöfðingi«.

»Jeremías getur sagt yður það, hann segir: Hann er rôtarkvistur Davíðs, drottinn, vort réttlæti«.

»Daníel getur sagt yður það, hann segir: Hann er Messías«.

»Hósea getur sagt yður það, hann segir: Hann er drottinn guð allsherjar, drottinn er bans natn«.

»Jóhannes skirari getur sagt yður það, hann segir: Hann er lambið guðs, sem ber synd heimsins«.

»Hinn mikli Jehóva hefir sjálfur kunngjört frá hásæti sínu: Þessi er sonur minn, hinn elskaði!«

»Vér, lærisveinar hans vitum, að þessi er Jesús, Messias, höfðingi lífsins, frelsarinn«.

»Já einnig myrkrahöfðinginn kannast við, hver hann er, og segir: Eg þekki þig, veit her þú ert, þú hinn heilagi guðs«.

* * * * *

Kaflí 15—»Farið með þetta héðan«.

[84] T Í Ð K A Ð U R var sá siður meðal Gyðinga, að verzla í guðs-
[85] húsi.

Daginn eftir að Jesús var kominn til bæjarins, gekk hann inn í musterið. Fyrir þrem árum hafði hann séð menn kaupa og selja í forgarði musterisins, og hann hafði ávítað þá og rekið út.

Þegar hann nú kom aftur inn í musterið, sá hann menn, er ráku þar hina sömu verzlun. Forgardurinn var fullur með nautgripi, fénað og fugla. Þetta var selt þeim, er færðu fórnir fyrir syndir sínar.

Þeir, sem ráku þessa verzlun, ræntu og féflettu aðra, og svo mikil voru ólætin og hávaðinn, að það truflaði þá, sem voru inni í musterinu að biðjast fyrir.

Kristur stóð á palli musterisins og horfði rannsóknaraugum yfir forgarðinn. ósjálfrátt litu allir til hans. Háreysti fólksins og dýranna minkaði. Allir litu með undrun og skelfingu á son guðs.

Hið guðdómlega eðli frelsarans gjörði nú vart við sig og lýsti sér í röggsemi og valdi, sem hann var ekki vanur að beita.

Þögnin varð næstum óþolandi.

Að siðustu sagði hann með hárrí og skýrri röddu, sem hafði lík áhrif á fólkið og þrumuveður:

[86] »Ritað er: Mitt hús á að vera bænahús, en þér hafið gert það að ræningjabæli«. (Lúk. 19, 46).

Og með enn meira valdi, en hann hafði sýnt fyrir þremur árum, skipaði hann: »Farið með þetta héðan!«

Einusinni áður höfðu prestarnir og höfðingjarnir flúið fyrir hljómnunum af þessari röddu, en þeir höfðu skammast sín svo mikið fyrir þenna flótta, að þeir hugsuðu að slíkt skyldu þeir aldrei oftár láta koma fyrir.

En í þetta sinn, urðu þeir enn óttaslegnari og flýttu sér enn meir að hlýða skipun hans en í hið fyrra sinn, og í skyndi, flýðu þeir út úr musterinu með nautgriphjörðina á undan sér.

Forgarður musterisins fylltist strax fólki, sem færði sjúka til Jesú til þess að bann læknaði þá. Sumir voru aðfram komnir, þessir vesal-

ingar horfðu bænar augum á Jesúm og óttuðust að sjá i andliti hans hinn sama strangleika og þann, er hafði rekið þá út úr musterinu, sem seldu þar og keyptu, en þeir sáu einungis meðaumkvun og kærleika skína af ásjónu hans, hann tók vingjarnlega á móti þeim, og sjúkdómar og þjáningar hurfu jafnskjótt og hann snerti þá. Hann tók börnin ástúðlega í fang sér, huggaði þau sem grétu, læknaði þau sem sjúk voru, og fékk mæðrunum þau aftur heilbrigð og brosandí. [87]

Hvílík sjón, sem bar fyrir prestana og höfðingjana, er þeir nálg-
uðust aftur musterið! Þeir heyrðu raddir manna, kvenna og barna,
sem lofuðu guð.

Þeir sáu hina sjúku, sem hann hafði læknað, hina blindu, sem
fengu sjónina,

hina dauðu, sem fengu heyrnina, og hina höltu, sem hlupu nú um
af fögnuði.

Börnin voru fremst í flokki með fagnaðarlætin. Þau endurtóku
Hósíannahrópin, sem verið höfðu deginum áður, og sveifluðu pálma-
greinunum fyrir framan frelsarann. Í musterinu bergmáluðu hrópin:

»Hósíanna, syni Davíðs! Blessaður sé sá, er kemur í nafni drott-
ins!« (Matt. 19, 9).

»Sjá, konungur þinn kemur til þín, réttlátur og sigursæll«. (Sak. [88]
9, 9).

Gyðingahöfðingjarnir reyndu að þagga niður í þessum glöðu og
ánægðu börnum; en hjörtu þeirra voru svo full af gleði og þakklæti til
Jesú fyrir það, sem hann hafði fyrir þau gjört, að það var ómögulegt
að fá þau til að þagna.

Þá sneru þeir sér að frelsaranum í von um, að hann mundi skipa
þeim að hætta. Þeir sögðu við hann:

»Heyrir þú, hvað þessir segja?«

En Jesús segir við þá: »Já, hafið þjer aldrei lesið þetta: Af munni
ungbarna og brjóstmylkinga hefir þú tilbúið þér lof«. (Matt. 21, 16).

Hinir æðstu prestar og fræðimenn Gyðinganna höfðu kastað frá
sér þeim dýrmætu forréttindum að boða fæðingu frelsarans og efla
starf hans á jörðunni.

Lof hans varð að kunngjörast, og til þess valdi gud börnin. Hefðu
þessar glöðu barnaraddir verið þaggaðar niður, þá mundu jafnvel
súlur mustersins hafa hrópað frelsaranum lof.

Kaflí 16—Lofgjörö

[89]

Af barnanna munni‘ þú bjóst þér hrós
og búiö þér lofgörö hefur,
þú drottinn, er skaptir líf og ljós
og líkn þína‘ oss öllum gefur;
þu græddir oss marga gleöirós
og geislum oss björtum vefur.

Ó, skyldum vér börnin þegja þá
og pakka‘ ekki dásemd slíka;
hve blessar þú vel þin börnin‘smá,
og blómin á jöröu líka?
Því skulum vér hrós og heiöur tjá
um hjartað þitt elskuríka.

Í loftinu kát þig lofar hjörð
í ljósinu himinsala;
og glitrandi blóm á grænni jörð
um grundir og hlíð og bala.
Ef það eigi flytti þakkargjörð,
já, þá mundu steinar tala.

* * * * *

Kaflí 17—Yið páskak Yeldmáltíðina.

T I L Jerusalem kom ætíð mikill mannfjöldi á páskahátíðina, [90]
og þeir, sem bjuggu í borginni, voru ávalt undir það búnir að láta [91]
gestina fá herbergi í þeirra húsum, svo þeir gætu haldið hátíðina þar.

Ísraelsmenn neyttu hinnar fyrstu páskamáltíðar, þá er þeir voru
leystir úr ánauðinni í Egyptalandi.

Guð hafði lofað þeim lausn. Hann hafði sagt þeim, að frumburður
hverrar fjölskyldu í Egyptalandi skyldi verða deyddur.

Hann hafði sagt þeim að merkja dyrustafi sína með blóði hins
slátraða lambs, svo dauða engillinn gæti gengið fram hjá þeim.

Lambið áttu þeir að steikja og eta, um kveldið, með ósýrðu brauði
og beiskum jurtum, sem áttu að tákna beiskju þrældómsins.

Þegar þeir átu lambið, áttu þeir að vera ferðbúnir með skó á
fótum og staf í hendi.

Ísraelsmenn gjörðu eins og guð bauð þeim, og á sömu nóttu
sendi Egyptalandskonungur boð til þeirra um, að þeir mættu fara í
friði.

Um morguninn lögðu þeir af stað til hins fyrirheitna lands. [92]

Á hverju ári eftir þetta, héldu Ísraelsmenn páskahátíð, þessa
sömu nótt í Jerusalem. Þeir steiktu lamb og átu það með brauði og
beiskum jurtum, eins og forfeður þeirra höfðu gjört í Egyptalandi.
Þeir sögðu börnunum frá því, hvað guð hefði auðsýnt þeim mikla
gæzku, þegar hann leysti þá úr þrældómnum í Egyptalandi.

Stundinn var nú komin, og Kristur ætlaði að halda hátíðina með
lærisveinum sínum. Hann bað því Pétur og Jóhannes að útvega þeim
stað og útbúa páskakveldmáltíðina.

Frelsarinn sagði Pétri og Jóhannesi, að þegar þeir kæmu út á
götuna, mundu þeir mæta manni með vatnskrús. Hann sagði þeim
að fylgja honum eftir og fara inn í sama bus og hann færi inn í. Og
hann bað þá að segja við húsbóndann í þessu húsi:

»Meistarinn segir við þig: Hvar er herbergið, þar sem eg megi
neyta páskalambsins með lærisveinum mínum?«

Og hann sagði þeim enn fremur, að þessi maður mundi þá sýna þeim loftsál mikinn, búinn hægindum, og þar áttu þeir að gjöra fyrirbúnað. Og þetta skeði alt eins og frelsarinn hatði sagt.

Lærisveinarnir voru einir með Jesú við páskakveldmáltíðina, og sá tími, sem þeir voru þannig með honum, við slíkar hátíðir, var ætíð gleðitími, en nú var frelsarinn með hryggum huga.

Og er bann hafði sezt undir borð með postulum sínum, sagði hann með harmþrunginni röddu:

»Hjartanlega hefi eg þráð að neyta þessarar páskamáltíðar með yður, áður en eg líö«.

Á borðinu var vínberjavökvi; hann tók bikar, gjörði þakkir og mælti:

»Takið þetta og skiftið því á meðal yðar; því að eg segi yður, að eg mun ekki upp frá þessu drekka af ávexti vinviðarins, unz guðs ríki kemur«. (Lúk. 22, 11. 15. 17. 18).

[93] Þetta var í síðasta sinni, sem Kristur átti að halda páskahátíð með lærisveinum sínum. Í rauninni voru þetta hinir síðustu páskar, sem nokkurn tíma átlu að haldast; því lambinu var slátrað til þess að tákna dauða Krists, svo að fólkinu yrði það skiljanlegt. Þegar því Kristi, því guðs lambi, var slátrað fyrir syndir heimsins, var ekki framar nauðsynlegt að slátra lambi, til þess að tákna dauða hans.

Þá er Gyðingarnir, með því að lífláta Krist, höfðu fyrir fult og alt útskúfað honum, þá höfðu þeir um leið útskúfað öllu því, er veitti þessari hátíð hina sönnu þýðingu. Eftir þetta varð hún einungis nafnið tómt.

Meðan Jesús tók þátt í þessari páskamáltíð, hugsaði hann um þessa miklu síðustu fórn. Innan skamms átti hann að líða dauðann á krossinum, og sú tilhugsun kvaldi hjarta hans. Hann fann þegar til þeirrar angistar, er bann átti að líða.

Hann vissi fyrir hvílíkri grimd og vanþakklæti hann mundi verða af þeim, sem hann kom til að frelsa, en það voru ekki hans eigin þjáningar, sem hann hugsaði um.

Hann aumkvaðist yfir þá, sem mundu missa hið eilífa líf, með því að útskúfa frelsara sínum.

Nú dvaldi hugur hans mest hjá postulunum. Hann vissi, að eftir dauða hans yrðu þeir einir að berjast baráttunni í heiminum.

Hann hafði svo margt að segja þeim, svo margt, sem mundi verða þeim til hughreystingar, þegar hann væri farinn frá þeim. Hann hafði

vonað að geta sagt þeim það, við þeirra síðustu samfundi, en nú gat hann það ekki.

Hann vissi, að þeir voru ekki undir það búnir að taka á móti því.

Það hafði verið deila meðal þeirra; þeir héldu enn, að Kristur mundi verða konungur, og sérhver þeirra vildi þá hafa álitlegustu stöðuna í ríki hans, og út af þessu urðu þeir öfundsjúkir og reiðir hver við annan.

Það var líka fleira, sem orsakaði það, að þeir voru ósáttir. Við [94] hátíðleg tækifæri var það síður, að þjónn þvoði fætur gestanna, og þarna við þetta tækifæri var einnig viðbúnaður fyrir því. Þar var vatnskrús, mundlaug og líndúk. En enginn þjónn var viðstaddur, og þetta hlaut því að verða verk postulanna.

En þeir hugsuðu hver um sig, að það væri ekki sitt verk, að vera þjónn bróður síns, og hann væri ekki fús til að þvo fætur hans. Þeir höfðu því þegjandi sezt niður við borðið.

Jesús beið litið eitt, til að sjá hvað þeir mundu gjöra, svo stóð hann upp frá borðum. Hann girti sig líndúk, helli vatni í mundlaugina og tók að þvo fætur lærisveinanna.

Hann var hryggur yfir því, að þeir voru ósáttir, en hann ávitaði þá ekki harðlega fyrir það. Hann sýndi kærleika sinn til þeirra með því að gjöra þetta þjónsverk á sínum eigin lærisveinum. Þegar hann var búinn, sagði hann við þá:

»Ef þá ég, herrann og meistarinn, hefi þvegið fætur yðar, ber [95] einnig yður að þvo hver annars fætur; því að ég hefi gefið yður eftirdæmi, til þess að þér breytið eins og ég breytti við yður«. (Jóh. 13, 14. 15).

Með þessu kendi Jesús þeim, hvernig þeir ættu að hjálpa hver öðrum.

Í stað þess að liugsa ætíð í öllu mest um sjálfan sig ætti sérhver að vera fús að veita meðbræðrum sínum hjálp.

Frelsarinn kom í heiminn til þess að vinna fyrir aðra. Hann lifði til þess að hjálpa þeim, sem bágstaddir voru — til að frelsa syndarana, og hann vill, að vér skulum breyta eins og hann breytti við oss.

Lærisveinarnir skömmuðust sín nú fyrir öfund sína og eigingirni. Hjörtu þeirra fylltust elsku til meistara þeirra, og hver til annars.

Nú skildu þeir kenningu Krists.

Meðan þeir sátu enn undir borðum, tók Jesús brauðið, gjörði þakkir, braut það og gaf þeim og sagði: »Þetta er líkami minn, sem fyrir yður er gefinn; gjörði þetta í mína minningu«.

Og á sama hátt, tók hann, eftir kvöldmáltíðina, bikarinn og mælti: »Þessi bikar er hinn nýi sáttmáli í mínu blóði, sem fyrir yður er úthelt«. (Lúk. 22, 19. 20).

Biblían segir: »Svo oft sem þér etið þetta brauð og drekkið af bikarnum, boðið þjer dauða drottins þangað til hann kemur«. (1. Kor. 11, 26).

Brauðið og vínið táknar líkama Krists og blóð. Eins og brauðið er brolið, og víninu er helt, þannig var líkami Krists brotinn og blóði hans úthelt á krossinum til frelsunar fyrir oss.

Ef vér etum brauðið og drekkum vínið, sýnum vér, að vér trúum þessu. Vér sýnum einnig, að vér iðrumst synda vorra, og meðtökum Krist sem frelsara.

Meðan postularnir sátu undir borðum með Jesú, tóku þeir eftir því, að hann var enn hryggur. Það var því líkast, sem dimt ský hvíldi yfir þeim öllum, og þeir ínötudust þegjandi.

Loksins sagði Jesús við þá:

[96] »Sannlega segi eg yður, að einn af yður mun svíkja mig«. Og þeir urðu mjög hryggir og tóku að segja við hann, hver um sig:

»Er það eg, herra?«

Júdas einn þagði, og allir horfðu því á hann. En er hann sá að þögn hans vakti eftirtekt, spurði hann einnig: »Er það eg, rabbí?«

Jesús segir við hann: »Pú sagðir það«.

Jesús hafði þvegið fætur Júdasar, en það gat ekki vakið bjá honum elsku til frelsarans. Hann var reiður af því að Kristur skyldi gjöra þjónsverk, því hann þóttist nú sjá að útséð væri um það að hann yrði konungur, og hann var meir en nokkru sinni fyrir ákveðinn í því að svíkja hann.

Hann varð ekki hræddur, þó hann vissi að áform bans hefði komist upp.

Hann gekk út úr salnum í reiði, alþúinn þess að framkvæma sitt illa áform.

Það létti yfir þeim öllum er Júdas fór. Það birti yfir ásjónu frelsarans, og þá hvarf líka skugginn, sem hvíldi yfir lærisveinunum. Kristur talaði nú um stund við þá.

Hann sagði þeim, að hann færi nú til húsa födur síns, tii að búa þeim stað, og svo ætlaði hann að koma aftur og taka þá til sín.

Hann lofaði að senda þeim heilagan anda, sem ætti að vera kennari þeirra og huggari meðan hann væri í burtu. Hann sagði, að hvers sem þeir mundu biðja í hans nafni, það mundu þeir fá.

Svo bað hann fyrir þeim, hann bað um, að þeir yrðu verndaðir frá hinu illa, og að þeir mættu elska hver annan eins og hann hefði elskað þá.

Og Jesús bad einnig fyrir oss. Hann sagði:

»En eg bid ekki einungis fyrir þessum, heldur og fyrir þeim, sem á mig trúa fyrir orð þeirra, til þess að þeir séu allir eitt, eins og þú, faðir, ert í mér og eg í þér, til þess að þeir sen í okkur; til þess að heimurinn skuli trúá, að þú hafir sent mig«. (Joh. 17, 20—23).

* * * * *

Kaflí 18—í Getsemane

[97] T I L þess að gera sér ljóst, með hverju móti Jesús gat veitt syndinni mótstöðu, verðum vér að athuga framkomu hans.

Líf frelsarans hér á jörðunni var líf bænarinna. Hann var oft margar stundir einn í samfélagi við guð, og sendi innilegar bænir upp til síns himneska föður. Það veitti honum vísdóm og þrek til að vinna hans ætlunarverk og verndaði hann frá því, að falla fyrir freistingum Satans.

Eftir að Jesús hafði etið páskalambið með lærisveinum sínum, fór hann með þeim til grasgarðsins Getsemane, þangað sem hann svo oft hafði farið með þeim til að biðja.

Á leiðinni talaði hann við þá og uppfræddi þá, en er þeir nálguðust grasgarðinn varð hann hljóður.

Jesús hafði lífað alt líf sitt fyrir augliti föður síns. Guðs andi hafði stöðugt verið leiðtogi hans.

Hann gaf guði ætíð dýrðina af öllum sínum verkum hér á jörðunni, og hann sagði: »Ekki megna eg að gjöra neitt af sjálfum mér«. (Jóh. 5, 30). Vér megnum ekki að gjöra neitt af sjálfum oss.

[98] Það er einungis með því, að vér gefum oss á Jesú vald og öðlumst styrk frá honum, að vér getum sigrað og gjört vilja hans hér á jörðunni.

[99] Vér verðum að bera sama einlæga, barnslega traustið til bans, og hann bar til föður síns. Kristur sagði: »Án mín gelið þér alls ekkert gjört«. (Jóh. 15, 5).

Salarangistin, sem frelsarinn leið, þessa óttalegu nótt í Getsemane, byrjaði, þá er hann nálgadist grasgarðinn.

Það var alveg eins og hann væri nú búinn að missa þann viðhaldskraft frá íöðurnum, sem hann ávalt hafði haft.

Hann byrjaði að skilja, hvað það var að vera útilokaður frá guði. Kristur varð að bera synd heimsins, og þegar hún nú var lögð á hann, leit það út fyrir að vera meira en hann gæti borið.

Syndasektin var svo óttaleg, að hann freistaðist til að hugsa, að guð væn hættur að elska hann.

Hann fann hina miklu misþóknun, sem guð hefir á syndinni og hann sagði: »Sál mín er sárhrygg alt til dauða«.

Jesús háði látið alla lærisveinana verða eftir, nálægt grasgarðshlíðinu, nema Pétur, Jakob og Johannes, þá þrjá tók hann með sér inn í garðinn. Þeir voru honum handgengnastir og hann gat borið mest traust til þeirra. En samt var honum ómögulegt, að láta jafnvel þá, vera vitni að þeirri sálarkvöl, sem hann varð nú að líða. Hann sagði við þá:

»Bíðið hér og vakið með mér«. (Matt. 26, 30).

Og hann gekk lítið lengra áfram, og féll fram á ásjónu sína.

Hann fann að syndin skildi hann frá föður hans, og þetta djúp, sem komið var á milli þeirra, fanst honum svo stórt og dimt, að hann titraði við að hugsa um það.

Kristur leið ekki fyrir sínar, heldur fyrir syndir heimsins. Hann fann til misþóknunar guðs á syndinni, alveg á sama hátt og syndarinn mun finna á hinum mikla degi dómsins.

Í angist dauðans, kraup Jesús niður að kaldri jörðunni og frá hinum fölu vörum bans hljómuðu þessi sáru orð: »Faðir minn, ef mögulegt er, þá fari þessi bikar fram hjá mér; þó ekki sem eg vil, heldur sem þú vilt«. (Matt. 26, 39).

[100]

I nokkurn tíma, bar Jesú einn þjáningar sínar, en svo gekk hann til lærisveina sinna til þess að fá hluttekningu bjá þeim.

En þar var enga meðaumkvun að fá; því þeir sváfu. Þeir vöknudu við hljóminn af röddu hans, en þeir ætluðu naumast að þekkja hann, svo var andlit hans orðið breytt af hinni óttalegu sálarkvöl. Hann sagði þá við Pétur:

»Símon, sefur þú? Gastu ekki vakað eina stund?« (Mark. 14, 37).

Rétt áður en þeir gengu inn í grasgarðinn hafði Jesús sagt við lærisveina sína: »Í nótt munuð þér allir hneykslast á mér«.

En þeirfullvissuðu hann um, að þeir vildu fylgja honum i fangelsiog í sjálfan dauðann. Og vesalings Pétur bætti við, fullur af sjálfstrausti: »Þótt jafnvel allir kunni að hneykslast, þá skal eg þó eigi«. (Mark. 14, 27. 29).

Lærisveinarnir treystu á sjálfa sig; þeir gleymdu að lypta huga sínum upp til hins máttuga hjálpara, eins og Jesús þó svo oft hafði ráðlagt þeim.

Og þegar frelsarinn fann mesta þörf fyrir hluttekningu og fyrir-

[101]

bænir, fann hann þá sofandi. Jafnvel Pétur svaf.

Og Johannes, hinn ástkæri lærisveinn, sem svo oft hafði hallað sér að brjósti Jesú, svaf einnig. Elska sú, sem Johannes bar til meistara sins, hefði þó sannarlega átt að geta haldid honum vakandi.

Á þessari þjáningarstundu, hefðu bænir hans átt að stiga upp til föðursins með bænum frelsarans. Oft hafði Jesús beðið heilar nætur fyrir lærisveinum sinum — beðið um að trú þeirra ekki bilaði á reynslustundunum; og þó gátu þeir ekki vakað með honum eina stund.

Hefði Jesús nú sagt við Jakob og Johannes: »Getið þið drukkið bikarinn, sem eg drekk, eða skirst þeirri skirn sem eg skirist?« Þá mundu þeir ekki hafa svarað eins fljótt og þeir gjörðu áður: »Vér getum«.

Þegar frelsarinn sá veikleika lærisveinanna, fylltist hjarta hans meðaumkvun, og hann óttaðist, að þeir mundu ekki geta staðist þá reynslu, sem þjáningar hans og dauði hefði í för með sér.

Ekki ávitaði hann þá þó fyrir vanmátt þeirra, en hann hugsaði til þeirra rauna, sem fyrir þeim lögju, og hann sagði við þá:

»Vakið og biðjið, til þess þér fallið ekki í freistni«.

Svo afsakaði hann kæruleysið, sem lærisveinarnir höfðu sýnt honum gagnvart skyldum þeirra við hann, og sagði: »Andinn er að sönnu reiðubúinn, en holdið er veikt« (Matt. 26, 41).

Hvílíkt dæmi upp á umhyggju, meðaumkvun og elsku frelsarans!

Aftur var guðs sonur gripinn af óumræðilegri sálarangist. Þreyttur og máttvana reikaði hann burt og bað eins og áður:

»Faðir minn, ef þessi bikar getur ekki farið fram hjá mér, án þess eg drekki hann, þá verði þinn vilji« (Matt. 26, 42).

[102] Og er hann bað þannig, draup svitinn af andliti hans og var sem blóðdropar. Hann gekk þá aftur til lærisveinanna, því haun þráði svo mjög hluttekningu þeirra, en hann fann þá aftur sofandi. Þeir vöknuðu er hann kom, og horfðu á hann óttaslegnir, því á andliti hans voru blóðblettir. Þeir urðu undrandi, því þeir gátu ekki skilið þessa sálarangist, sem hann bar vott um.

Í þriðja sinn, gekk hann burt til að biðja. Hræðilegt myrkur umkringdi hann. Faðirinn hafði yfirgefið hann, og án nærveru föðursins óttaðist hann, að vegna sins mannlega eðlis mundi hann ekki geta staðist þessa eldraun,

í þriðja sinn, biður hann hinnar sömu bænar.

Englarnir þráðu að mega létta byrði hans, en þeir máttu það ekki. Guðs sonur varð að drekka þenna bikar; því annars hefði heimurinn verið eilíflega glataður, Hann sér heiminn í allri eynd hans og vanmætti. Hann sér vald syndarinnar. Þessi fyrirdæmði heimur, stendur honum lifandi fyrir hugskotssjónum.

Hanu tekur sína síðustu ákvörðum. Hann vill frelsa heiminn, hvað sem það kostar. Hann hefir yfirgefið sali himinsins, þar sem alt var dýrð, hreinleikur og hamingja til þess að frelsa einn týndan sauð, þennan eina heim, sem féll fyrir syndinni, og hann vill ekki víkja frá ákvörðun sinni. Nú biður hann með fullkominni undirgefni:

»Faðir minn; ef þessi bikar getur ekki farið fram hjá, án þess eg drekki hann, þá verði þinn vilji«.

Frelsarinn fellur nú dauðvona til jarðar. Enginn lærisveinn er viðstaddur, sem hann getur hallað sínu þreytta höfði upp að, hann er aleinn; enginn í heiminum veitir honum aðstoð.

En guð tekur þátt í þjáningu sonar síns. Englarnir virða fyrir sér ásjónu frelsarans. Það ei þögn á himnum. Engin harpa hljómar. Hefðu mennirnir getað séð hinn mikla englaskara, sem dapur og undrandi horfði á föðurinn, þá er hann burttók geisla dýrðar sinnar og kærleika, frá sinum elskaða syni, þá hefðu þ ’, eir betur skilið, hversu andstyggileg syndin er í augum hans.

Voldugur engill kemur nú til Krists og lyftir hinu þjáða höfði hins guðdómlega, sorgmædda frelsara upp að brjósti sér og bendir til himins. Hann segir honum, að hann haúi unnið sigur yfir Satan, og þess vegna muni margar miljónir manna standa sem sigurvegarar í hinu dýrðlega ríki hans.

[103]

Yfir hinu blóðuga andliti frelsarans hvílir nú himneskur friður. Hann hafði þolað það, sem enginn maður nokkurn tíma getur þolað, því hann hefir smakkað dauðann fyrir alla menn.

Enn gekk Jesús til lærisveinanna, og enn fann hann þá sofandi. Ef þeir hefðu vakað og beðið með frelsara sínum, þá hefðu þeir öðlast hjálp í þeirri reynslu, sem lá fyrir þeim. En af því að þeir gjörðu þetta ekki, höfðu þeir ekkert þrek, þegar á þurtti að halda.

Jesú leit hryggur á þá og sagði: »Sofið seinna og hvílist! Sjá, stundin nálgast, og mannsins sonur er framseldur í hendur syndara«.

Meðan hann mælti þetta, heyrði hann til flokksins, sem kom að leita hans. Og hann sagði:

»Standið upp, förum; sjá, sá er í nánd, er mig svíkur«. (Matt. 26, 45. 46).

* * * * *

Kaflí 19—Jesus er svikinn og tekinn höndum.

N U er Jesús gekk fram til að mætá svikara sínum, sáust ekki [104] á honum nein merki þeirra þjáninga, sem hann hafði nýlega liðið. Hann gekk á undan lærisveinum sínum og sagði við mannfjöldann: »Að hverjum leitið þér?« Þeir svöruðu honum: »Að Jesú frá Nazaret«.

Jesús segir við þá: »Eg er hann«. (Jóh. 18, 4. 5).

Meðan Jesús mælti þessum orðum, kom engillinn, sem nýlega hafði verið hjá honum, og gekk á milli hans og mannfjöldans, og guðdómleg birta ljómaði þá af ásjónu Jesú, og guðs andi steig ofan eins og dúfa og kom yfir hann.

Morðingjaskarinn þoldi ekki eitt augnablik að horfa á þessa dýrð; hann reikaði því til baka. Æðstu prestarnir, öldungarnir og hermennirnir féllu sem dauðir til jarðar.

Engillinn yfírgaf þá, og birtan hvarf. Jesús hefði getað sloppið frá þeim, en hann stóð kyr og rólegur. Lærisveinarnir voru alt of forviða til þess að geta mælt nokkurt orð.

Hinir rómversku hermenn stóðu skjótt upp aftur, og jafnframt æðstu prestunum og Júdasí söfnuðust þeir kríngum Jesúm.

Þeir litu út fyrir að skammast sín fyrir vanmátt sinn og voru [105] hræddir um, að hann mundi komast undan. Aftur spurði frelsarinn: »Að hverjum leitið þér?«

Og aftur svöruðu þeir: »Að Jesú frá Nazaret«. Frelsarinn sagði við þá: »Eg sagði yður, að eg væri hann; ef þér því leilið að mér, þá látið þessa (hann benti á lærisveinana) fara«. (Jóh. 18, 7. 8).

A þessari reynslustundu hugsaði Jesús um hina elskuðu lærisveina sína. Hann vildi ekki, að þeir þyrftu að liða þjáningar, enda þótt hann yrði að þola fangelsi og dauða.

Júdas, svikarinn, gleymdi ekki hlutverki sínu. Hann gekk til Jesú og kysti hann.

En Jesús sagði við hann: »Vinur, hví ert þú kominn hér!« (Matt. 26, 50). Og með skjáfandi röddu bætti hann við: »Judas, svíkur þú mannsins son með kossi?« (Lúk. 22, 48).

[106] Þessi vingjarnlegu orð, hefðu átt að hræra hjarta Júdasar; en það leit út fyrir, að hann væri búinn að missa alla viðkvæmni og sómatilfinningu. Hann var búinn að gefa sig á vald Satans. Hann stóð blygðunarlaus frammi fyrir Jésú og skammaðist sin ekki fyrir að framselja hann í hendur þessara illmenna.

Jesús reyndi ekki að forðast koss svikarans, og með því, hefir hann gefið oss eftirdæmi í umburðarlyndi, meðaumkvun og kærleika. Ef vér erum lærisveinar Jesú, eigum vér að breyta eins við óvinum vora, eins og hann breytti við Júdas.

Morðingjaflokkurinn varð djarfari, er hann sá Júdas snerta Jesúm, er nýskeð, hafði verið gjörður svo dýrðlegur fyrir augum þeirra. Þeir gripu hann nú og bundu þær hendur, er aldrei höfðu gert annað en gott.

Lærisveinarnir ætluðu ekki að trúa því, að Jesús léti handtaka sig. Þeir vissu, að sá kraftur, sem feldi allan þenna flokk til jarðar, gæti einnig gjört óvinina aflvana, þar til Jesús og lærisveinar hans gætu komist undan.

Þeir urðu óumræðilega gramir, er þeir sáu hermennina taka bönd, til að binda með hendur hans, er þeir elskuðu. Í reiði tók Pétur sverð sitt, til að verja meistara sinn með. En hann hjó einungis eyra af þjóni æðsta prestsins.

Jesús sá, hvað komið hafði fyrir; hann reif sig lausan af hermönnum og sagði: »Látið hér við staðar nema!« (Lúk. 22, 51). Og hann hrærði við hinu særða eyra og læknaði það.

Siðan sagði hann við Pétur: »Slíðra þú sverð þitt; því að allir þeir, sem grípa til sverðs, munu farast fyrir sverði. Eða hyggur þú, að eg geti ekki beðið föður minn, svo að hann nú sendi mér til liðs meira en tólf sveitir engla? Hvernig ættu þá ritningarnar að rætast, að það á þannig að verða?« (Matt. 26, 52. 54). »Ætti eg ekki að drekka bikarinn, sem faðirinn hefir gefið mér?« (Jóh. 18, 11).

Jesús sneri sér síðan til æðstu prestanna og öldunganna og sagði: »Lögðu þér af stað eins og á móti ræningja, með sverðum og barflum, til þess að handtaka mig? Daglega var eg hjá yður í musterinu og kendi, og þér handtókuð mig ekki, en þetta er fram komið til þess að ritningarnar rættust.« (Mark. 14, 48. 49).

[107] Lærisveininum mislikaði stórum, er þeir sáu, að Jesús gjörði
[108] enga tilraun til að frelsa sig úr höndum óvinanna. Þeir ávítuðu hann fyrir að gjöra það ekki. Þeir gátu ekki skilið, hvers vegna hann

fúslega gaf sig þeim á vald, og gagnteknir afskelfingu yírgáfu þeir hann og flýðu.

Kristur hafði spáð um þenna ílóttu. Hann sagði: »Sjá, sú stund kemur og er þegar komin, að þér tvístrist, hver til sín og skiljið mig eftir einan; en eg er ekki einn, því að faðirinn er með mér«. (Jóh. 16, 32).

* * * * *

Kaffi 20—Jesús fyrir Annasi, Kaífasi og öldungaráðinu.

[109] N Ú fór þessi æpandi skríll með Jesúm úr grasgarðinum Getsemane. Hann átti erfitt með að hreifa sig, því hendur hans voru fast bundnar, og hans var stranglega gætt.

Fyrst var farið með hann til Annasar, sem áður hafði verið æðsti prestur, en sem nú var búinn að láta embættið af hendi við tengdason sinn Kaífas. Hinn óguðlegi Annas hafði heimtað að verða sá fyrsti, er fengi að sjá Jesúm frá Nazaret, sem bndinn fanga. Hann vonaðist eftir að geta fundið einhverja sök hjá honum, svo hann yrði dæmdur.

Í þessu augnamiði spurði hann frelsarann, um ýmislegt viðvíkjandi lærisveinunum og kenningu hans. Jesús svaraði honum:

»Eg hef talað opinberlega fyrir heiminum; eg hefi ávalt kent í samkundunum og helgidóminum, þar sem allir Gyðingar koma saman, og ekkert hefi eg talað í leyni. Hví spyr þú mig? Spyr þú þá, sem heyrnt hafa hvað eg hefi talað við þá«. (Jóh, 18, 20. 21).

[110] Prestarnir höfðu sent út njósnara til þess að hafa gætur á Jesú og

[111] komast að öllu, sem hann segði. Gegnum þessa njósnara urðu þeir kunnugir öllum hans orðura og gjörðum, hvar sem hann var. Þeir höfðu ávalt reynt að fá eitthvað til að kæra hann fyrir, svo hann yrði dæmdur. Því sagði frelsarinn: »Spyrjið þá, sem heyrnt hafa, hvað eg hefi talað við þá«. Látið njósnarana svara. Þeir hafa heyrnt það, sem eg hefi talað. Þeir geta gefid yður upplýsingar viðvíkjandi kenningu minni.

Orð Jesú voru svo átakanleg, að æðsti presturinn fann, að fangi hans las hugsanir hans.

En einn af þjónum Annasar, sem fanst, að húsbónda sínum væri ekki sýnd nægileg virðing, gaf Jesú kinnhest og sagði:

»Svarar þú svona æðsta prestinum?«

Jesús svaraði honum:

»Hafi eg ilia mælt, þá sanna þú, að það hafi verið ilt, en hafi eg talað rétt, hví slær þú mig?« (Jóh. 18, 22. 23).

Margar sveitir engla hefðu viljað vera komnar Jesú til hjálpar, en það tilheyrði köllun hans hér á jörðunni að þola með auðmýkt allar þær misgjörðir og skapraunir, sem mennirnir sýndu honum.

Frá Annasi var farið með Jesúm til Kaifasar. Hann átti að yfirheyrast af öldungaráðinu, og meðan meðlimirnir voru kallaðir saman, lögðu þeir Annas og Kaifas enn margar spurningar fyrir hann, en þeir unnu ekkert við það

Pá er alt ráðið var komið saman, stjórnaði Kaifas réttarhaldinu, sem hinn æðsti í því ráði. Dómararnir sátu til beggja hliða Jesú, og fyrir fíaman hann stóðu hinir rómversku stríðsmenn og héldu vörð yfir honum; en fyrir áítan hann stóð ákæranda-ílokkurinn.

Kaifas skoraði nú á Jesúm að sýna eitthvert af þeira kraftaverkum, sem hann hefði gjört áður. En frelsarinn lét sem hann heyrði ekki þessa áskorun. Hefði hann svarað einungis með einu augnatilíti, líku því, sem hann gaf þeim, er seldu og keyptu í musterinu, þá mundi allur morðingja-hópurinn hafa flúið frá auglíti hans.

Á þessum tímum voru Gyðingar undir yírráðum Rómverja og höfðu ekki vald til að uppkveða dauðadóm yfir neinum. [112]

Öldungaráðið gat einungis yfirheyrð fangann og kveðið upp dóm, er síðan varð að staðfestast af hinum rómversku valdsmönnum. Tíi þess að geta komið fram þessu mannvonskufulla áformi sínu, urðu því Gyðingar að finna einhverja sök hjá Jesú, sem hinn rómverski landstjóri álíti glæp.

Þeir gátu fært nægar sannanir fyrir því, að Jesús hafði mótmælt mörgum af síðum og fyrirskipunum Gyðinga. Það var hægðarleikur að sanna, að hann hafði kallað prestana og hina skriflærðu hræsna og manndrápara, en Rómverjar tóku ekkert tillit til þess; því þeir voru sjálfir mjög leiðir á hinni drambsömu framkomu Faríseanna.

Margar sakargiftir voru bornar fram gegn Jesú, en annað hvort bar vitnunum ekki saman, eða þá að sann-‘ anirnar voru þannig, að Rómverjar gátu ekki te.kið þær gildar. Þeir reyndu að la Jesúm tíi að svara kærum þeirra, en bann lét sem hann heyrði ekki neilt af því.

Spámaðurinn Esajas, hefir lýst þögn Jesú við þetta tækifæri þannig: »Hann lauk ei upp munni sínum, sem Iamb það, er til slátrunar er leitt; eins og sauður þegir fyrir þeim, er klippa hann; hann lauk ei upp munni sínum«. (Es. 53, 7).

Prestarnir fóru nú að óttast, að þeir yrðu ekki búnir að finna neina gilda ákæru gegn fanga þeirra, þegar þeir færu með hann til Pílatusar.

þeir sáu því, að þeir yrðu að láta til skarar skriða og gjöra alt, hvað þeir gætu.

Æðsti presturinn lyfti upp hægri hendi sinni og benti til himins og segir við Jesúm með hátíðlegum eiðsorðum:

»Eg særi þig við guð, hinn lifanda, að þú segir oss, hvort þú ert Kristur, sonur guðs«. (Matt. 26, 63).

[113] Jesús afneitaði aldrei köllun sinni eða sambandi við föðurinn. Hann gat þagað við persónulegum móðgunum; en hann talaði ávalt skyt og ákveðið mót öllum efa- semdum, sem fram komu, viðvíkjandi því að hann væri guðs sonur, sendur af föðurnum.

Allir hlustuðu með mikilli athygli, og hvert auga horfði á frelsarann þá er hann svaraði:

»ÞÚ sagðir það«.

Þetta svar þýddi á þeim dögum, sama sem »já«, eða »svo er, sem þú segir«.

Þetta var það ákveðnasta svar, sem hægt var að gefa. Það var sem himnesk birta uppljómaði hið föla andlit frelsarans er hann bætti við:

»En eg segi yður, að upp frá þessu skuluð þér sjá mannsins son sitja til hægri handár máttarins og koma í skýjum himinsins«. (Matt. 26, 64).

Með þessum orðum lýsir frelsarinn því, sem var algjörlega gagnstætt því, sem var að gjörast. Hann benti á þá tíma, er hann mun koma sem dómari himins og jarðar, sitjandi í hásæti föður síns, og »Egsæripigvið guð, hinn lifanda, að þú segir hans dómi verðOSS hvort þú ert Kristiir, soniir guðs«. ur ekki skotið til æðra dóms.

Hann benti á þann dag, þegar bann, í stað þess að vera umkringdur af illmennum, er hæddu hann og svívirtui kemur í skýjum himins með veldi og mikilli dýrð. Þegar hann kemur með mikinn fjölda heilagra engla með sér. Þegar hann verður dómari yfir óvinum sínum, meðal hverra inunu verða margir þeirra, er í þetta sinn ákærðu hann.

[114] Þá er Jesús mælli þessi orð, og játaði hann væri guðs sonur og dómari heimsins; reif æðsti presturinn klæði sín sem merki þess, hve honum fyndist þella óttalegt svar. Hann hóf upp hendur sínar og mælti: »Hann hefír lastmælt! Hvað þurfum vér frammar vitnanna við? Sjá, nú hafld þér heyr lastmælið. Hvað list yður?«

En þeir svöruðu og sögðu: »Hann er dauða sekur« (Matt. 26, 65. 66).

Það var móti lögum Gyðinga að yfirheyra fanga að nóttu til, og þrátt fyrir það, þótt dómurinn yfir Kristi væri nú ákveðinn, varð hann þó að yfirheyrast á löglegan hátt að deginum.

Siðan var farið með Jesúm í fangahúsið, og þarvarð hann fyrir háði og allskonar misþyrmingu af hennönnum og skrilnum.

Snemma næsta morgun, var aftur farið með hann fram fvrir dómara hans, og hinn smánarlegi dauðadómur var kveðinn upp fyrir honum. Þá vaið fólkið gripið af djöfullegu æði, og hljóð þess urðu sem öskur villidýranna, það stökk móti Jesú og hrópaði: »Hann er sekur! Drepið hann!« Og svo óður var þessi morðingjaskari, að hann hefði þegar ráðist á hann og svift hann íiinu hefði ekki hin róinversku yfirvöld tekið í taumana og með vopnum og valdi haldið lýðnum í skefjum.

Prestarnir, foringjar fólksins og fjöldi óguðlegra manna tóku nú þátt í því að hæða frelsarann. Þeir íleygðu yfir hann gamalli skikkju, slóu liann í andlilið og sögðu: »Spáðu fyrir oss, Kristur, hver var það, sem sló þig?« (Malt. 26, 68). Þegar skikkjan var tekin af honum, hræktu þeir í andlit honum.

Englar guðs skrifuðu upp allar misgjörðir við hinn elskaða höfðingja þeirra, hvort sein þær voru drýgðar með hugsunum, orðuin eða gjörðum. Sa dagur mun koma, þá er þessir aumu menn, sem hæddu frelsarann og hrsektu í hid rólega, föla andlit hans, skulu fá að sjá það i dýrðinni, þegar það ljómar skærara en sólin.

* * * * *

Kaflí 21—Júdas.

[115] FORINGJAR, öldungar og fræðimenn Gyðinga, sóttust mjög eflir að fá Jesú á sitt vald, en þeir þorðu ekki að taka hann opinberlega, því þeir óttuðust uppreist meðal lýðsins. Þeir leituðu því að einhverjum, sem væri fús til að koma honum leynilega á þeirra vald, og þar sem Júdas einn af hinum tólf lærisveinum var, fundu þeir einmitt þann, sem vildi taka að sér þetta svívirðilega verk.

Júdas var að eðli mjög ágjarn, en hann hafði ekki alla tíð verið svo spiltur og óguðlegur, að hann gæti gjört slíkt verk sem þetta. Hann hafði gengið í félagsskap með lærisveinunum, þegar hann sá hinn mikla mannfjö , .da, sem daglega þyrplist kringum Jesú, hvar s°m hann for. Hann sá, að hinir veiku, höltu og blindu og hinir dauðvona voru lagðir fyrir fætur hans. Þá fanst honum að kenning Krists tæki fram á öllu því, er hann hefði nokkurn tíma áður heyrt. Og hann elskaði þenna mikla kennimann, en óskaði þó, að hann breyttist í hegðun og hugarfari, því honum geðjaðist ekki að hinni hógværú og lállausu framkomu frelsarans.

[116] Jesús rak Júdas ekki frá sér, heldur lét hann fá sæti meðal hinna tólf lærisveina. En Júdas komst aldrei svo langt, að hann yrði sameinaður Kristi. Hann gat ekki losnað við sína veraldarlegu metorðagirnd og ágirnd lastmælgí og ýmsir aðrir lestir fóru sívaxandi hjá honum.

[117] Hann hélt áfram að elska hinn illa anda ágirndarinnar, þangað til að hann var búinn að fá yfirráðin í hjarta hans, og nú var hann kominn svo langt, að hann gat selt herra sinn fyrir þrjátíu silfurpeninga, það var þrælsverð (2. Mós. 21, 28—32). Já, nú gat hann svikið frelsarann með kossi í Getsemane.

Hann fylgdi Jesú eflir, alla leið frá grasgarðinum og til þess staðar, sem yfirheyrslan átti að fara fram. Hann ímyndaði sér ekki að frelsarinn mundi leyfa Gyðingum að ráða sig af dögum, eins og þeir höfðu þó hótáð að gjöra.

Hvert augnablik, vonaðist hann eftir að sjá hann bjarga sér með guðdómlegu valdi. En eftir því sem lengra leið og hann sá að Jesús tók með ró og stillingu móti öllum mótgjörðum, sem honum voru

sýndar, þá greip hann skelílegur ólti fyrir því, að hann hefði framselt meistara sinn í dauðann.

Þegar yfirheyrslunni var næstum lokið, gat Júdas ekki lengur þolað ásakanir hinnar vondu samvisku sinnar. Skyndilega tók undir í réttarsalnum af hárrí röddu, það fór hrollur um alla er viðstaddir voru og þeir urðu mjög óttaslegnir:

»Hann er saklaus! Væg honum, ó, Kaifas! Hann hefir ekki gjört neitt, sem verðskuldi dauðal«

Og Júdas ruddist áfram gegnum hinn forviða mannfjölda. Andlit hans var fölt sem nár, og augnaráðið tryllingslegt, á enni hans voru stórir svitadropar. Hann stökk fram að dómarasætinu og kastaði þeim þrjátíu silfurpeningum, er hann hafði fengið sem borgun fyrir að svikja herra sinn, niður á gólfið fyrir framan æðsta prestinn.

Hann greip í klæði Kaifasar og grátbændi hann um að láta Jesúm lausan, og fultvissaði hann um, að hann hefði ekkert ilt adhafst. En Kaifas hratt honum frá sér í reiði og sagði með kaldri fyrirlitningu:

»Hvað varðar oss um það? Þú verður sjálfur að sjá fyrir því«. [118]
(Matt. 27, 4).

Þá kastaði Júdas sér niður fyrir fætur frelsarans. Hann viðurkendi, að hann vært sonur guðs og bad hann um að frelsa sjálfan sigl', rá óvinunum.

Jesús vissi að iðrun Júdasar var ekki einlæg. Þessi falslærisveinn, óttaðist að hegningin kæmi niður á honum fyrir svívirðuverk hans; en hann fann ekki til neinnar veruiegrar sorgar yfir því, að hafa svikið binn saklausa guðs son.

Jesús sakfeldi hann þó ekki, en leit með hrygð og meðaumkvun á hann og niælti:

»Þess vegna er eg kominn að þessari stundu«.

Það heyrðust undrunaróp frá mannföldanum, yfir miskunnsemi Jesú við svikara sinn. Júdas sá nú að bænir hans voru árangurslausar, og hann stökk út úr salnum með þetta hróp á vörum sér:

»Of seint! Of seint!«

Hann fann að hann gat ekki lifað það, að vera vitni að því að Jesús yrði krossfestur, og í örventingu gekk hann burt og hengdi sig.

Seinna, þenna sama dag, þegar Gyðingar voru að fara með Jesúm frá Pilatusi til Golgata, staðnæmdist þessi óguðlegi manngrúi og hróp hans og háðsyrði hættu skyndilega, því þegar hann fór fram hjá eyðistað nokkrum sást lík Júdasar liggja þar hjá visnu tré.

Þetta var viðbjóðsleg sjón. Snaran, sem hann hengdi sig í, hafði slitnað af þunganum, og þegar líkið dalt hafði það tæst í sundur, og nú voru hundarnir að eta það.

Hinar jarðnesku leifar Júdasar, voru strax greftraðar; en nú heyrðust ekki jafnmörg háðsyrði og fyr, og margt fölt andlit lýsti órósemi og innbyrðis ótta. Það var líkast því að þeir, sem voru orsök í að blóði Jesú var úthelt, væru strax farnir að taka út endurgjaldið.

* * * * *

Kaflí 22—Jesús fyrir Pílatusi

AÐUR en dómurinn, sem öldungaráðið hafði ákveðið, yrði staðfestur, varð að fara með Jesú til hins rómverska landshöfðingja, Pílatusar. [119]

Prestar, foringjar og fræðimenn Gyðinganna máttu ekki sjálfir fara inn í dómssal Pílatusar; því eflir álití þeirra og eftir landslögungum mundu þeir saurgast, og þar af leiðandi hefðu þeir ekki mátt taka þált í páskahátíðinni.

Vegna þess að þeir voru svo blindaðir, gálu þeir ekki séð, að Jesús var hið sanna páska lamb, og með því að þeir höfðu útskúfað honum, hafði þessi hálið tapað öllu sínu gildi.

Strax og Pílatus sá Jesúm, féll honum hann mjög vel í geð. Hann hafði heyrð talað um Krist og verk hans, og kona bans hafði sagt honum frá þeim kraftaverkum, sem spámaðurinn frá Galíleu gjörði, þegar hann læknaði sjúka og lifgaði dauða.

Pílatus horfði á Jesúm, og hann sá, að hann var maður með göfugt og virðingarvert útlit. Hann var ekki glæpamannslegur, enginn ótti, engin frekja, engin þrjóska sást á honum. Pílatus sá, að hann gat ekki verið afbrotamaður, því himnesk auðkenni voru sýnileg á honum. [120]

Pílatus vildi fá að vita, hvaða sök þeir bæru á fangann, hann sneri sér því að prestunum og mælti:

»Hverja ákæru -færið þér gegn þessum manni?« (Jóh. 18, 29).

Sakberendur hans vildu sist af öllu fara út í einstök smáatriði, og þeir voru ekki við því búnir að svara þessari spurningu. Þeir vissu, að þeir gátu ekki komið með neina löglega ákæru gegn honum, sem hinn rómverski landshöfðingi gæti dæmt hann eftir.

Gyðingarnir tóku því það ráð að bera fram falskan vitnisburð. Og þeir tóku að ákæra hann segjandi:

»Vér höfum komist að raun um, að þessi maður leiðir þjóð vora afvega og bannar að gjalda keisaranum skatt og segist sjálfur vera Kristur konungur«. (Lúk. 23, 2).

Þeir vissu þó, að Jesús hafði svo greinilega kannast við það, að menn ættu að gjalda keisaranum skatt.

Pegar fræðimennirnir ætluðu að reyna að flækja hann í orði, viðvikjandi þessu atriði, hafði hann svarað og sagt:

»Gjaldið keisaranum það, sem keisarans er«. (Matt. 22, 21).

Pílatus lét ekki villast af þessum falska vitnisburði. Hann sneri sér að frelsaranum, spurði hann og sagði:

»Ert þú konungur Gyðinganna?«

Jesús svaraði: »Þú segir það«. (Matt. 27, 11).

Og er þeir höfðu heyrt þetta svar, tók Kaifas og þeir, er með honum voru, Pílatus til vitnis um, að Jesús hefði játað afbrot sin. Þeir tóku að æpa hátt og heimta, að hann yrði dæmdur til dauða.

En Jesús svaraði sakberendum sinum engu, og Pílatus sagði við hann:

»Svarar þú alls engu? Sjá, hve þungar sakir þeir bera á þig«. (Mark. 15, 4. 5).

Jesús heyrði þessa fölsku vitnisburði, sem fóru eins og freyðandi bylgjur kringum hann, en hann stóð kyr, stiltur og rólegur og svaraði ekki einu orði.

[121] Pílatus komst í vandræði. Hann gat ekki fundið nein merki þess, að Jesús væri sekur, og hann trúði heldur ekki þeim, sem ákærðu hann. Hið göfuga útlit guðs sonar og hin rólega framkoma hans var svo gagnólík hinni freku og ofsafullu framkomu Gyðinganna. Þetta hafði mikil áhrif á Pílatus, og hann varsannfærður um, að Jesús væri saklaus.

I von um, að geta fengið að vita sannleikann hjá frelsaranum, tók hann Jesú með sér inn i húsið og spurði hann:

»Ert þú konungur Gyðinganna?«

Jesús gaf Pílatusi ekki ákveðið svar, en spurði hann og sagði:

»Mælir þú þetta af sjálfum þér, eða hafa aðrir sagt þér það um mig?«

[122] Pílatus varö nú fyrir áhrifum guðs anda, og tilgangur Jesú með þessari spurningu, var að koma honum til að rannsaka hjarta sitt, og Pílatus skildi, hvað spurningin þýddi. Hjarla hans opnaðist fyrir honum, og hann varð innilega hrærður og tók að ihuga sitt eigið ástand. En svo gjörði drambsemin vart við sig í hjarta hans, og hann sagði:

»Er eg þá Gyðingur? Þjóð þín og æðstu prestarnir hafa framselt þig mér. Hvað hefir þú aðhafsl?«

Jesús vildi, að Pílatus skyldi skilja, að hann væri ekki kominn til þess að verða jarnneskur konungur; hann svaraði því og sagði við hann:

»Mitt ríki er ekki af þessum heimi, Væri mitt ríki af þessum beimi, þá hefðu þjónar mínir barist, til þess að eg yrði ekki framseldur Gyðingunum; en nú er mitt ríki ekki þaðan«.

Pílatus sagði þá við hann: »Eftir því, ert þú þá konungur!«

Jesús svaraði: »Þú segir það; því að eg er konungur. Til þess er eg fæddur og til þess kom eg í heiminn, að eg skuli vitna um sannleikann. Hver sem er af sannleikanum, hlýðir minni röddu«.

Pílatus vildi þekkja sannleikann. Hugsanir sjálfs hans urðu óljósar, og hann hafði allan hugann á því að taka eftir orðum Jesú, og í hjarta bans vaknaði sterk löngun til að vita, hvað sannleikur í raun og veru væri og hvernig hann gæti lært að þekkja hann. Og hann sagði við Jesúm:

»Hvað er sannleikur?«

En hann beið ekki eftir svari; því háreystin í flokknum fyrir ulan húsið fór sivaxandi, og prestarnir heimtuðu, að það, sem gjört yiði, væri gjört strax, og Pílatus fór því aftur að hugsa um það, sem fram fór. Og hann gekk út til Gyðinganna og mælti við þá:

»Eg finn enga sök hjá honum«. (Jóh. 18, 33—38).

Þessi orð af munnri heiðins dómara, létu í eyrum hinna fláráðu og illgjörnu Gyðinga eins og naprasta ámæli, og þegar þeir heyrðu þau, urðu þeir svo óðir og reiðir af þessum vonbrigðum, að slíku verður naumast lýst. [123]

Þeir voru fyrir svo löngu búnir að taka ráð sín samann viðvíkjandi Jesú og höfðu svo lengi beðið eftir slíku tækifæri sem þessu. Og er þeir nú sáu, að útlit var fyrir, að Jesús yrði lálinn laus, sýndust þeir vera albúnir þess að ráðast á hann.

Þeir mistu alla stjórn á sjálfum sér og hrópuðu háðsyrði og hegðuðu sér yfir höfuð líkara djöflum en mönnum. Þeir ávítuðu Pílatus harðlega og hótuðu að ákæra hann fyrir hinni rómversku ríkisstjórn. Þeir álösuðu hon-um fyrir það að vilja ekki dæina Jesúm, er þó hefði, eflir því sem þeir sögðu, sett sig upp á móti keisaranum. Og þeir tóku að hrópa:

»Hann æsir upp lýðinn, með því að hann kennir um alla Júdeu alt frá Galileu, þar sem hann byrjaði, og hingað«. (Lúk. 23, 5).

Pílatus kom enn ekki til hugar að dæma Jesúm; því hann var sannfærður um, að hann væri saklaus. En er hann heyrði, að hann væri frá Galileu, ákvað hann að senda hann til Heródesar, sem réði yfir því héraði og var um þetta leyti í Jerusalem.

Pílitus hélt, að með þessu gæti hann losast úr þessum vanda og komið ábyrgðinni á þessum dómi á Heródes.

Jesús var yfirkominn af hungri, þreytu og svefnleysi og hann leið einnig af hinni grimmilegu meðferð, er hann varð fyrir.

Pílatus fékk hann í hendur stríðsmönnunum, og þeir fóru með hann af stað, og hinn hjartalaus líður fylgdi eftir og gjörði hvað hann gat til að skapauna frelsaranum.

* * * * *

Kafli 23—Jesús fyrir Heródesi.

HERÓDES hafði aldrei séð Jesúm, en hafði lengi langað til þess [124]
að tala við hann, því hann hafði heyrt svo margt um hann, og hann [125]
vonaði að sjá hann gjöra eilthvert ták.

Þegar frelsarinn stóð frammi. fyrir Heródesi, gjörði lýðurinn svo mikinn aðsúg að honum, að Heródes varð að hasta á fólkið, svo að hann gæti yfirheyrl fangann í næði.

Hann leit forvitnisaugum á Jesúm og fann til meðaumkvunar, er hann sá hið blóðuga ándlit hans, er hann sá að bar vott um heilagleik og ósegjanlegan vísdóm. Hann var, eins og Pílatus, viss um, að það væri einungis öfund og mannvonzka, er hefði komið Gyðingunum til þess að ákæra hann.

Heródes bað nú Jesúm að gjöra eitthvert af sínuxn undraverðu kraftaverkum, og sagðist skyldi láta hann lausan, ef hann gjörði það.

Hann lét koma með veikt og fatlað fólk inn og skipaði svo Jesú að lækna það. En frelsarinn stóð frammi fyrir honum og lét sem hann hvorki heyrði né sæi.

Sonur guðs hafði tekið á sig mannlegt eðli, og hann varð því að breyta eins og maður undir þessum kringumstæðum. Hann vildi því ekki gjöra ták til þess að seðja forvitni mannanna eða til þess að komast hjá þeim kvölum og nidurlægingu, sem mennirnir verða að þola, er komast í sama ástand. [126]

Gyðingar urðu óltaslegnir, er þeir heyrðu Heródes skipa Jesú að gjöra kraftaverk; því þeir voru mest hræddir við það, ef hann skyldi opinbera guðdómskraft sinn, því þeir vissu, að slíkt mundi ónýta öll áform þeirra og jafnvel kosta þá lífið. Þeir byjuðu að æpa og segja, að hann gjörði kraftaverk með fulllingi djöflahöfðingjans Belials.

Fyrir nokkrum árum hafði Heródes hlýtt á prédikun Jóhannesar skírara og orðið mjög hrærður; en hann hafði aldrei sagt skilið við sitt synduga líferni. Hjarta bans foiherlist því, og að síðustu skipaði hann að lifláta Jó hannes, til þess í drykkjuveizlu nokkurri, að þóknast hinni óguðlegu Heródíasar.

Nú var hann þó orðinn enn forhertari. Hann gat ekki slaðist það, að Jesús svaraði honum ekki; hann réð sér naumast fyrir reiði og jós ógnunarorðum yfir Jesúm, er stóð rólegur eins og áður.

Jesús kom í heiminn til þess að Iækna þá, sem höfðu sundurmarinn anda. Ef hann hel', ði með því að tala getað grætt hjartasár einhverrar syndþjáðrar sálar, þá hefði hann ekki þagað. En hann hafði ekkert að segja við þá, sem einungis vildu troða sannleikann undir fótum.

Frelsarinn hefði getað talað þannig, að það hefði hrært hinn forherta konung. Hann hefði getað fyllt hjarta hans með ótta og skelfingu, með því að sýna honum hið syduga lif hans, og þann hræðilega dóm er biði hans. En honum var ekki eins mikil mótgjörð í neinu eins og þögn frelsarans.

Hann, sem ávalt hafði haft opið eyra fyrir kveinstöfum mannanna, gaf nú engan gaum að skipun Heródesar. Hann, hvers hjarta ávalt hrærðist til meðaumkvunar jafnvel af bænum hinna stærstu syndara, var nú ósveigjanleg fyrir hinn drambsama konung, sem ekki sýndi neina þörf fyrir frelsara.

[127] Í reiði sneri Heródes sér að folkinu og bar Jesú það á brýn, að hann væri svikari. En sakberendur hans vissu vel, að hann var það ekki; þeir höfðu séð hann gjöra of mörg kraftaverk til þess að þeir tryðu þessari ákæru.

Þá lók konungurinn að hæða og svivirða son guðs á smánarlegan hátt. »En er Heródes, ásamt hermönnum sínum, hafði óvirt hann og spottað, lagði hann um hann ljómandi klæði«. (Lúk. 23, 11).

Þegar hinn óguðlegi konungur sá, að Jesús þoldi með þögn og þolinmæði alla þessa smánarlegu meðlerð, greip hann skyndilega ótti fyrir því, að Jesús væri ekki náitúrlegur maður.

Honum kom til hugar, að fangi hans væri ef til vill himnesk vera, er væri kominn hér niður á jörðina.

Heródes þorði ekki að staðfesta dóminn yfir Jesú. Hann vildi vera laus við þá hræðilegu ábyrgð og sendi því Jesúm aftur til Pílatusar.

* * * * *

Kaflí 24—Pílatús dæmir Jesúm

JESÚS var því leiddur frá Heródesi og komu þeir aftur með hann til Pílatúsar, hann varð mjög óánægður og spurði, hvað þeir vildu að hann skyldi gjöra. Hann minti þá á, að hann hefði yfirheyrt Jesúm, en ekki fundið neina sök hjá honum. Hann sagði að þeir gætu ekki sannað neitt af því, sem þeir höfðu ákært hann fyrir. [128] [129]

Og þar að auki, hefðu þeir nú íarið með hann til Heródesar, sem væri Gyðingur eins og þeir, og hann hefði heldur ekki fundið neina sök hjá honum, sem gæti verðskuldað dauða. En til þess að sefa ofsann í Gyðingunum sagði hann:

»Eg ætla því að refsa honum og láta hann lausan«. (Lúk. 23, 16).

Hér kom í ljós breiskleiki Pílatúsar. Hann var búinn að viðurkenna að Jesús væri saklaus; hversvegna. átti þá að refsa honum? Þessu gleymdu Gyðingar ekki undir allri yfirheyrslunni. Nú voru þeir búnir að fá hinn rómverska landshöfðingja til þess að hrasa, og nú höfðu þeir mikið meiri von um að geta fengið hann til að dæma Jesúm til dauða.

Lýðurinn heimtaði nú með miklum ákafa að fanginn skyldi deyja.

Meðan Pílatús beið hikandi og vissi naumast hvað hann átti að gjöra, fékk hann bréf frá konu sinni, er hljóðaði þannig: [130]

»Eig þu ekkert við þenna réttláta mann; því að margt hefi eg þolað í dag hans vegna í draumi«. (Matt. 27, 19).

Pílatús fölnaði við þessi tíðindi; en lýðurinn æstist enn meir, er hann sá ráðleysi hans.

Pílatús sá að eilthvað varð að gjörast. Á páskahátíðinni var það venja að landshöfðinginn gæfi lýðnum lausan einn bandingja, þann er hann óskaði. Hinn róinverski her hafði fyrir skömmu handsamað illræmdan ræningja, er hét Barrabas og var upphlaupsmaður og morðingi. Pílatús sneri sér að lýðnum og mælti með mikilli alvöru:

»Hvorn æskið þér að eg gefi yður lausan, Barrabas, eða Jesúm, sem kallast Kristur?« (Matt. 27, 17).

En þeir kölluðu upp, allir í einu hljóði og sögðu: Burt með þenna mann, en gef oss Barrabas lausan«. (Lúk. 23, 18).

[131] Pilatus stóð orðlaus af undrun og vonbrigðum. Með því að breyta á móti sannfæringu sinni og bera málið undir lýðinn, misti hann virðingu sína og valdið yfir fólkinu. Hér eftir var hann einungis verkfæri í höndum þess, því nú gat það haft hann eins og það vildi. Hann spurði:

»Hvað á eg þá að gjöra við Jesúm, sem Kristur er kallaður?«

Með einum munni hrópuðu þeir: »Hann skal krossfestur«.

En hann sagði: »Hvað ílt hefir hann þá gjört?«

En þeir æptu þess ákafar og sögðu: »Hann skal krossfestur!« (Matt. 27, 22. 23).

Pilatus fölnaði, er hann heyrði þetta hræðilega óp: »Hann skal krossfestur!« Hann hafði aldrei hugsað að það mundi komast svona langt. Hann hafði margsinnis sagt að Jesús væri saklaus, en þó heimtaði lýðurinn að hann skyldi þola þann hræðilega dauða. Hann spurði því aftur:

»Hvað ílt hefir hann þá gjört?« Aftur heyrðist þetta óttalega óp: »Krossfestu hann! Krossfestu hann!«

Pilatus gjörði enn hina síðustu tilraun til að hræra lýðinn til meðaumkvunar, en árangurslaust.

Særður, þreyttur og máttvana var Jesús húðstrýktur í auglýsningu þeirra er ákærðu hann.

»Og hermennirnir fléttuðu kórónu af þyrnum og settu á hötuð honum, og færðu hann í purpurakápu; og þeir gengu til hans og sögðu: Heill vert þú, konungur Gyðinganna! Og þeir gáfu honum kinnhest«. (Jóh. 19, 2. 3).

Þeir hræktu á hann, og einn þeirra tók reyrstafinn, er þeir höfðu fengið honum, og sló með honum á þyrnikórónuná, er hann hafði á höfðinu, svo þyrnarnir stungust inn i enni hans og blóðið rann niður andlitið.

Það var Satan, sem var forsprakki hermanna við þessa grimmilegu misþyrmingu á frelsaranum.

[132] Aform hans var, ef mögulegt væri að reita hann til reiði og fá hann til að hefna sin, eða að koma honum til að frelsa sjálfan sig með kraftaverki, og ónýta þannig endurlausnar-áformið. Ef Jesús hefði haft einn einasta blett á lift sínu, ef hann hefði i eitt einasta

sinn látið bugast á þessari þungu reynslustund, þá hefði það guðs lamb verið ófullkomin fórn, og endurlausn mannanna mistekist.

En hann, sem réði yfir herskörungum himnanna og á hverju augnabliki gat - kallað englasveitir sér til hjálpar, hann, sem með því að opinbera hátígn sína og guðdómskraft, hefði getað slegið kvalara sína til jarðar á svipstundu, já, hann bar nú með göfugri rósemi hið smánarlegasta spott og rangsleitni.

Eins ogkvalarar Jesú óvirtu sjálfa sig með framkomu sinni, svo að þeir urðu líkari djöflum en mönnum, eins sýndi Jesús með langlundargeði, að hann var hátt hafinn yfir mennina og hafði guðlegt eðli.

Pílatús varð mjög hræður af framkomu hans. Hann gjörði boð eftir Barrabas, og hann var færður inn í dómssalinn. Hann lét fangana standa hvern við hliðina á öðrum, benti á frelsarann og mælti alvarlega og í klökkum róm:

»Sjá, þar er maðurinn! Eg leiði hann nú aftur út til yðar, til þess að þér vitið, að eg finn enga sök hjá honum«. (Jóh. 19, 5. 6).

Þarna stóð sonur guðs, klæddur purpurakápu og með þyrnikórónu á höfði og blóðugt andlit, er bar vott um kvalir og þreytu; en aldrei hafði það verið fegurra en nú. Svipurinn lýsti mildi og undirgefni og hinni innilegustu meðaumkvun með binum grimmu óvinum.

[133]

Bandinginn, sem stóð við hlið bans, var algjörlega gagnstæður honum; því hver dráttur í andliti hans lýsti því, að hann væri forhertur glæpamaður.

Meðal þeirra, er viðstaddir voru, höfðu sumir meðaumkvun með Jesú. Jafnvel prestarnir og fræðimennirnir fóru nú að hugsa að hann mundi vera sá, sem hann sagðist vera. En þeir vildu ekki láta undan, þeir höfðu æst lýðinn upp á móti honum, og nú heyrðist enn ópið frá manngrúanum:

»Krossfestu! krossfestu!«

Að síðustu misti Pílatús alla þolinmæði yfir þessari grimd og rangsleitni lýðsins og hann sagði: »Takið þér hann og krossfestið, því að eg finn enga sök hjá honum«. (Jóh. 19, 6. 7).

Pílatús gjörði alt sem hann gat, til þess að láta Jesúm lausan, en Gyðingar hrópuðu:

»Ef þú lætur hann lausan, þá ert þú ekki vínur keisarans. Hver sem gerir sjálfan sig að konungi, hann ris á móti keisaranum«. (Jóh. 19, 12).

Þetta hitti Pílatus þar sem hann var veikastúr fyrir. Hin rómverska ríkisstjórn hafði þegar fengið vantraust á honum, og hann vissi að slíkt gat orðið honum til falls.

En þegar nú Pílatus sér, að hann kemur engu til leiðar, tók hann vatn, þvoði liendur sínar í auðsýn mannfjöldans og mælti:

»Sýkn er eg í blóði þessa réttláta manns; þér verðið að sjá fyrir því«. (Matt. 27, 24).

[134] Það var árangurslaust fyrir Pílatus að reyna að sýkna sig af ábyrgðinni á dauðadómi Jesú. Ef hann hefði frá byrjun sýnt staðfestu og breytt eftir sannfæringu sinni, þegar hann sá, hvað rétt var, þá hefði lýðurinn aldrei geta komið honum til að láta undan, hann mundi aldrei hafa vogað að reyna að rísa á móti honum.

Ósjálfstæði hans orsakaði það að hann féll. Hann sá að hann gat ekki látið Jesúm lausan, nema missa stöðu sína og álit mannanna.

Og því tók hann þann kostinn að fórna saklausu lífi, heldur en að missa sitt veraldlega vald. Hann lét undan kröfum mannfjöldans og lét áitur húðstrýkja Jesútn og framseldi hann svo til krossfestingar. En þrátt fyrir þetta úrræði hans, kom það fyrir hann, er hann óttaðist mest. Hann var ræntur mannorði sínu, og embættið síðan tekið af honum, og með særðum metnaði og yfirkominn af greniju réð hann sér bana, ekki mjög löngu eftir krossfestingu frelsarans.

Þannig mun og fara fyrir öllum þeim, er ganga í þjónustu syndarinnar; þeir munu að lokum uppskera einungis sorg og eyðileggingu. Það er vegur, sem mannum sýnist réttur, þótt endi bans sé dauðinn.

[135] Þegar Pílatus kvað sig sýknan af blóði Jesú, svaraði Kaifas, þrjúzkufullur: »Komi blóð hans yfir oss og yfir börn vor«.

Þessi hræðilegu orð, voru endurtekin af prestunum og síðan af fólkinu.

Það var óttalegur dómur, sem þeir kváðu upp yfir sjálfum sér. Það var hræðilegur arfur, sem þeir eftirlétu eftirkomendum sínum.

Þetta kom einnig bókstaflega fram á þeim, þá er hinn hræðilegi viðburður átti sér stað, að Jerúsalem var eyðilögð hér um bil fjörutíu árum síðar.

Og það hefir einnig komið fram á þeim síðan, því þeir hafa tvístrast og flækst um víða veröld, fyrirlitnir og ofsóttir af öðrum þjóðum.

En tvöfalt mun það þó koma fram á þeim, á hinum síðasta reikningsskapardegi, Þá mun sjónarsviðið verða umbreytt, og »þessi Jesús«, mun koma í logandi eldi og láta hegningu koma yfir þá, sem ekki þekkja guð«. (Postulas. 1, 11; 2. Þess. 1, 8).

Og þeir munu segja við fjöllin og hamrana:

»Hrynjið yfir oss, og felið oss fyrir ásjónu hans, sem í hásetinu situr, og fyrir reiði lambsins; því að kominn er dagurinn, hinn mikli dagur reiði þeirra«. (Op. 6, 16. 17).

* * * * *

Kaffi 25—Golgata.

[136] NÚ var í skyndi farið af stað, með Jesam til Golgata, og alla
[137] leiðina varð hann að hlusta á óp og háðsyrði lýðsins, Hinn þungi kross, sem ætlaður var Bafrabasi, var strax lagður á hinar blóöugit og sundurílakandi herðar bans. Það var einnig lagður kross á hina tvo ræningja, sem áttu að deyja með Jesú.

Byrði frelsarans var altof þung fyrir hann í hans veika ástandi, og hann hafði ekki gengið langt, er hann féll meðvitundarlaus til jarðar.

Þegar hann kom til sjálfs sín, var þó krossinn aftur lagður á herðar hans. Hann reikaði nokkur skref áfram, og féll svo aftur meðvitundarlaus til jarðar. Óvinir hans sáu nú, að það var ekki mögulegt fyrir hann að bera byrði sína lengur, en þeir vissu ekki hvað þeir áttu að gjöra, því þeir bjuggust ekki við að fá neinn, sem vildi bera þessa smánarlegu byrði.

Á sömu stundu mættu þeir Símoni frá Kyrene. Þeir gripu hann og neyddu hann til að bera krossinn til Golgata.

Synir Símonar, voru lærisveinar Jesú, en sjálfur hafði hann aldrei opinberlega játad sig vera lærisvein hans.

[138] Eftir það, var hann ávalt mjög þakklátur fyrir, að hafa fengið þau íorréttindi að bera kross frelsarans. Þessi byrði, sem hann var þannig neyddur til að bera, varð tilefni til afturhvarfs hans.

Viðburðirnir á Golgata og framkoma Jesú, kom honum til að trúa því, að hann væri guðs sonur.

Þá er kom að staðnum, þar sem krossfestingin átti að fara fram, voru hinir dauðadæmdu, bundnir við krossinn.

Hinir tveir ræningjar reyndu að slíta sig af þeim, er bundu þá á krossinn, en frelsarinn sýndi engan mótþróa.

Móðir Jesú hafði fylgt honum á þessari sorgargöngu til Golgata. Hana langaði til að geta hjálpað honum, þegar hann hné niður undir krossinum, en hún fékk ekki að njóta þess réttar.

Við hvert spor á þessari erfiðu göngu, hafði hún vonast eftir því, að hann notaði guðdómskraft sinn, til þess að frelsa sig frá morð-

ingjunum. Og þegar nú augnablikið var komið og hún sá ræningjana bundna við krossinn, hvílíka sálarangist mátti hún þá ekki þola!

Ætlaði hann, sem hafði lífgað hið dauða, að leyfa að hann sjálfur væri líflátinn á svo grimmilegan hátt? Átti hún að hætta að trúna því, að hann væri Messías?

Hún sá hendur hans réttar út á krossinum — þessar hendur, sem svo mörg góðverk höfðu gjört og ávalt flutt blessun til hinna þjáðu. Hún sá að hamrarnir og naglarnir voru teknir fram, og þegar naglarnir voru reknir gegnum hið viðkvæma hold, urðu hinir harmþrungnu lærisveinar að bera móður Jesú meðvitundarlausu burt frá þessari óttalegu sjón.

Til Jesú heyrðist ekki eitt möglunarorð, enginn kveinstafur.

Andlit hans var fölt og rólegt, en á enni hans voru stórir svitardropar. Lærisveinar hans flýðu burt frá þess um hryllilega stað.

Hann tróð vínlagarþróna aleinn; enginn af landsfólkinu var með honum. (Es. 63, 3).

Á meðan hermennirnir nelgdu frelsarann á krossinn, sneri hann huganum frá sínum eigin þjáningum og að hinni hræðilegu hefnd, er síðar mun koma yfir þá, er ofsóttu hann. [139]

Hann aumkvaðist yfir þá í blindni þeirra og bað: »Faðir, fyrirgef þeim, því þeir vita ekki hvað þeir gjöra«.

Jesús vissi að hann átti nú þegar að verða talsmaður mannanna hjá föðurnum. Þessi bæn, sem hann bað fyrir óvinum sínum, nær til allra í heiminum. Hún nær til sérhvers syndara, sem hefir lifað eða mun lifa, frá upphali heimsins til endaloka hans.

Í hvert sinn, er vér syndgum, verður Kristur særður af nýju. Vor vegna, kemur Jesús fram fyrir hásaeli föðursins, sýnir honum hinar gegnumstungnu hendur sínar og biður: »Fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki hvað þeir gjöra«.

Strax og búið var að negla Jesúm á krossinn, var krossinn reistur upp af sterkum raðnum og hann rekinn af miklu afli niður í jörðina, í holu, sem til þess var gjörð. [140]

Pilatus ritaði yfirskrift á latínu, grísku og hebresku og festi á krossinn yfir höfði Jesú, til þess að allir gætu séð hann. Þar var ritað: »Jesús frá Nazaret, konungur Gyðinganna«.

Gyðingar heimtuðu að þessu væri breytt. Prestarnir sögðu: »Skrifa þú ekki: Konungur Gyðinganna, heldur að hann hafi sagt: Eg er konungur Gyðinganna«.

Pilatus iðraðist nú þess ósjálfstæðis, er hann hafði sýnt, og þar að auki fyrirleit hann illgirn og afbrýðissemi valdsmannanna. Hann sagði því: »Það sem eg hefi skrifað, það hefi eg skrifað«. (Jóh. 19, 19. 21. 22).

Hermennirnir skiftu með sér klæðum Jesú. Kirtillinn var ekki saumaður, heldur frá ofanverðu niður úr prjónaður og nú þráttuðu þeir um hann. Að síðustu kom þeim saman um að kasta hlutkesti um hann. Þannig rættust orð spámannsins er segja: »Þeir skiftu með sér klæðum minum og köstuðu hlut um kirtil minn«.

Jafnskjótt og búið var að reisa kross Jesú upp, þá skeði nokkuð, sem var óttalegt, Prestarnir, höfðingjarnir og fræðimennirnir ásamt hinum guðlausa lýð, tóku nú að hæða og spotta hinn deyjandi guðs son. Þeir hrópuðu háðslega:

»Ef þú ert konungur Gyðinganna, þá bjargaðu sjálfum þér«. (Lúk. 23, 37).

»Öðrum bjargaði hann, sjálfum sér getur hann ekki bjargað! Hann er konungur Israels! Stígi hann nú niður af krossinum, og vér skulum trúá á hann. Hann treysti guði. Hann frelsi hann nú, ef hann hefir mætur á honum; því að hann sagði: Eg er sonur guðs«. (Matt. 27, 42, 43).

»Og þeir, sem fram hjá gengu, lastmæltu honum, skóku höfuð sin og sögðu: Hó, þú, sem brýtur niður musterið og reisir það á þrem dögum! Bjarga nú sjálfum þér og stíg niður af krossinum«. (Mark. 15, 29. 30).

[141] Kristur hefði getað stígið niður af krossinum. en ef hann hefði gjört það, þá hefðum vér ekki orðið endurleystir. Vor vegna var hann fús að þola dauðann.

»Hann var særður vegna vorra synða og kraminn vegna vorra misgjörða; hegningin, sem vér höfðum til unnið, kom niður á honum, og fyrir hans benjar urðum vér heilbrigðir«. (Es. 53, 5).

* * * * *

Kaflí 26—Dauði Krists.

JESÚS gaf sitt dýrmæta líf út fyrir oss. Það var engin gleði [142]
samfara því, að höfðingi himinsins var þannig þjáður. Sorg og angist [143]
þíndi hjarta hans. Hvorki ótti fyrir dauðanum né þær þjáningar, er
honum voru sarnfara, kvaldi hann.

Það var hin þunga syndabyrði heimsins, hugsunin um það að vera
skilinn frá kærleika föðursins, sem olli frelsaranum hinna sárustu
kvala og flýtti fyrir dauða hans.

Jesús fann til þeirrar angistar, sem syndarinn mun finna, þegar
hann fær réttan skilning á syndasekt sinni og veit, að hann er
útilokaður frá sælu himinsins.

Englarnir virtu með undrun fyrir sér þá örvæntingarfullu sálar-
kvöl, sem frelsarinn leið, er var svo áköf, að hann naumast fann til
hinna líkamlegu þjáninga.

Jafnvel náttúran tók þátt í þessum sorgarleik og sýndi hluttek-
ningu sína. Sólin skein skært til hádegis, en þá misti hún skyndilega
birtu sína. Alt í kringum krossinn varð eins dimt og um dimmstu
nótt, og þetta myrkur varaði meir en í tvær stundir.

Allur mannfjöldinn varð gripinn af óumræðilegri skellingu. Nú
heyrðust ekki lengur blót og formælingar. Menn, konur og börn féllu
óttaslegin til jarðar.

Við og við var eins og eldingarbjarmi upplýsti krossinn með [144]
hinum krossfesta frelsara. Allir héldu, að endurgjaldstíminn væri
kominn.

Um níundu stundu, birti í kringum fólkið, en myrkrið sveipaði
enn frelsarann. Það var eins og eldingarnar stefndu allar að honum,
þar sem hann hékk á krossinum. Þá var það, að hann hrópaði örvænt-
ingarópið:

»Guð minn! Guð minn! Hví hefir þú yfirgefið mig?« A meðan
hafði myrkrið breiðst yfir Jerusalem og Júdeu. Allir litu á þessa
dauðadæmdu borg og sáu, að reiðieldur guðs sveif yfir henni

Skyndilega hvarf myrkrið frá krossinum, og með hárrí og skærri
röddu, sem öll náttúran virtist taka undir með, hrópaði Jesús:

»Það er fullkomnað!« (Jóh. 19, 30). »Faðir! í þínar hendur fel eg anda minn«. (Lúk. 23, 46).

Nú skein birta kringum krossinn, og andlit frelsarans Ijómaði fagurt sem sólin. Síðan hneigði hann höfuðið og gaf upp andann.

Mannfjöldinn, sem var kringum krossinn, stóð alveg höggdofa og starði á frelsarann. Aftur varð myrkur yfir jörðunni, og það heyrðust drynjandi hljóð eins og háar þrumur. Síðan varð ákafur jarðskjálfti.

Fólkið kastaðist saman i hrúgur, og dauðans ofboð kom yfir það. Björgin klofnuðu, og klettarnir veltust niður á sléttlendið. Grafirnar opnuðust, og hinir dauðu komu fram úr þeim. rað var eins og alt sköpunarverkið ætlaði að tæst í sundur og líða undir lok.

Allir, æðri og lægri, voru orðlausir af undrun og ótta, köstuðu sér niður á jörðina og birgðu andlit sin.

Þegar Jesús dó, voru nokkrir prestar að gegna preslsverkum í musterinu í Jerusalem. Þeir fundu jarðskjálftann, og á sama augnabliki rifnaði fortjaldið, sem var á milli hins heilaga og hins allrahelgasta, ofan frá og niður í gegn. Þetta gjörði sú sama hönd, sem forðum skrifaði dóm Belsasars á vegginn í höll bans. Hið allrahelgasta i hinum jarðneska helgidómi var ekki lengur heilagur staður. Nálægð guðs átti aldrei frammar að yfirskyggja náðarstólinn. Til þess að komast að því, hvort guð hefði velþóknun eða vanþóknun á mönnunum, þurfti ekki frammar að taka mark á Ijósínu eða skugganum í hinum dýrmætu steinum á brjóstskildi æðsta prestsins.

[145]

Hér eftir höfðu blóðfórnirnar í musterinu enga þýðingu. Þegar lamb guðs dó, þá var færð hin mikla fórn fyrir synd heimsins. Þegar Jesús dó á krossinum á Golgata, þá opnaðist hinn nýi lífsins vegur, bæði fyrir heiðingjum og Gyðingum.

Englarnir fögnuðu, þá er frelsarinn hrópaði: »Það er fullkomnað«. Hið heilaga endurlausnarverk var fullkomnað. Með því að lifa í hlýðni, gátu Adams synir náð þeirri tign að vera færðir fram fyrir auglit guðs.

Satan var yfirunninn; hann vissi, að vald hans var brotið.

Þegar Kristur á krossins tré
 kannaði dauðann stríða,
 teikn og stórmerki mestu ske;
 mælir svo ritning fríða:
 MusteristjaldiÖ mjög um vent,

í miöju varð að rifna 'í tvent,
hristist jörö harla víða.

Sundur kloffnuöu björgin blá,
byrgð leiðin opnast fóru,
líkamir dauðra lifna þá
(lit hér þau undrin stóru),
eítir lausnarans upprisu
inn í borgina vitjuðu,
af sumum þar sénir vóru.

Höfðinginn krossi herrans hjá,
hér með alt fólkid líka,
jaínsnart sera þetta jarteikn sjá,
játning þeir gjöröu slíka:
Sannlega hefír saklaus hann
og sonur guös verid, þessi mann,
brjóst slá og brátt heim víkja.

* * * * *

Kaflí 27—Í gröf Jósefs.

[146] FRELSARINN var dæmdur til dauða, fyrir svikráð við hina rómversku ríkisstjórn. Þeir, sem voru teknir af lífi fyrir þenna glæp, voru jarðaðir í sérstökum grafreit, sem þeim einum var ætlaður.

Það fór hrollur um Johannes, er hann hugsaði til þess, að líkami hans elskaða meistara yrði meðhöndlaður af tilfinningarlausum hermönnum og lagður í óvirðulega gröf, en hann vissi engin ráð til að komast hjá þessu, því hann mátti sín einskis hjá Pílatusi.

Á þessari raunastundu, komu þeir Nikódemus og Jósef frá Arimateu, lærisveinunum til hjálpar. Báðir þessir menn voru ráðherrar og kunnugir Pílatusi. Þeir voru ríkir og máttu sín mikils. Þeir voru ákveðnir í því, að líkami frelsarans skyldi fá heiðarlega grefirun.

Jósef gekk einarðlega til Pílatusar og bad hann um líkama Jesú. Eftir að Pílatus hatði gengið úr skugga um, að Jesús væri dáiinn, varð hann við bæn Jósefs.

[147] En á meðan Jósef fékk leyfi til að taka frelsarann niður af krossinum, undirbjó Nikódemus greftrunina. Á þeim tímum var það siður að sveipa líkama hinna dauðu í línklæði og smyrja hann með dýrum smyrslum og ilmandi jurtum. Nikódemus tók með sér mjög dýr smyrsl, hér um bil hundrað pund af myrru og alóe, til greftunar Jesú.

Hinum mestu höfðingjum í Jerusalem gat ekki verið sýndur meiri heiður í dauðanum.

Hinir fátæku lærisveinar urðu undrandi, er þeir sáu hvílíka umhyggju þessir ríku höfðingjar báru fyrir greftrun meistara þeirra.

Þeir voru utan við sig, af söknuði og sorg yfir dauða Jesú. Þeir gleymdu, að hann hafði sagt þeim að þetta ætti að ske.

Hvorki Jósef eða Nikódemus höfðu opinberlega viðurkennt frelsarann, meðan hann lifði, en þeir höfðu hlýtt á kenningu hans, og tekið nákvæmlega eftir öllu í starfi hans.

Þó að lærirveinar frelsarans hefðu gleymt orðum hans, er hann sagði fyrir dauða sinn, þá mundu þeir Jósef og Nikódemus þau vel. Og þessir viðburðir, sem gjörðu lærisveinana þreklausa og trúar-

veika, voru fyrir þessa höfðingja, einungis sönnun fyrir því, að Jesús væri hinn sanni Messías, og hafði þau áhrif að þeir gengu honum algjörlega til handa og trúðu á hann.

Á þessum tíma, var mikil þörf fyrir hjálp þessara mikilsmetnu manna; því þeir gátu gjört fyrir þeirra látna meistara, það sem ómögulegt var fyrir hina fátæku lærisveina að gjöra.

Með hinni mestu varúð og lotningu, tók þeir líkama Krists niður af krossinum, með sínum eigin höndum. Þeir gátu ekki varist tárur, er þeir virtu fyrir sér þenna særða og sundurflakandi líkama,

Jósef átti nýja gröf, úthöggna í stein. Hann hafði látið búa hana til handa sjálfum sér, en nú hafði hann hana handa Jesú.

Enda þótt Gyðingum hefði nú tekist að fá því framgengt að Jesús væri líflátinn, voru þeir þó engan veginn rólegir; því þeir þektu mátt hans.

Sumir af þeim höfðu staðið við gröf Lazarusar og verið vitni að því, að Jesús uppvakti hann frá dauðum, og nú voru þeir skjálfandi af ótta, fyrir því að hann mundi sjálfur rísa upp og opinberast þeim. [148]

Þeir höfðu heyrt hann segja við fólkið, að hann hefði vald til að láta líf sitt, og vald til að taka það aftur.

Þeir mintust þess einnig, að hann hafði sagt: »Brjótið þetta musteri, og á þrem dögum mun eg reisa það« (Jóh. 2, 19), og þeir vissu að hann talaði um líkama sinn.

Júdas hafði sagt þeim, hvað Jesús sagði við lærisveinana á leiðinni til Jerusalem:

»Sjá, vér förum upp til Jerusalem, og mannsins sonur mun framseldur verða æðstu prestunum og fræðimönnunum, og þeir munu dæma hann til dauða og framselja hann heiðingjum, til þess að hæða hann, húðstrýkja og og krossfesta; og á þriðja degi mun hann upprísa«. (Matt.20, 18. 19).

Þeir mundu nú margt af því, sem Jesús hafði sagt viðvíkjandi upprisu sinni. Og þeir gátu ekki gleymt öllu þessu, hvað fegnir sem þeir vildu. Eins og faðir þeirra, djöfullinn, trúðu þeir og skelfdust.

Allir hlutir urðu til þess að benda á, að Jesús væri guðs son. Gyðingar gátu ekki sofið fyrir friðleysi. Þeir óttuðust Jesúm, enn meira nú, en meðan hann lifði.

Þeir vildu gjöra alt, til þess að halda honum í gröfinni, og þeir báðu því Pilatus að innsigla gröfina, og láta gæta hennar alt til hins þriðja dags. Pilatus gjörði svo og sagði: »Hér hafið þér varðmennina,

farið, haldið vörð, svo sem þér best hafið vit á. En þeir fóru burt, innsigliðu steininn og gættu grafarinnar ásamt varðmönnum«.
(Matt. 27, 65. 66).

* * * * *

Kaflí 28—»Hann er upprisinn«.

JESÚS hafði sagt, meðan hann var á lífi, að hann mundi rísa upp á þriðja degi. [149]

Mennirnir gættu grafarinnar eins vel og þeir höfðu vit á, og stórum steini var velt fyrir dyrnar. Steinninn var innsiglaður með hinu rómverska innsigli, og það var því ekki hægt að flytja hann, nema brjóta innsiglið.

Rómverskir hermenn héldu vörð yfir gröfnni. Þeir áttu að gæta þess stranglega, að enginn gæti komið og tekið líkama Jesú, það voru því ávalt nokkrir, sem gengu óaflátanlega íram og aftur kring um gröfina meðan hinir hvíldu sig.

En það voru líka aðrir verðir við þessa gröf. Það voru voldugir englar frá himnum. Hefðu þeir viljað beita mætti sínum, hefði ekki þurft nema einn einasta af þeim til þess að eyðileggja allan hinn rómverska her.

Aðfaranótt bins fyrsta dags vikunnar, var næstum liðin, og hinn dimmasti tími rétt fyrir birtinguna var kominn.

Þá var einn af hinum voldugustu englum himinsins sendur til jarðarinnar. Útlit hans var sem leiftur og klæði hans hvít sem snjór. Hann hrekur myrkrið burt af leið sinni og himininn ljómar af fegurð hans.

Hinir sofandi hermenn vakna og stökkva á fætur í skyndi. Undrandi og óttaslegnir, stara þeir upp til hins upplýsta himins og horfa á hina dýrðlegu sjón. [150]

Jörðin skelfur og titrar meir og meir, eftir því sem þessi volduga vera kemur nser.

Þessi engill kemur í gleðilegum erindagjörðum.

Hann fer með geysihraða gegnum loftið og máttur hans er svo mikill, að jörðin hristist sem í ákafasta jarðskjálfta. Varðmennirnir féllu til jarðar, sem dauðir væru.

Við gröf frelsarans höfðu verið enn aðrir verðir. Það voru hinir vondu englar. Sonur guðs var nú dáinn, og þeim fanst þeir eiga tilkall

til hans sem löglegs herfangs, fyrir þann, sem hefir vald dauðans, sem er djöfullinn.

Englar Satans voru viðstaddir til þess að gæta þess, að Jesús gengi þeim ekki úr greipum. En þegar hin völduga vera, sem var send frá há sæti guðs, nálgadist, flýðu þeir burt, með miklum ótta.

Engillinn velti hinum stóra steini frá dyrum grafarinnar, og hrópaði með þrumandi röddu:

»Jesús, þú sonur guðs, rís upp og kom, faðir þinn kallar á þig!«

Þá kom hann, er hafði unnið sigur yfir gröf og dauða, fram úr sínu dimma fylgsni. Og við hina opnu gröf, vitnaði hann: »Eg er upprisinn til lífsins«. Og englaskarinn beygði kné sín og tilbað með auðmýkt frelsarann og baud hann velkominn með dýrðlegum lofsöngum.

Jesús gekk fram, með valdi sigurvegarans. Jörðin bærðist undir fótum hans, eldingarnar leiftruðu og háar þrumur heyrðust.

Þegar Jesús dó, varð jarðskjálfti. Þegar hann sigri hrósandi reis upp, varð aftur jarðskjálfti.

Satan var reiður af því að englar hans flýðu, þegar hinn himneski sendiboði kom. Hann hafði vonað að Jesús risi ekki upp frá dauðum, og að endurlausnaráformið væri orðið að engu. En þegar hann sá að frelsarinn reis upp, misti hann alla von. Satan vissi nú að ríki hans mundi þrotna, og hann sjálfur að síðustu verða afmáður.

* * * * *

Kaflí 29—»Farið, og segið lærisveinum mínum það«.

AF því, sem Lúkas skrifar í guðspjalli sínu, sjáum vér glögt, að hinar guðhræddu konur, er voru viðstaddar, þegar Jesús var krossfestur, héldu hvíldardaginn. Hann segir: [151]

»Og þær sneru aftur og bjuggu út ilmjurtir og smyrsl; og hvíldardaginn héldu þær kyrru fyrir, samkvæmt boðorðinu«. (Lúk. 23, 56).

Frelsarinn var greftraður á föstudaginn, sjötta dag vikunnar. Konurnar bjuggu út ilmjurtir og smyrsl til að smyrja með líkama drottins síns; en þær lögðu það til hliðar og héldu kyrru fyrir, þar til hvíldardagurinn var liðinn. Þær vildu ekki einu sinni gjöra svo mikið, sem að smyrja líkama Jesú á hvíldardegi.

»Og er hvíldardagurinn var liðinn, ... komu þær til grafarinnar mjög árla, hinn fyrsta dag vikunnar, um sólaruppkomu«. (Mark. 16, 1. 2).

Þá er þær komu í nánd við garðinn, sáu þær, sér til mikillar undrunar að himininn var allur uppljómaður, og fundu að jörðin skalf undir fótum þeirra. Þær flýttu sér til grafarinnar og urðu nú enn meir undrandi, er þær sáu að steininum var velt frá gröfni, og að hinir rómversku verðir voru farnir. [152]

Maria Magðalena kom til grafarinnar á undan hinum. Þegar hún sá að steinninn var tekinn burt, hljóp hún burt og sagði lærisveinum um það. Þegar hinar konurnar komu til grafarinnar, sáu þær að birta skein kringum gröfina, og er þær gægðust inn í hana, sáu þær að hún var tóm.

En þær komu skyndilega auga á fagurt ungmenni í skínandi klæðum, er sat við gröfina. Það var engillinn er hafði velt steininum burt. Hann sagði við þær:

»Óttist eigi! Því að eg veit, að þér leitið að Jesú, hinum krossfesta. Hann er eigi hér, því að hann er upprisinn, eins og hann sagði. Komið, sjáið staðinn, þar sem drottinn lá. Og farið nú með skyndi og segið lærisveinum hans: Hann er upprisinn frá dauðum; og sjá, hann fer á undan yður til Galileu; þar munuð þér sjá hann«. (Matt. 28, 5—7).

Og konurnar gægdust aftur inn í gröfina og sáu annan engil, er sagði við þær:

»Hví leitið þér hins lifandi meðal hinna dauðu? Hann er ekki hér, heldur er hann upprisinn, minnst þess, hvernig hann talaði við yður, meðan hann var enn í Galíleu, og sagði að mannsins sonur ætti að verða framseldur í hendur syndugra manna og verða krossfestur og upprísa á þriðja degi«. (Lúk. 24, 5—7).

Engillinn talaði við þær, um dauða Krists og upprisú.

Hann vakti athygli þeirra á þeim orðum, er Jesús hafði talað við þær, þá er hann sagði þeim frá dauða sinum og upprisú. Og nú skildu þær þýðinguna í orðum Jesú, og með nýrri von og nýju hugrekki, flýttu þær sér af stað, til að segja þessi fagnaðartíðindi.

[153] Maria var ekki viðstödd, er þetta skeði, en hún kom litlu síðar og með henni Pétur og Jóhannes, Þegar þeir, sem við gröfina voru, sneru aftur til Jerusalem varð María eftir við gröfina. Hún gat ekki yfirgefið þenna stað, fyr en hún fékk að vita hvað orðið væri af líkama drottins. Og er hún stóð þarna og grét, heyrði hún röddu, er spurði;

»Kona, hví grætur þú? Að hverjum leitar þú?«

Augu hennar voru svo þrútin af tárú, að hún sá ekki. hver það var sem talaði við hana.

Hún hélt það væri grasgarðsvörðurinn, og sagði við hann í bænarróm:

»Herra, hafir þú borið hann burt, þá segðu mér, hvar þú hefir lagt hann, og eg mun taka hann«.

Hún hugsaði, að ef gröf þessa ríka manns væri álitin of heiðarlegur staður fyrir drottinn hennar. þá mundi hún sjálf finna stað fyrir hann. En nú hljómaði Jesú eigin rödd fyrir eyrum hennar. Hann sagði:

»María!«

Hún þerraði burtu tárú og sá nú Jesúm. í gleði sinni gleymdi hún að hann hafði verið krossfestur, og rétti hendurnar móti honum og sagði:

»Rabbúni!« (meistari).

Jesús segir við hana: »Snert þú mig ekki, því að enn þá er eg ekki uppstiginn til föður míns; en far þú til bræðra minna og seg þeim: Eg stíg upp til föður míns og föður yðar, til guðs míns og guðs yðar«. (Jóh, 20, 15—17).

Jesús vildi ekki taka á móti tilbeiðslu vina sinna, fyr en hann vissi að faðirinn hefði tekið fórn hans gilda.

Hann fór upp] til sala himinsins, og fékk þá viðurkenningu af sjálfum guði, að friðþæging hans, fyrir syndir mannanna, væri fullkomin, svo að þeir fyrir hans blóð gætu öðlast eilíft líf.

Höfðingja lífsins var gefið alt vald á himni og jörðu. Hann kom í þennan synduga heim til þess að láta lærisveina sína fá hlutdeild í krafti sínum og dýrð.

* * * * *

Kaflí 30—Vitnin

[154] TIL Emaus, sem er lítið þorp, átta mílur frá Jerusalem, gengu
[155] tveir af postulunum, þegar kvöld var komið, þann sama dag er Jesús reis upp frá dauðum.

Þeir vissu ekki, hvað þeir áttu að halda, um þessa nýafstöðnu viðburði, einkum frásögn kvennanna, að þær hefðu séð englana og mætt Jesú eftir upprisuna.

Þeir sneru heim aftur, með þeirri hugsun að yfirvega þetta nákvæmlega og biðja guð um að veita þeim skilning á þessum hlutum, sem voru svo dularfullir fyrir þeim.

Meðan þeir voru á leiðinni, kom ókunnugur maður og slóst í för með þeim; en þeir voru svo niðursokknir í samtal sitt, að þeir tóku naumast eftir honum.

Þessir harðgerðu menn voru svo yfirkomnir af sorg, að þeir grétu. Hann sá í mildi sinni og kærleika, að hér var sorg, sem hann gat linað.

Hann gaf sig á tal við þá, sem ókunnur maður. En augu þeirra voru haldin, svo að þeir þektu hann ekki.

Og hann sagði við þá: »Hvaða samræður eru þetta, sem þið hafið ykkar á milli, á leið ykkar? Og því eruð þér svo daprir í bragði?«

[156] Og annar þeirra, að nafni Kleófas svaraði og sagði við hann: »Ert þú eini aðkomumaðurinn í Jerusalem og veist ekki það, sem gjörst hefir í henni á þessum dögum?«

Og hann sagði við þá: »Hvað þá«.

En þeir sögðu við hann: »Það, um Jesúm frá Nazaret, sem var spámaður, máttugur í verki og orði fyrir guði og öllum lýðnum«.
(Lúk. 24, 16—19).

Siðan sögðu þeir honum frá því, er gjörst hafði, og endurtóku frásögn kvennanna, er verið höfðu við gröfina, árla þenna morgun.

Þá sagði hann við þá:

»Ó, þér heimskir og í hjartanu tregir, til að trúá öllu því, sem spámennirnir hafa talað. Atti ekki Kristur að líða þetta og ganga inn í dýrð sína? Og hann byrjaði á Móse og öllum spámönnunum og

útlagði fyrir þeim í öllum rítningunum, það er hljóðaði um hann«. (Lúk. 24, 25—27).

Lærisveinarnir urðu orðlausir af undrun og gleði. Þeir þorðu ekki að spyrja þenna ókunna mann, hver hann væri. Þeir hlýddu með hinni mestu athygli á það, þegar hann útlistaði fyrir þeim köllun Krists.

Hefði Kristur strax látið lærisveinanu þekkja sig, þá hefðu þeir þegar verið ánægðir. Þeir hefðu orðið svo óumræðilega glaðir, að þeir hefðu ekki óskað neins meira.

En það var nauðsynlegt fyrir þá, að vita og skilja, hvernig líf Krists og starf var sagt fyrir í táknmyndum og spádómum gamla testamentisins. Á því urðu þeir að byggja trú sína.

Kristur gerði ekki neitt tákn til þess að fullvissa þá um þetta; en fyrst og fremst útlistaði hann fyrir þeim ritningarnar. Þeir höfðu skoðað dauða hans, sem þann viðburð, er kollvarpaði öllum vonum þeirra. Nú sýndi hann þeim, eftir spádómum ritninganna, að þessi viðburður væri einmitt grundvöllur trúar þeirra.

I þessu samtali við lærisveinana, sýndi Kristur, hve mikilsverðir vitnisburðir gamla testamentisins eru, viðvirkjandi köllun Krists.

Nú á dögum, eru þeir margir, sem vilja ekki hafa neitt með gamla testamentið að gjöra og halda því fram, að það hafi ekki lengur neitt gildi. En þetta er ekki kenning Krists. Hann virti það svo mikils, að hann sagði: »Ef þeir hlýða ekki Móse og spámönnunum, munu þeir heldur ekki láta sannfærast, þótt einhver rísi upp frá dauðum«. (Lúk. 16, 31).

[157]

Seint um kvöldið, komu lærisveinarnir heim til sín. Jesús lét, sem hann ætlaði lengra að fara. En þeir gátu ekki hugsað til þess að eiga að skilja við þenna förunaut, er hafði glatt og hughreyst þá svo mikið.

Þeir báðu hann því og sögðu: »Vertu hjá oss, því að kvölda tekur og liðið er á daginn«. (Lúk. 24, 28. 29).

Hinn fátæklegi kvöldverður, var skjótt tilbúinn, og Jesús tók sér sæti við enda borðsins, eins og hann var vanur. Það var venjulega siður, að húsráðandinn bæði guð að blessa máltíðina; en Jesús lagði hendur yfir brauðið og blessaði það. Þá opnuðust augu lærisveinanna.

Hvernig hann blessaði brauðið, hljómurinn af þessari rödd, er var þeim svo einkar kær, og naglaförin í höndum hans vitnaði all saman um, að hann væri þeirra elskaði meistari.

Eitt augnablik sátu þeir höggdofa; svo stóðu þeir upp og ælluðu að falla til fóta Jesú, en þá hvarf hann þeim skyndilega.

Af gleðinni, gleymdu þeir alveg, hungri sínu og þreytu. Þeir stóðu upp frá borðum, án þess að neyta nokkurs af matnum og flýttu sér til Jerusalem til þess að segja öðrum frá gleðiboðskapnum, um hinn upprisna frelsara.

»En þegar þeir voru að tala um þetta, stóð hann sjálfur meðal þeirra og segir við þá:

Friður sé með yður!« (Lúk. 24, 36).

[158] Þeir urðu fyrst hræddir, en þegar hann hafði sýnt þeim naglaförin
[159] í höndum sínum og fótum og hafði etið fyrir augum þeirra, trúðu þeir og létu huggast. í staðinn fyrir vantrúna og sorgina ríkti nú gleði og trú í hjörtum þeirra, og með tilfinningum, sem ekki er hægt að lýsa, könnuðust þeir við hann, sem þeirra upprisna frelsara.

Tómas var ekki viðstaddur í þetta sinn. Hann vildi ekki trúa frásögninni um upprisuna.

Að viku liðinni, komu lærisveinarnir aftur saraan, og þá var Tómas einnig viðstaddur. Jesús birtist þeim þá og sýndi þeim aftur merkin á höndum sínum og fótum. Tómas sannfærðist strax og sagði: »Drottinn minn og guð minn!« (Jóh. 20, 28).

Jesús útlistaði nú aftur fyrir þeim þá ritningarstaði, er hljóðuðu um hann. Því næst sagði hann þeim, að afturhvarf og fyrirgefning syndanna ætti að verða prédikað í hans nafni, fyrir öllum lýðum, og byrjunin ætti að vera í Jerusalem.

Fyrir himnaför sína, sagði hann við þá:

»En þér munuð öðlast kraft, er heilagur andi kemur yfir yður, og þér munuð verða vottar mínir, bæði í Jerúsalem og í allri Júdeu og Samariu og til yztu endimarka jarðarinnar«. »Og sjá, eg er með yður alia daga alt til enda veraldarinnar«. (Postulas. 1, 8; Matt. 28, 20).

Þið hafið verið mínir vottar, sagði hann, verið vottar að hinu sjálísafneitunarfulia lífi mínu til frelsunar heiminum. Þið hafið séð, að eg tek á móti öllum þeim, er tii mín koma og jála syndir sínar. Allir, sem vilja, geta friðþægst við guð og öðlast eilíft líf.

Nú eftirlæt eg yður, sem minum lærisveinum, þenna náðarboðskap. Hann skal tilkynnast öllum þjóðum, kynkvíslum og tungumálum.

Farið til yztu endimarka jarðarinnar, og eg mun ávalt vera með yður. Vinnið í trú og trausti til mín; því eg mun aldrei yfirgefa yður.

Þetta umboð, sem frelsarinn gaf postulum sínum, nær til allra trúaðra. Það tilheyrir öllum þeim, sem trúa á Krist, alt til enda veraldarinnar. Allir þeir, sem fá hlutdeild í lift Krists, verða að vinna að frelsun meðbræðra sinna.

Það eru ekki allir, sem geta prédikað fyrir fjölda áheyrenda, en allir geta hjálpað einstaklingnum. Allir þeir, sem hjálpa hinum nauðstöddu, hugga hina harmþrungnu og fræða syndarana um hinn óendanlega kærleika Krists, eru þjónar Krists. [160]

Þessir eru vottar Krists.

* * * * *

Kafli 31—Himnaför Jesú.

[161] JESÚS hafði fullkomnað endur-f lausnarverkið á jörðunni. Sá timi var kominn, er hann skyldi fara aftur til sinna himnesku heimkynna. Hann hafði sigrað og nú átti hann aftur að setjast við hlið föðursins, í hásæti Ijóssins og dýrðarinnar.

Jesús valdi Olúfjallið, sem þann stað, er hann fór frá tíí himins. Hann lagði af stað þangað, með hinum ellefu lærisveinum sínum. Þeir vissu ekki, að þetta ætti að vera þeirra síðustu samfundir við meistarann. Á leiðinni veitti Jesús postulum sínum hina síðustu fræðslu. Rétt áður en hann skildist við þá, gaf hann þeim hið dýrmæta fyrirheiti, sem sérhverjum lærisveini hans er svo innilega kært:

»Sjá, eg er með yður alia daga, alt til enda veraldarinnar«. (Matt 28, 20).

Þeir gengu yfir fjallið, þar til þeir komu i nánd við Betaníu.

Þar staðnæmdust þeir, og lærisveinarnir söfnuðust í kring um drotlinn. Hann horfði ástúðlega á þá og himnesk birta skein af ásjónu hans. Hin síðustu orð, er hljómuðu í eyrum þeirra, frá vörum frelsarans, vitnuðu um hina nákvæmleguslu og innilegustu umhyggju hans fyrir þeim.

[162] Með höndunum upplyftum, til blessunar, sté hann hægt upp frá

[163] þeim. Þá er hann fór þannig burt, urðu lærisveinarnir óltaslegnir, og störfðu óaflátanlega til himins, til þess að sjá bann, meðan mögulegt væri. Ský nam hann frá augum þeirra. Og á sama augnabliki bljómaði unaðslegur söngur frá englaskaranum.

Meðan lærisveinarnir stóðu þannig og störfðu til himins, heyrðu þeir hljómfagra rödd er ávarpaði þá. Þeir sneru sér við og sáu tvo engla, er sögðu við þá:

»Galíleumenn, því standið þér og horfið til himins? Þessi Jesús, sem var upp numinn frá yður, til himins, mun koma á sama hátt og þér sáuð hann fara til himins«. (Postulas. 1, 11).

Þessir englar voru úr hópnum, sem kom til að fylgja Jesú til hinna himnesku heimkynna hans. Af meðaumkvun og kærleika komu þeir

til þess að hugga og hughreysta þá, sem syrgðu hann, og láta þá vita að þessi aðskilnaður yrði ekki ævarandi.

Þegar postularnir komu aftur til Jerusalem, leit fólk undrandi á þá. Það hafði ímyndað sér að eflir dauða meistara þeirra, mundu þeir vera með hryggum huga. Óvinir þeirra höfðu vonast eftir að sjá mest bera á sorg og þrekleysi hjá þeim. En í þess stað báru þeir merki sigurs og gleði. Andlit þeirra ljómuðu af frið og hamingju, sem heimurinn getur ekki veitt.

Þeir syrgðu ekki sviknar vonir, en fylltust lofgjörð og þakklæti til guðs.

Með miklum fögnuði kunngjörðu þeir hina dýrðlegu upprisu Krists og himnaför, og margir trúðu vitnisburði þeirra.

Postularnir voru ekki lengur í óvissu, viðvíkjandi framtíðinni. Þeir vissu, að Jesús var á himnum, og að hann bar umhyggju fyrir þeim. Þeir vissu, að hann bar fórnarblóð sitt fram fyrir guð. Hann sýndi föðurnum hinar særðu hendur og fætur, sem merki þess, hvað hann liefði goldið fyrir sina endurleystu. Þeir vissu, að hann mundi koma aftur og allir hinir heilögu englar með hon- um, og þeir hugs- uðu, með miklum fögnuði og innilegri þrá til þess viðburðar. [164]

Þegar Jesús hvarf lærisveinunum, á Olúfjallinu, komu himneskir herskarar á móti honum, og fylgdu honum upp með gleði og sigursöng.

Við borgarhlið guðs ríkis er mikill englaskari, er bíður komu hans. Þegar Kristur nálgast hliðið, hrópa englarnir, sem með honum eru í fagnandi róm, til englanna við hliðin:

Þér hlið, lyftið hörðum yðar,
hefjið yður, þér öldnu dyr,
að konungur dýrðarinnar megi ganga inn.

Englarnir við hliðin spyrja:

Hver er þessi konungur dýrðarinnar?

Þetta segja þeir ekki, af því að þeir viti ekki, hver hann er, heldur af því að þeir vilja heyra hið sigrihrósandi svar:

Drottinn, hin volduga hetja,
drottinn, bardagahetjan.

Þér hlið, lyftiö höfðum yðar,
 hefjiö yður, þér ðldnu dyr
 að konungur dýr ðarinnar megi ganga inn.

Aftur spyrja englarnir við hliðin:

Hver er þessi konungur dýrðarinnar?

Hinir englarnir svara i fagnaðarróm:

Drottinn hersveitanna
 hann er konungur dýrðarinnar.

(Dav. sálm. 24, 7—10).

Þá opnast borgarhliðin, og englahersveitin fer inn um þau við unaðsfagan söng.

Allir herskarar himinsins umkringja höfðingja sinn, og hann sest í háseti föður sins. En hann getur enn ekki tekið á móli kórónu eða konunglegum skrudá.

Hann verður að frambera bænir fyrir föðurinn, viðvikjandi sínum útvöldu á jörðunni.

[165] Hann getur ekki tekið á móti heiðrinum, fyr en söfnuður hans stendur frammi fyrir hinum himneska alheimi, réttlættur og viðurk-endur. Hann biður um, að fólk hans fá i að koma þangað, sem hann er.

Ef að hann á að hljóta heiður, þá verður það að fá hlutdeild í honum með honum. Þeir, sem líða nieð honum á jörðunni, munu rikja með honum á himnum. Það er um þetta, sera Kristur biður fyrir söfnuð sinn.

Hann vill, að hann sjálfur og söfnuðurinn hafí sameiginleg áhuga-mál, og með langlundargeði og kærleika, sem er sterkari en dauðinn, framber hann þann rétt, er söfnuður hans hefir öðlast fyrir þjáningar hans og dauða.

Svar föðursins upp á þessa innilegu bæn, felst í þessari tilkynn-ingu:

»Allir englar guðs, skulu tilbiðja hann«. (Hebr. 1,6).

Allir foringjar hinna himnesku herskara, tilbiðja með fögnuði endurlausnarann. Hinar mörgu þúsundir engla falla fram fyrir hon-um, og fagnaðaróp þeirra hljómar í öllum sölum himinsins:

»Maklegt er lambið hið slátraða að fá máttinn og ríkdóm og visku og kraft og heiður og dýrð og lofgjörð!« (Op. 5, 12).

Öllum þeim, er feta í fótspor Krists, er veitt náð í hinum elskaða. Frammi fyrir öllum hersveitum himinsins, hefir faðirinn staðfest sálmálann við soninn, að hann vill veita viðtöku, þeim sem iðrast og eru hlýðnir, og mun elska þá eins og hann elskar son sinn.

Þar sem endurlausnarinn er, skulu og hinir endurleystu vera. Guðs sonur hefir unnið sigur, yfir myrkrahöfðingjanum og yfir gröf og dauða. Himininn endurrómar hinar fagnandi raddir, er syngja skaparanum lof:

»Honum, sem í hásetinu situr, og lambinu, sé lofgjörðin og heiðurinn og dýrðin og krafturinn um aldir aldal« (Op. 5, 13).

* * * * *

Kaflí 32—Endurkoma Krists.

[166] FRELSARI vor, mun koma aftur. Áður en hann skildist við
[167] lærisveina sína hér á jörðunni, gaf hann þeim fyrirheitið um það.

»Hjarta yðar skelfist ekki; trúið á guð og trúið á mig. Í húsi föður míns eru mörg híbýli; væri ekki svo, hefði eg sagt yður það. Því eg fer burt að búa yður stað; og þegar eg er farinn burt, og hefi búið yður stað, kem eg aftur og mun taka yður til sjálfs min, til þess að þér séuð þar sem eg er«. (Jóh. 14, 13).

Hann lét þá ekki vera í óvissu um það, á hvern hátt hann mundi koma. »En er mannsins sonur kemur í dýrð sinni og allir englarnir með honum, þá mun hann sitja í hásæti dýrðar sinnar, og allar þjóðirnar munu safnast saman frammi fyrir honum«. (Matt. 25, 31. 32).

Hann varaði þá við því, að láta ekki leiða sig afvega. »Ef þeir því segja við yður: Sjá, hann er í óbygðinni, — þá farið eigi út þangað, sjá, hann er í herbergjum, — þá trúið eigi. Því eins og eldingin gengur út, frá austri og sést alt til vesturs, þannig mun verða tilkoma mannsins sonar«. (Matt. 24, 26. 27).

[168] Þessi aðvörun nær til vor. Það eru falskir kennimenn nú, sem segja: »Sjá, hann er í óbygðinni«, og þúsundir manna fara út í óbygðina í von um að finna Krist þar.

Og þúsundir, sem segjast hafa samfélag við hina dauðu anda, kunngjóra: »Sjá, hann er í herbergjunum«. Þetta er fullyrðing andatrúarinnar.

En Kristur segir: »Trúið eigi. Því eins og eldingin gengur út frá austri og sést alt til vesturs, þannig mun verða tilkoma mannsins sonar«.

Við himnaför Krists, sögðu englarnir lærisveinunum, að hann mundi »koma aftur á sama hátt« og þeir hefðu séð hann fara til himins. (Postulas. 1, 11). Hann sté upp til himins likamlega, og þeir sáu hann, þá er hann skildist frá þeim, og ský nam hann frá augum þeirra. Hann mun koma aftur í stóru hvítu skýi, »og hvert auga mun sjá hann«. (Op. 1, 7).

Einungis dagurinn og stundinn er óviss. Kristur sagði lærisveinum, að hann vissi ekki sjálfur þann dag eða stund er hann kæmi aftur. En hann nefndi þessa viðburði, sem merki þess, er koma hans væri í nánd.

»Og tákn mun verða á sólu, tungli og stjörnum«. (Lúk. 21, 25). Og hann skýrði það enn nákvæmar: »Sólin mun sortna og tunglið eigi gefa skin sitt, og stjörnurnar munu hrapa af himni«. (Matt. 24, 29).

»Á jörðunni«, sagði hann, »mun verða angist meðal þjóðanna í ráðaleysi við dunur hafs og sjávar; og menn munu gefa upp öndina af ótta og kvíða fyrir því, er koma mun yfir heimsbygðina, því kraftar himnanna munu bifast«. (Lúk. 21, 25. 26).

»Og þær munu sjá mannsins son, komandi á skýjum himins, með mætti og mikilli dýrð. Og hann mun senda út engla sína með hlómsterkum lúðri, og þeir munu safna saman hans útvöldum, frá áttunum fjórum, himinsendanna á milli«. (Matt. 24, 30. 31).

Síðan bætir hann við: »En nemið líkinguna af fíkju trúna: Þegar greinin á því er orðin mjúk og fer að skjóta út laufin, þá vitið þér, að sumarið er í nánd«. (Matt. 23, 32. 33).

[169]

Kristur hefir gefið oss tákn upp á komu sína. Hann segir, að vér getum vitað, þegar hann er fyrir dyrum. Þegar trén skjóta út laufum sínum á vorin, vitum vér, að sumarið er í nánd. Þannig getum vér og, þegar táknin sjást á sólu, tungli og stjörnum, vitað, að koma Krists er í nánd.

Þessi tákn hafa komið í ljós. Hinn 19. maí 1780 var sólmyrkvi. Í veraldarsögunni gengur sá dagur undir nafninu »hinn dimmi dagur«. Í austurhluta NorðurAmeríku varð myrkrið svo svart, að fólk varð víða að kveikja ljós um miðjan daginn. Og þótt tunglið væri í fyllingu, lýsti það ekkert fyrir en eftir miðnætti.

Margir héldu að dagur dómsins væri kominn.

Engin fullnægjandi orsök, hefir nokkurn tíma fundist fyrir þessum undraverða sólmyrkva, önnur en orð Krists. Sól og tunglmyrkvinn var tákn komu hans.

Hinn 13. nóv. 1833 varð hið undraverðasta stjörnuhrap, sem menn nokkurntíma hafa séð. Aftur voru þúsundir sem héldu að dagur dómsins væri kominn.

Og síðan þetta skeði hafa landskjálftar, fellibyljir, flóðöldur, drep-sóttir, hungursneyð og eyðilegging af eldi og vatnavöxtum stöðugt farið vaxandi.

Alt þetta, og einnig angistin meðal þjóðanna, vitnar um, að koma drottins er nálæg.

Um þá, er sáu þessa viðburði, segir hann: Þessi kynslóð mun eigi liða undir lok, uns þetta alt kemur fram«. (Matt. 24, 34. 35).

»Sjálfur drottinn mun með kalli, með höfuð engils raust og með básúnu guðs, stíga niður af himni; og þeir, sem í Kristi eru dánir, munu fyrst upprisa; síðan munum vér, sem lifum, sem eftir erum, verða ásamt þeim hrifnir burt í skýjum til fundar við drottinn í loftinu; og síðar munum vér vera með drottni alla tíma. Huggið því hver annan með þessum orðum«. (1. Þess. 4, 16—18).

[170] Kristur mun koma aftur; hann mun koma í skýjunum með mikilli dýrð. Mikill flokkur engla fylgir honum.

Hann kemur til þess að uppvekja hina dauðu og til þess að umbreyta hinum heilögu, sem lifa, að þeir verði dýrðlegir.

Hann kemur til þess að veita heiður, þeim er hafa elskad hann og haldið boðorð hans, og til þess að taka þá heim til sín. Hann hefir ekki gleymt þeim, ekki heldur fyrirheiti sinu til þeirra.

Fjölskyldur munu sameinast aftur. Þegar vér í síðasta sinni virðum fyrir oss vora framliðnu ástvini, getum vér því með fögnuði, hugsað til hins dýrðlega morguns, »þegarlúður guðs hljómar, og hinir dauðu rísa upp óförgengilegir, og vér munum umbreytast«. (1. Kor. 15, 52).

Tfminn er í nánd. Einungis stutt stund enn, og vér munum sjá konuuginn í dýrð bans. Einungis stutt stund enn, og hann mun þerra hvert tár af augum vorum. Einungis stutt stund enn, og hann mun láta oss koma fram »fyrir dýrð sína, lýtalaus í fögnuði«. (Júd. 24).

Því sagdi hann, þegar hann gaf oss tákni komu sinnar: »En þegar þetta tekur að koma fram, þá lítið upp og lyftið upp höfðum yðar, því að lausn yðar er í nánd«. (Lúk. 21, 28).

* * * * *

Kaffi 33—Dómsdagur

TILKOMUDAGUR Krists, mun verða dómsdagur fyrir heiminn. [171]

Ritningin segir: »Sjá, drottinn kemur með sinum heilögu þúsundum til að halda dóm yfir öllum«. (Júd. 14).

»Allar þjóðir munu safnast saman frammi fyrir honum, og hann mun skilja þá hverja frá öðrum, eins og hirðirinn skilur sauðina frá höfrunum«. (Matt. 25, 32).

En áður en þessi dagur kemur, hefir guð aðvarað oss og látið oss vita, hvað verða mundi. Hann hefir ávalt varað mennina við komandi hegningu. Sumir hafa gefið gaum að viðvöruninni og breytt eflir orði guðs. Þeir hafa komist undan refsidómnum, en hann hefir komið yfir hina óhlýðnu og vantrúuðu.

Áður en guð eyðilagði jörðina með vatnsflóði, sagði hann við Nóa: »Gakk þú og alt þitt hús í örkina; því eg hefi séð þig réttlátan fyrir minni auglýsingu á þessari öld«. (1. Mós. 7, 1). Nói hlýddi guði og bjargaðist. Áður en Sódóma var eyðilögð, kom engill til Lots og sagði við hann: »Tak þig upp og far úr þessum stað, því drottinn mun eyðileggja staðinn«. (1. Mós. 19, 15). Lot gaf gaum að aðvörun drottins og bjargaðist.

Þannig erum vér einnig aðvaraðir nú, viðvikjandi endurkomu Krists og þeirri eyðileggingu, er koma mun yfir jörðina, og allir þeir, sem gefa gaum að þessari viðvörun, munu bjargast. [172]

Pegar hinir réttlálu sjá Krist koma, munu þeir hrópa: [173]

»Sá, þessi er vor guð; vér vonuðum á hann, og hann frelsaði oss«. (Es. 25, 9).

Vegna þess, að vér vitum ekki nákvæmlega fyrir þann tíma, er hann mun koma, erum vér ámintir um að vera vakandi: »Sælir eru þeir þjónar, sem drottinn finnur vakandi, þegar hann kemur«.

Þeir, sem vaka og bíða eftir komu Krists, mega ekki vera skeytingarlausir. Eftirvæntingin eftir komu drottins, á að kenna mönnunum að óttast guðs dóm yfir hinum óguðlegu, svo að þeir snúi sér frá syndinni og hætti að brjóta boðorð guðs.

Meðan vér bíðum eftir komu drottins, eigum vér að vinna trúlega fyrir hann. Yissan fyrir því, að hann er rétt fyrir dyrum, á að knýja oss til þess að vinna með meiri ótrauðleik að frelsun meðbræðra vorra.

Eins og Nói, fyrir syndaflóðið tilkynti fólkinu aðvörun guðs, þannig eiga og allir þeir, sem hafa fengið réttan skilning á guðs orði, að vara fólkið við þessum tímum.

»En eins og á dögum Nóa, þannig mun verða tilkoma mannsins sonar; því að eins og menn á þeim dögum, dögum á undan flóðinu, átu, drukku, kvæntust og giftust, alt til þess dags, er Nói gekk inn í örkina, og vissu ei af fyr en flóðið kom og tók þá alia, — þannig mun verða tilkoma mannsins sonar«. (Matt. 24, 37—39).

A dögum Nóa, misbrúkaði fólkið gjafir guðs. Það lifði í ofáti og ofdrykkju og allskonar óhófi. Það gleymdi guði og iðkaði allskonar lesti.

»Og drottinn sá, að ilska mannsins varð mikil á jörðunni, og ad allar hugrenningar hjarta hans, voru ekki annad en ilska alla daga«. (1. Mós. 6, 5). Það var vegna óguðleika mannanna, að þeir voru eyðilagdir þá.

[174] Mennirnir breyta á sama hátt nú. Drykkjuskapur og allskonar óhóf, stjórnlausar ástríður og lestir eiga sér stað í veröldinni og gera mennina óguðlega.

Á dögum Nóa, var veröldin eyðilögð með vatni.

Guðs orð kennir oss, að nú verði jörðin eyðilögð með eldi. »Himnarnir voru til forðum, fyrir guðs orð, og við það gekk vatnsflóðið yfir þann heim, sem þá var, svo að hann fórst; en þeir himnar, sem nú eru, og jörðin, geymast eldinum, fyrir hið sama orð og varðveitast til þess dags, er hinir óguðlegu menn munu dæmast og tortimast«. (2. Pét. 3, 5—7).

A dögum syndaflóðsins gjörði fólkið gys að viðvörun guðs. Það kallaði Nóa draumóramann og sagði, að hann vildi gjöra uppþot út af engu til þess að ónáða það. Hinir mestu og lærðustu menn sögðu, að slíkt vatnsflóð, sem hann sagði að mundi koma, hefðu menn aldrei þekt, og það mundi því aldrei koma.

Nú á tímum, gefa menn einnig litlun gaum að orðum guðs. Þeir hlæja að viðvörunum guðs. Margir segja, að »alt haldi áfram að vera eins og það hafi verið frá upphafi sköpunarinnar«, og að ekkert sé að óttast.

Einmitt á þessum tímum, mun eyðileggingin koma. Meðan mennirnir spyrja háðslega: »Hvað verður af fyrirheitinu um tilkomu hans?« koma táknið fram.

»Þegar menn segja: Friður og enginn hætta! Þá kemur snögglega tortíming yfir þá og þeir munn alls ekki undan komast«. (1. Þess. 5. 3),

Kristur segir: »Ef þú nú vakir ekki, mun eg koma eins og þjófur, og þú munt alls ekki vita á hverri stundu eg kem yfir þig«. (Op. 3, 3).

A vorum dögum, hafa mennirnir einnig allan hugann á því, að eta og drekka, byggja, sá og uppskera, kaupa og selja, kvænast og giftast. Þeir sækjast eftir hárrí stöðu og mannvirðingum. Veikir af löngun eftir skemtunum sækja þeir leikhúsin, veðreiðarsviðin, spilahúsin og aðra þess háttar staði. Alstaðar er reiði og æsing, og þó er næstum komið að enda reynslutímans, og dyr náðnrinnar munu innan skamms lokast að eilífu. Þessi aðvörunarorð frelsara vors eru töluð til vor:

[175]

»En gætið sjálfra yðar, að hjörtu yðar ekki ofþyngist við svall og drykkjuskap og áhyggju fyrir þessu lífi, og komi svo þessi dagur skyndilega yfir yður«. (Lúk.21,34).

»Verið því ávalt vakandi og biðjandi, til þess að þér megnið að umflýja alt þetta, sem fram mun koma, og að standast frammi fyrir mannsins svni«. (Lúk. 21, 36).

»Þá vakið, því að þér vilið ekki, hvenær húsbóndinn kemur, hvort að kveldi eða um miðnætti, eða um hanagal, eða morgni, að hann hitti yður ekki sofandi, er hann kemur. En það sem eg segi yður, það segi eg öllum: Vakið!« (Mark. 13, 35—37).

»Sá, sem vottar þetta, segir: já, eg kem skjótt! Amen. Kom þú, drottinn Jesú! Náðin drottins Jesú sé með hinum heilögu. Amen«. (Op. 22, 20. 21).

* * * * *

Kaffi 34—Dómsdagur

[176]

Su kemur tíð, að dómsins lúður dynur
í daudans ótta skelfur haf og land.
Sú kemur tíð, að hrapar alt og hrynur,
og háar borgir falla niður í sand.
Þá verður eigi undan hægt að flýja,
og eigi hægt að reisa bæi nýja.

Sú kemur tíö, að fósturlandid fríða,
er fyr á öldum reis úr djúpum sjá,
í undirdjúpið aftur hverfur víða,
því alt fer þangað, sem það kemur frá;
af eldi kviknað allt mun síöar brenna
og öll mun jörö í glóðum sundur renna!

»En hvenær?« spyr þú; það veit enginn, enginn
ei utan Guö, er dylur þess oss menn.
Það lokað er og lykillinn ei fenginn
að leyndardómi þeim er nokkrum enn.
En gætid yðar, ráð í tíma takið
og teljið yðar daga, biöjið, vakið.

* * * * *

Kafli 35—Heimkynni hinna frelsuðu.

TILKOMUDAGUR Krists verður eyðileggingardagur, einungis fyrir hid illa. Hann verður lausnardagur ekki einungis fyrir guðs börn, en einnig fyrir jörðina. [177]

Guð skapaði jörðina, til þess að hún skyldi verða heimkynni manna.

Hér bjó Adam í hinum fagra aldingarði, sem sjálfur guð hafði prýtt. Og þó að syndin hafi spilt verkum guðs, hefir guð þó ekki algjörlega yfirgefið mennina, né breytt áformi sínu, viðvikjandi þessari jörð.

Til þessarar jarðar, hafa englar verið sendir með endurlausnarboðskapinn, og fjöll og dalir hafa bergmálað fagnaðarsöngva þeirra. Guðs sonur hefir sjálfur gengið um kring hér á jörðinni.

Og í meir en sex þúsund ár hefir jörðin, með fegurð sinni og hinum dýrmætu gjöfum, er hún hefir látið mönnunum falla í skaut, vitnað um kærleika skaparans.

Þessi sama jörð, á að hreinsast frá bölvun syndarinnar og verða hið eilífa heimkynni manna. Ritningin segir um jörðina, að »guð skóp hana ekki til þess að hún skyldi vera óbygð auðn, heldur til þess að hún væri bygð«. (Es. 45, 18). »Alt það sem guð gjörir, varir eilíflega«. (Préd. 3, 14). [178]

Því sagði frelsarinn í fjallræðinni: »Sælir eru hógværir, því þeir munu erfa landið«. (Matt. 5, 5). [179]

Því hefir einnig sálmaskáldið fyrir löngu sagt: »Hinir voluðu fá landið til eignar, gleðjast yfir ríkulegri gæfu«. (Dav. sálm. 37, 11).

Þessu samkvæm eru og þessi ritningarorð: »Þeir réttlátu erfa landið og búa eilíflega í því«. (Orðskv. 11, 31; Dav. sálm. 37, 29).

Á hinum efsta degi mun eldurinn eyðileggja »himnana og jörðina, sem nú er; en vér væntum nýs himins og nýrrar jarðar«. (2. Pét. 3, 7. 13). Himnarnir og jörðin mun endurnýjast.

Það sem auga sá ekki, og eyra heyrði ekki, og ekki kom uppí hjarta mannsins, alt það sem guð fyrirbjó þeim er elska hann«. (1. Kor. 2, 9).

Enginn mannleg tunga megnar að lýsa hinu dýrðlega endurgjaldi hinna réttlátu. Það geta þeir einir skilið, er sjá það.

Vér getum ekki haft hugmynd um dýrðina í guðs Paradís.

Og þó getur þessu landi brugðið fyrir í huga vorum; því »guð hefir opinberað oss það fyrir andann«. (1. Kor. 2, 10).

Þær myndir í biblíunni, sem guð hefir gefið oss af þessu landi, eru í sannleika dýrmætar fyrir hjarta vort.

Þar mun hinn himneski hirðir leiða hjörð sína að lifandi vatnslindum. Lífsins tré, ber ávöxt á mánuði hverjum og blöð þess eru til lækningar þjóðunum.

Þar eru sírennandi vatnsstraumar, skínandi sem krystall, og beggja vegna þeirra, eru laufrúðug tré, sem varpa skuggum sínum yfir strætin sem drottins útvöldu er ætlað að ganga. Þar eru fagrar sléttur og í fjarska sjást hæðir, og fjallið helga gnæfir þar hátígnarlegt með sínum fögru tindum.

[180] Á þessum friðsamlegu sléttum og við þessar lifandi vatnslindir á guðs folk, sem svo lengi hefir verið pilagrimar og útlendingar, að búa. »Þjóð mín skal búa í heimkynni friðarins, í hóbýlum öruggleikans í rósömum bústöðum«. (Es. 32, 18). »Þar skal ekki frammar heyrast getið um ofríki né um tjón og tortíming innan landamerkjna þinna. Þú skalt kalla hjálpræði múra þina og sigurfrægð hlið þín«. (Es. 60, 18).

»Þeir munu reisa hús og búa í þeim, þeir munu planta víngarða og eta ávöxtu þeirra. Eigi munu þeir reisa og aðrir búa, eigi munu þeir planta og aðrir eta . . . mínir útvöldu skulu sjálfir njóta handaverka sinna«. (Es. 65, 21, 22).

»Eyðimörkin og hið þurra landið skal gleðjast; öræfin skulu fagna og blómgast sem lilja«. »Þar, sem áður voru þyrnirunnar, mun kyprusviður vaxa, og þar, sem áður var lyng, mun myrtusviður vaxa«. (Es. 35, 1; 55, 13).

»Þamun úlfurinn búa hjá lambinu, og pardusdýrið liggja hjá kiðlingnum, . . . og smásveinninn mun gæta þeirra«. Drottinn segir: »Hvergi á rínu heilaga fjalli munu menn ilt fremja eða skaða gjöra«. (Es. 11, 6. 9).

Þar mun ekkert tár renna, þar verður engin líkfylgd, engin sorgarklæði. »Dauðinn mun ekki frammar til vera, hvorki harmur né vein né kvöl er frammar til; hið fyrra er farið«. (Op. 21, 4). »Og enginn

borgarbúi mun segja: Eg er sjúkur. Fólkið sem þar býr, hefir fengið fyrirgefning misgjörða sinna«. (Es. 33, 24).

Þar er hin nýja Jerusalem, höfuðborgin á hinni dýrðlegu nýju jörð, »hin fagra kóróna í hendi drotlins«.

Ljómi hennar er »líkur dýrasta steini, sem jaspíssteinn krystal-skær«. »Og þjóðirnar munu ganga í ljósi hennar, og konungar jarðarinnar færa henni dýrð sina«. (Es. 62, 3; Op. 21, 11. 24).

Drottinn segir: »Eg vil fagna yfir Jerusalem, og gleðjast yfir fólki mínu«. »Tjaldbúð guðs er meðal mannanna, og hann mun búa hjá þeim, og þeir munu vera fólk hans, og guð sjálfur mun vera hjá þeim, þeirra guð«. (Es. 65, 19; Op. 21, 3).

A hinni nýju jörð, skal einungis réttlætið búa. »og alls ekkert óhreint skal inn í hana ganga, né sá sem fremur viðurstygð eða iðkar lygi«. (Op. 21, 27). [181]

Guðs heilaga lögmál mun verða heiðrað af sérhverri veru undir sólunni. Þeir, sem hafa verið guði trúir, með því að halda boðorð hans, skulu búa hjá honum.

»Og í munni þeirra er enga lygi að finna«. Þetta eru þeir, sem komnir eru úr þrengingunni hinni miklu, og hafa þvegið skykkjur sínar og hvítfágað þær í blóði lambsins. Þess vegna eru þeir frammi fyrir háseti guðs, og þjóna honum nótt og dag í musteri hans«. (Op. 14, 5; 7, 14. 15).

* * * * *

»Drottins boðorð eru rétt, ... sá, sem varðveitir þau, hefir mikil laun«. (Dav.sálm. 19, 9—12).

»Sælir eru þeir, sem halda guðs boðorð, til þess að þeir geti fengið aðgang að lífsins tré, og megi ganga um hliðin inn í borgina«. (Op. 22, 14).

* * * * *